

**SKOÐUN** Virkt fjármálaeftirlit er undirstaða endurreisnar, skrifar Aðalsteinn Leifsson. 26



**MENNING** Gunnar Örn smíðar gítar sem bjóða á upp til ágóða fyrir styrktarfélag hjartveikra barna. 62



**SPORT** Kolbeinn Sigþórsson slær helstu stjörnuframherjum Evrópu við í markaskori í landsleikjum. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
12. september 2013
214. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Mótmælandi krefst bóta**
Maður sem handtekinn var framan við bandaríska sendiráðið á Laufásvegi krefst skaðabóta. 12

**Tíu vakta 400** Engar áætlanir eru hjá Reykjavíkurborg um að fjölga á næturvakt hjá þjónustuíbúðum aldraðra. 4

**Áætlun sem dugar** Rússar segjast hafa fundið lausn á deilunni um efnavopnabúr Sýrlandsstjórnar. 6

**Holskefla kynferðisbrota** Yfir 500 kynferðisbrot hafa verið kærð til lögreglu frá áramótum. Það er metfjöldi. 10

**Vonbrigði með síma** Nýjasta útspil Apple á símamarkaðnum fellur í grýttan jarðveg hjá gagnrýnendum. 16




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | V | 6 |
| Akureyri | 7° | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 11° | SV | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | SV | 3 |
| Reykjavík | 10° | SV | 8 |

**Hvassast A-til** Í dag má búast við SV 10-15 m/s A-til og við suðurströndina en hægari vindur annars staðar. Skúrir í flestum landshlutum, síst SA-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Hausttíska | Fólk




# Samninganefndin við ESB formlega leyst frá störfum

Utanríkisráðherra leysir samninganefnd, samningahópa og samráðsnefnd vegna viðræðna við Evrópusambandið formlega frá störfum. Í bréfi til nefndarmanna segir að þetta þýði þó ekki að viðræðum við Evrópusambandið hafi verið slitið. „Það er önnur og sérstök ákvörðun,“ segir í bréfi utanríkisráðuneytisins.

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur sent nefndarmönnum samninganefndar Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið bréf þess efnis að nefndin, ásamt samningahópunum tíu og samráðsnefnd, hafi formlega verið leyst frá störfum.

Vísað er til þeirrar stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar að hlé verði gert á aðildarviðræðum við ESB og þeim ekki haldið áfram án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Með vísan til framangreindrar stefnumörkunar og að teknu tilliti til þess að óvíst er hvort og þá hvenær viðræður hefjast á ný þykir rétt að leysa samninganefnd, samningahópa og samráðshóp formlega frá störfum,“ segir í bréfinu, sem dagsett er 6. september og undirritað af Einari Gunnarssyni, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, fyrir hönd ráðherra.

„Þá er rétt að árétta að lausn samninganefndar og hópa frá störfum þýðir ekki að viðræðum hafi verið slitið. Það er önnur og sérstök ákvörðun,“ segir einnig í bréfinu.

Í samninganefndinni sitja sautján manns, sem allir hafa nú verið leystir frá störfum. Að auki hafa tugir manna setið í samningahópunum tíu og samráðshópnum.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í síðasta mánuði, á fundi með utanríkismálanefnd Alþingis, að hann væri að íhuga að leysa samninganefnd Íslands og einstaka hópa frá störfum.

Össur Skarphéðinsson, forveri Gunnars Braga í embætti utanríkisráðherra, sagði við það tækifæri að gerði Gunnar Bragi alvöru úr því væri hann að ganga á bak eigin orða: „Hann hafði lýst því yfir opinberlega að það ætti að gera úttekt á stöðunni í Evrópusambandinu og stöðu viðræðna og leggja það fyrir þingið. Síðan yrðu teknar ákvarðanir í framhaldi af því,“ sagði Össur í viðtali á Stöð 2. -gb

## Eðlilegt skref að mati ráðherra



„Þetta er bara framhald út af því hléi sem gert hefur verið og á ekki að koma neinum á óvart,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og tekur fram að ESB hafi gert slíkt hið sama og sett sitt samningafólk til annarra starfa. Hann segir enga ástæðu hafa verið til að bíða úttektar þingsins á stöðunni gagnvart ESB, sem leggja átti fram í haust. „Nei, það er engin ástæða til þess vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur talað skýrt um að hún ætlar ekki að halda áfram viðræðum.“




**RITHÖFUNDAR MÓTMÆLA** John Ralston Saul, forseti PEN International, fór fyrir fjölmennum hópi listamanna sem afhenti sendiherra Rússlands mótmælaskjal fyrir utan sendiráðið í gær. Rithöfundarnir hvetja rússnesk stjórnvöld til þess að virða tjáningar- og málfrelsið. PEN-samtökin halda þing sitt hér á landi samhliða bókmenntahátíð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorgerður Katrín hlakkar til:

## Dæmir með Bubba í Ísland Got Talent

**SJÓNVARP** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verður einn dómara í hæfileikakeppninni Ísland Got Talent sem hefst á Stöð 2 í desember. Hún mun flakka landshorna á milli ásamt Bubba Morthens, Jóni Jónssyni og Þórunni Antoníu. Saman skera þau úr um hver verði tíu milljónum ríkari. Hún óttast ekki að sitja í rútu með hinum hreinskilna Bubba. „Ég held að það sé frekar eitthvað sem maður hlakkar til.“ - hva / sjá síðu 62



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Tuttugu yfirlæknar og prófessorar lýsa alvarlegu ástandi á lyflækningasviði:

# Óttast óbætanlegt tjón á LSH

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ein meginstoðin í gangverki Landspítala, lyflækningasviðið, glímir nú við erfiðleika sem gætu hæglega valdið óbætanlegu tjóni ef ekki verður tafarlaust brugðist við með viðeigandi aðgerðum,“ segir í grein sem 20 yfirlæknar og prófessorar á Landspítalanum skrifa í Fréttablaðið í dag.

Í greininni er fjallað um það ófremdarástand sem ríkir á lyflækningasviði sjúkrahússins vegna langvarandi niðurskurðar og atgervisflótta almennra lækna og sérfræðinga. „Staðan á lyflækningasviði er grafalvarleg og ástandið gæti haft keðjuverkandi áhrif á önnur svið sjúkrahússins sem einnig eiga undir högg að sækja,“ segja læknarnir. Nú þegar sé fækkun lækna í einstökum sérgreinum orðin grafalvarleg.

Þá er fjallað um trúnaðarbrest milli almennra lækna og stjórnenda spítalans og hversu mikið laun lækna hafa dregist aftur úr öðrum stéttum. Húsnæði Landspítalans sé úr sér gengið, starfsaðstaða ófullnægjandi og tækjakostur bágur. Læknarnir segja að skjótra aðgerða sé þörf ef ekki eigi illa að fara.

> **Ástandið á lyflækningasviði er grafalvarlegt og ástandið gæti haft keðjuverkandi áhrif á önnur svið sjúkrahússins.**
> *20 læknar á Landspítala*

-jme / sjá síðu 26







## SPURNING DAGSINS



Guðrún, eru Hafnfirðingar lítið fyrir glimmer?

**„Við erum mjög glysgjörn. Við elskum glimmer.“**

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir er bæjarstjóri í Hafnarfirði. Í bæjarstjórn deila menn um úthlutanir lóða við Skarðshlíð en þar nefnist ein gatan Glimmerskarð.

Formaður Landverndar ánægður með endurskoðun á Bjarnarflagsvirkjun:

# Fagna nýju mati í Bjarnarflagi

**ORKUMÁL** „Við fögnum því að það er verið að opna á þann möguleika að þetta verði skoðað betur,“ segir Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar. Landsvirkjun kynnti í gær úttekt verkfræðistofunnar Eflu á núgildandi mati á umhverfisáhrifum fyrir Bjarnarflagsvirkjun.

Helstu niðurstöður verkfræðistofunnar voru að áhrif lítilla jarðskjálfta vegna djúplosunar affallsvatns í Bjarnarflagi væru vanreifuð í gildandi umhverfismati virkjunarinnar frá 2003. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, vill því að sá þáttur verði metinn á ný. Hörður segir að 15 mánuðir gætu liðið frá ákvörðun um umhverfismat þar til framkvæmdir hefjast ef matið verður virkjuninni hagfellt.

Guðmundur segir samtökin helst hafa áhyggjur af áhrifum virkjunarinnar á grunnstreymi í Mývatn sem geti haft áhrif á lífríkið.

Hann vonast þó til þess að það verði alfarið fallið frá framkvæmdinni. „Ég held að það verði alltaf tekin of mikil áhætta með virkjunarframkvæmdum þarna,“ segir Guðmundur Hörður. - vg



**Það verður alltaf tekin of mikil áhætta með virkjanaframkvæmdum þarna**

*Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar*

Framtíð Vatnsmýrarinnar:

# Borgin hefur skipulagsvaldið

**STJÓRNMÁL** Kristján L. Möller sagði á Alþingi í gær að lokaorrusta um framtíð Reykjavíkurflugvallar myndi ná hámarki í borgarstjórnarkosningum í vor.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra upplýsti að hún hefði átt í viðræðum við borgina um að flugvöllurinn geti starfað með tveimur flugbrautum lengur en til ársins 2016. Hún sagði ríkið verða að virða þá staðreynd að Reykjavíkurborg hafi skipulagsvaldið á svæðinu. - hks



**HITTIR FÓLKIÐ** Frans páfi faðmar ungan dreng á Sankti Péturstorginu í Vatíkaninu í gær. Páfi mætir vikulega á torgið til að blanda geði við fólk sem kemur víða að til að berja hann augum. NORDICPHOTOS/AFP

Frans páfi fundaði með yfirmönnum kaþólsku kirkjunnar:

# Unnið að umbótum í Vatíkaninu

**VATÍKANIÐ Frans páfi fundaði í þrjár klukkustundir á þriðjudag með yfirmönnum allra deilda Vatíkansins, að því er fram kemur í umfjöllun Washington Post í Bandaríkjunum.**

**Páfi er sagður hafa lýst vilja sínum til þess að koma á meiri samvinnu og gagnsæi í störfum kaþólsku kirkjunnar þar sem stjórnarhættir hafa alla jafna verið í þá veru að leynd hefur hvílt yfir ákvarðanatöku og skipanir komið að ofan.**

**Um það bil þrjátíu manns sóttu fundinn, þar á meðal æðstu menn átta söfnuða og tólf ráða Vatíkansins, auk yfirmanna dómskerfis og úr stjórnsýslu Vatíkansins.** - óká

Tekjumunur aldrei meiri:

# Tíu prósent fá helming tekna

**BANDARÍKIN, AP** Í Bandaríkjunum hefur munur á tekjum fólks ekki mælst meiri frá því á þriðja áratug síðustu aldar.

Tekjuhæsta prósentið fékk í fyrra í sinn hlut 19 prósent af heildartekjum bandarískra heimila en tekjuhæstu tíu prósentin eru með 48,2 prósent teknanna.

Tekjur auðugustu manna í Bandaríkjunum minnkuðu mikið í kreppunni á árunum 2007 til 2009, eða um meira en 36 prósent. - gb

Skipt út hjá Dow Jones:

# Alcoa fer út úr úrvalsvísitölu

**VIÐSKIPTI** Alcoa, móðurfélag Fjarðaáls, hverfur úr úrvalsvísitölu Dow Jones tuttugasta þessa mánaðar. Vísitalan byggir á hlutabréfaverði 30 stórfyrirtækja. Einnig hverfa úr vísitölunni Bank of America og Hewlett Packard. Í staðinn koma Nike, Visa og Goldman Sachs.

Í umfjöllun Wall Street Journal er brotthvarf Alcoa úr vísitölunni ekki sagt koma á óvart, fremur komi á óvart að fyrirtækið hafi ekki horfið fyrr úr vísitölunni. - hrs

# Raki í húsnæði 20 prósenta Íslendinga

Skýr tengsl milli rakaskemmda og heilsuvanda. Málþing sérfræðinga um raka og myglu. Ekki reynt að finna sökudólga heldur á að efla samvinnu og umræðu.

**HÚSNÆÐI** Um 20 prósent Íslendinga segjast vera með vatnsleka í híbýlum sínum en sjö prósent með sýnilega myglu eða skemmd gólfefni vegna raka. Öndunarfæraeinkenni hjá þeim sem búa í rakaskemmdum híbýlum eru 30 til 50 prósentum algengari en hjá þeim sem ekki búa við raka. Þetta eru niðurstöður samnorrænnar rannsóknar vísindamanna sem gerð var árið 2000.

„Þetta var 15.500 manna úrtak og rannsóknin var hluti af könnun í Norður-Evrópu,“ segir María Gunnbjörnsdóttir, yfirlæknir á ofnæmisdeild Landspítalans. Hún er einn þeirra sérfræðinga sem taka þátt í málþingi um raka og myglu í byggingum á Grand Hótel í Reykjavík á morgun. María mun fjalla um tíðni rakaskemmda og tengsl við öndunarfæraeinkenni.

Tilgangur málþingsins er að efla vitund um málefnið, styrkja samvinnu fagaðila og hefja aðgerðir til þess að sporna við vandamálinu. Þeir sem standa að málþinginu eru Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Samtök iðnaðarins, fagfélög innan byggingageirans og IceIAQ, þ.e. Íslandsdeild alþjóðlegra samtaka um heilnæmt inniloft.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, formaður IceIAQ og sérfræðingur hjá Húsum & heilsu, segir Íslendinga vera að vakna til vitundar um vandann og þær afleiðingar sem hann getur haft í för með sér. „Það er ekki því að kenna að við viljum ekki bregðast við þessu, heldur hefur upplýsingaflæðið ekki verið nóg. Við höfum bolmagn til að vera framarlega á þessu sviði en þurfum bara að sinna málefninu. Við erum ekki að reyna að finna sökudólga, heldur þurfum við að efla samvinnu og faglega umræðu á þessu sviði.“

María segir niðurstöður könnunarinnar hér á landi sambærilegar við niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið annars staðar. „Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar segir að tengsl séu á milli rakaskemmda í húsnæði og heilsuvanda.“

Hún bendir á að tengsl séu ekki það sama og orsakasamband. „Enn í dag höfum við ekki nóg í höndunum til að fullyrða að um orsakasamband sé að ræða þótt tengsl séu skýr milli raka og heilsuvanda.“ ibs@frettabladid.is



**RAKASKEMMDIR** Tengsl eru á milli rakaskemmda í húsnæði og heilsuvanda. MYND/SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR



**MARÍA GUNNBJÖRNSDÓTTIR**



**SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR**

**Við erum ekki að reyna að finna sökudólga, heldur þurfum við að efla samvinnu og faglega umræðu á þessu sviði.**

*Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá Húsum og Heilsu.*






Mikil samskipti forstjóra og eiganda Glitnis liggja frammi í Aurum-málinu:

# Á fimmta hundrað tölvuskeyti

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson og Lárus Welding, forstjóri Glitnis, skiptust á tölvupósti í á fimmta hundrað skipti á tímabilinu sem til rannsóknar var í svokölluðu Aurum-máli sérstaks saksóknara, frá því síðla árs 2007 og fram á mitt ár 2008.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, upplýsti verjendur um þetta aðspurður við fyrirtöku í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í málinu er enn tekist á um aðgang verjenda að gögnum. Þeir hafa krafist þess að fá aðgang að öllum rannsóknargögnum málsins en því hefur Hæstiréttur hafnað.

Í gærmorgun kröfðust verjendur svo afrita af tilteknum gögnum sem þeim hafði áður verið heimilað að skoða í húsakynnum saksóknara. Tekist verður á um þetta 23. september.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvenær aðalmeðferð í málinu fer fram. Enn er beðið eftir yfirmati á virði félagsins Aurum Holding, sem málið snýst um, um mitt ár 2008. Sakborningarnir, Lárus, Jón Ásgeir, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, eru sakaðir um umboðssvik við lánveitingu til kaupa á félaginu. - sh

**LÁRUS WELDING OG JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Tímasetning aðalmeðferðar í Aurum-málinu liggur enn ekki fyrir.




THAILAND
Santa Maria
Thai
CHICKEN THAI WOK
Spice Mix
2-3
RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI
Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus
BÓNUS
HAGKAUP
COCONUT MILK
OYSTER SAUCE
SOYA SAUCE
SATAY SAUCE
SWEET CHILI SAUCE
PREMIUM
EGG NOODLES
FISH SAUCE

## SVONA ERUM VIÐ



**0 kr.** **Árið 2011 áttu um 80.000 Íslendingar enga innistæðu í banka.**

**Um 3.500 manns áttu 15-25 milljónir og 1.500 manns 35-45 milljónir króna. 261.764 Íslendingar áttu samtals rúmlega 508 milljarða króna innstæður í íslenskum bönkum.**

*Heimild: Álagningarskrá ríkisskattstjóra 2012*

Segist undrandi á ákvörðun um höfnun á lögbannsbeiðni vegna framkvæmda í Gálgahrauni:

# Ákvörðun með heilmiklar afleiðingar

**SAMGÖNGUR** „Þetta er mjög merkileg niðurstaða," segir Reynir Ingibjartsson, formaður Hraunavina, um höfnun Sýslumannsins í Reykjavík á lögbannsbeiðni vegna framkvæmda í Gálgahrauni. Beiðninni var hafnað á þeim forsendum að náttúruverndarsamtökin fjögur sem fóru fram á beiðnina hefðu ekki lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu.

Náttúruverndarsamtökin sem um ræðir eru Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir.

Reynir minnir á að Ísland hafi gerst aðili að alþjóðasamningum eins og Árósarsamningnum, sem tryggja einmitt rétt umhverfissamtaka til þess að leggja mál fyrir dóm. Jafnframt sé þetta hlutverk þeirra viðurkennt í EES-samningnum.

Hann segir að samkvæmt þessari niðurstöðu sýslumanns mætti halda að náttúruverndarsamtök séu réttlaus og veltir því fyrir sér hvort starfsmenn sýslumanns séu ekki nægilega upplýstir um breytingar sem orðið hafa á löggjöfinni hvað þetta varðar.

„Þetta hefur heilmiklar afleiðingar, það er ekki hægt að una þessari niðurstöðu," segir Reynir Ingibjartsson.

- hrs



**HRAUNAVINUR** Reynir Ingibjartsson segir ekki hægt að una niðurstöðu sýslumanns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FÍKNIEFNAAKSTUR** Sumir ökumenn brutu ítrekað af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fleiri akstursbrot en í fyrra:

## 149 teknir fyrir fíkniefnaakstur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum hefur á árinu skráð 149 akstursbrot þar sem ökumenn voru undir áhrifum fíkniefna.

Á sama tímabili í fyrra voru 89 brot skráð og því er um 67 prósenta aukningu að ræða milli árshluta.

Í tilkynningu sem embættið sendi frá sér er tekið fram að fjöldi þessara akstursbrota segi ekki til um fjölda ökumanna sem óku undir áhrifum fíkniefna, því sumir ökumenn brutu ítrekað af sér. Embættið nefnir sem dæmi ökumann sem var tekinn níu sinnum fyrir fíkniefnaakstur. - hg

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt um úthlutun lóða í Skarðshlíð í blaðinu í gær að aðeins væru fimm lóðir til úthlutunar. Lóðirnar eru mun fleiri, en um er að ræða lóðir við sex götur á svæðinu, sem eru Hádegisskarð, Bergsskarð, Drangsskarð, Bjargsskarð, Glimmerskarð og Vikurskarð. Þá skal það áréttað að um úthlutun er að ræða en ekki útboð eins og kom fram á einum stað í greininni.

# Tíu næturverðir vakta 400 þjónustuíbúðir aldraðra

Reykjavíkurborg hefur engar áætlanir um að fjölga starfsmönnum á næturvöktum í þjónustukjörnum sem hún rekur fyrir aldraða. Borgin leigir út um 400 þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem þurfa á aðstoð að halda.

**FÉLAGSMÁL** Tíu manns samtals vakta 400 þjónustuíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar að næturlagi. Mikla athygli vakti um síðustu helgi þegar háaldraður maður lést af slysförum eftir að hafa farið úr íbúð sinni í þjónustukjarnanum við Norðurbrún án þess að nokkur yrði þess var.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru þjónustuíbúðakjarnar Reykjavíkurborgar sex: Norðurbrún, Furugerði, Dalbraut, Langahlíð, Vitatorg og Seljahlíð. Að auki er þjónustusamningur við Fróðengi þar sem Eir veitir þjónustu. Þar leigir borgin 21 íbúð. Seljahlíð hefur nokkra sérstöðu því þar er blanda af hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðum. Alls eru um 400 þjónustuíbúðir á vegum borgarinnar þar sem á fimmta hundrað manns búa.

Mikil eftirspurn er eftir búsetu í þjónustuíbúðum aldraða og 1. september voru 269 aldraðir á biðlista eftir þessu búsetuúrræði.

Í hverjum þjónustukjarna er fólk á næturvakt sem á að sinna íbúunum. Verksvið þess er nokkuð mismunandi. Við Dalbraut eru tveir á næturvakt en einn í Furugerði og við Norðurbrún. Þeir sem sinna næturvörslu á þessum stöðum eiga að fara yfir ákveðin öryggisatriði á kvöldin og athuga að gluggar og hurðir séu lokuð í sameiginlegum rýmum. Þeir eiga að líta inn til íbúa sem eru taldir þurfa þess með og svara bjölluhringingum frá íbúum.

Þá eiga þeir að þrífa, sinna þvottum og taka til morgunverð fyrir þá íbúa sem það kjósa. Í Lönguhlíð er einn á næturvakt. Hann á að sinna innlitum til íbúa og fylgjast með umferð fólks inn og út úr húsinu. Íbúarnir eru með öryggishnappa í íbúðum sínum og það er hlutverk þess sem er á næturvakt að bregðast við kalli.

Einn sér um næturvörslu við Vitatorg. Hann sinnir öryggisvörslu gagnvart íbúum, hefur eftirlit með húseignum og svarar neyðarhringingum. Þá lítur hann inn til þeirra sem metnir eru hafa þörf fyrir næturinnlit, fer í eftirlitsferðir og hefur umsjón með eldvarnakerfi og útidyrum.

Við Seljahlíð eru 65 íbúðir. Af þeim hefur 20 verið breytt í hjúkrunarrými. Vegna þess að í Seljahlíð eru hjúkrunarrými eru fleiri sem sinna næturvörslu þar en á hinum stöðunum. Tveir eru á næturvakt um helgar en þrír virka daga. Þeir sem sinna næturvöktum við Seljahlíð eiga að sinna eftirlitsskyldu og sjá um umönnun þeirra sem þess þurfa. Í Fróðengi er 21 íbúð sem borgin leigir af Eir en alls eru 92 íbúðir þar og þar búa 114.

Einn sinnir næturvöktum þar fyrir allar íbúðirnar. Í öllum þjónustukjörnunum nema við Vitatorg eru öryggismyndavélar við allar útidyr. Fréttablaðið spurðist fyrir um það hjá borginni hvort til stæði að fjölga á næturvöktum í þjónustukjörnum á vegum borgarinnar en fékk það svar að engin áform væru um slíkt.

johanna@frettabladid.is



**Á BIÐLISTA** Nú bíða tæplega 270 aldraðir eftir að komast í þjónustuíbúð á vegum Reykjavíkurborgar.

### ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR ALDRAÐRA

| Staður | íbúðir | íbúar | á næturvakt |
|---|---|---|---|
| Dalbraut | 58 | 59 | 2 |
| Fróðengi | 21 | 25 | 1 |
| Furugerði | 76 | 77 | 1 |
| Langahlíð | 32 | 33 | 1 |
| Norðurbrún | 59 | 59 | 1 |
| Vitatorg | 94 | 98 | 1 |
| Seljahlíð | 65 | 72 | 2-3 |

**Annar næturvaktarmaðurinn á Dalbraut fer til aðstoðar í Furugerði og Norðurbrún sé talin þörf á því. Í Lönguhlíð er forstöðumaðurinn á bakvakt á nóttunni, auk þess er heimilið með samning við Öryggismiðstöðina. Í Seljahlíð eru hjúkrunarrými og því er sjúkraliði á vakt allar nætur og hjúkrunarfræðingur á bakvakt.**

### Þessir eiga rétt á þjónustuíbúð

Þeir sem fá inni í þjónustuíbúðum eru aldrað fólk sem þarf meiri stuðning en hægt er að veita í heimahúsum en er ekki svo veikburða að það þurfi að dvelja á hjúkrunarheimilum. Þeir sem eiga rétt á þjónustuíbúðum eru aldraðir sem hafa átt lögheimili í Reykjavík í samfellt í þrjú ár áður en þeir sækja um, hafa þörf fyrir aðstoð og stuðning sem ekki er hægt að veita í núverandi húsnæði viðkomandi og hafa að mati félagsráðgjafa ekki möguleika á að kaupa eigið húsnæði sem hentar. Þjónustuíbúðirnar eru í eigu borgarinnar eða stofnana á vegum hennar og aldraðir leigja íbúðir þar. Þeir sem búa í þjónustuíbúð eiga að fá þá aðstoð og umönnun í samræmi við heilsufar hvers og eins.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SV-ÁTT RÍKJANDI** Í dag má búast við skúrum í flestum landshlutum og slyddu til fjalla er kvöldar. Á morgun og laugardaginn verða skúrir á stöku stað S- og V-til en úrkomulítið norðaustan og austanlands.




**Á morgun**
Víða 3-8 m/s, hvassara allra vestast.




**Laugardagur**
Yfirleitt hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Berlín | 17° | Friedrichshafen | 15° | Las Palmas | 26° | New York | 28° | París | 19° |
| Aþena | 34° | Billund | 19° | Gautaborg | 19° | London | 20° | Orlando | 31° | San Francisco | 18° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 28° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 20° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

# SKIPULAGSDAGAR



**HILLA EXPRESS 5 HILLUR..**
**188 X 45 CM**

~~Áður 8495~~
**Nú 6365**



**Hammerplast box**
**25% afsl**

# LAGERHREINSUN




**25% afsláttur af allri málningu frá Swing Color**

**SWING COLOR KEMUR Í NÝJUM UMBÚÐUM INNAN SKAMMS ÞESS VEGNA SELJUM VIÐ ALLA SWING COLOR MÁLNINGU Í GÖMLU UMBÚÐUNUM MEÐ 25% AFSLÆTTI. EKKI ER HÆGT AÐ TRYGGJA AÐ ALLAR TEG. OG GERÐIR SÉU ÞVÍ TIL Á LAGER.**

## TILBOÐ GILDIR TIL 15.SEPT

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvers vegna var gerð húsleit hjá Eimskip og Samskipum?
**2.** Hvað greiddi Ísfélagið mikið í arð á síðasta ári?
**3.** Hvaða starfi gegnir Ástríður í samnefndri þáttaröð nýrra gamanþátta?

**SVÖR:**
**1.** Vegna gruns um samráð. **2.** 1,2 milljarða króna. **3.** Stöðu yfirmanns.

Bandaríkjamenn og Frakkar vilja að ályktun Sameinuðu þjóðanna tryggi efndir Sýrlandsstjórnar:

# Rússar segjast vera með fullnægjandi plan

**SÝRLAND** Allt stefnir í flóknar og erfiðar samningaviðræður milli Rússa, Bandaríkjamanna og fleiri ríkja um orðalag í væntanlegri ályktunartillögu sem lögð verður fram í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um efnavopnanotkun Sýrlendinga.

Rússar, sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu, hafa hafnað hugmyndum Frakka og Bandaríkjamanna um harðorða ályktun sem tryggði að stæðu Sýrlendingar ekki við loforðin hefði það í för með sér „mjög alvarlegar afleiðingar“. Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði rússnesk stjórnvöld hins vegar hafa „nú þegar afhent Bandaríkjunum áætlun um framkvæmdina á hugmynd um alþjóðlegt eftirlit með efnavopnum í Sýrlandi“. Hann segist ætla að ræða þetta plan nánar við John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á fundi þeirra í Genf í dag.

Sýrlensk stjórnvöld hafa hins vegar strax í dag dregið að nokkru í land. Þannig sagði Ali Haidar, ráðherra í stjórn Sýrlands, í viðtali við AP-fréttastofuna að Sýrlendingar væru því aðeins reiðubúnir til að undirrita samninginn ef það yrði ekki gert undir þrýstingi frá erlendum ríkjum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur engu að síður frestað atkvæðagreiðslu á Bandaríkjaþingi um heimild til hernaðar gegn Sýrlandsstjórn. Þess í stað ætlar hann að láta reyna á samningaleiðina, en segist ætla að hafa herinn áfram í viðbragðsstöðu. - gb



**VLADIMÍR PÚTÍN OG BARACK OBAMA** Forsetar Rússlands og Bandaríkjanna hittust í Pétursborg í síðustu viku en hafa ekki náð saman um afstöðu til Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP

RÉTTUR SMÆRRI HLUTHAFA Í ÞÝSKALANDI



HVERJU HAFA DÓMSMÁL TIL VERNDAR SMÆRRI HLUTÖFUM ÁORKAÐ?

**Jella Benner - Heinacher**
Framkvæmdastjóri Samtaka verðbréfa og sparifjáreigenda í Þýskalandi heldur fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands
**Föstudaginn 13. september kl. 12-13.30**

**Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!**

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
Samtök fjárfesta

# Varar við of miklum launahækkunum

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir mikilvægt að launahækkanir auki ekki verðbólgu og hvetur launþegahreyfinguna til að gæta hófs í komandi kjaraviðræðum. Samtök atvinnulífsins fagna útspili ríkisstjórnarinnar.

**KJARAMÁL** Ráðherrar úr ríkisstjórninni funduðu í gær með fulltrúum vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og bændasamtakanna. Markmið fundarins var að fara yfir stöðu mála vegna komandi kjarasamninga en núgildandi samningar renna út í lok nóvembermánaðar.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir mikilvægt að launahækkanir verði ekki til þess að verðbólgan fari af stað með tilheyrandi efnahagslegum óstöðugleika.

„Ég hef mjög mikinn skilning á því að eftir þetta langa tímabil sem er liðið frá falli bankanna og þeim erfiðleikum sem fylgdu í kjölfarið sé lítil þolinmæði á vinnumarkaði. Á sama tíma er gríðarlega mikilvægt að við förum ekki fram úr okkur og köllum eftir hlutum sem engin innistæða er enn þá fyrir í hagkerfinu,“ segir Bjarni.

Sérstakri ráðherranefnd verður gert að fylgjast með framvindu viðræðna til að tryggja að ríkisstjórnin geti lagt sitt lóð á vogarskálarnar. „Við teljum mjög mikilvægt að fá að fylgjast með framvindu mála þannig að við getum eftir atvikum brugðist við. Sameiginlega erum við öll að reyna að mæta væntingum fólks í landinu um bætt kjör,“ segir Bjarni.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fagnar útspili ríkisstjórnarinnar. Hann segir þó mikilvægt að ríkisstjórnin útskýri hvernig hún ætlar að taka á afnámi gjaldeyrishafta og ríkisrekstrinum í heild.

„Við höfum verið að kalla eftir skýrari sýn á efnahagsstefnu stjórnvalda. Við viljum ná auknum stöðugleika, auka fjárfestingu í atvinnulífinu og fjölga störfum. Við horfum til þess hvaða samleið við eigum með stjórnvöldum í þessum efnum,“ segir Þorsteinn.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, tekur í sama streng. „Við viljum sjá hvernig ríkisstjórnin hyggst framkvæma öll þau mál sem koma fram í stefnuyfirlýsingu hennar. Mér finnst ekkert óeðlilegt að hún fái tíma til þess en það er líka ljóst að á meðan ekkert liggur fyrir hvað það varðar þá getum við ekki klárað okkar mál.“ hks@frettabladid.is



**FUNDAÐ Í RÁÐHERRABÚSTAÐNUM** Ráðherrar lögðu áherslu á hófsemi í kröfum í komandi kjarasamningum á fundi með aðilum vinnumarkaðarins og fleirum á fundi í gær. STÖÐ2/SÓ

> **Við viljum sjá hvernig ríkisstjórnin hyggst framkvæma öll þau mál sem koma fram í stefnuyfirlýsingu hennar.**
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.*

Önnur umræða um hagstofufrumvarpið fór fram á Alþingi í gær:

# Vongóð um að ljúka málinu

**ALÞINGI** Önnur umræða um umdeilt frumvarp um Hagstofuna fór fram á Alþingi í gær. Þar lagði meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar fram breytingatillögur til þess að koma til móts við minnihlutann, sem hefur gagnrýnt frumvarpið harðlega, meðal annars fyrir að brjóta á friðhelgi einkalífsins.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í allsherjar- og menntamálanefnd, útilokar ekki að frumvarpið breytist frekar. „Maður útilokar það ekki en eins og ég sé málið verður ekki gengið mikið lengra í þeim efnum ef það á að ná markmiðum frumvarpsins.“

Líneik sagði í viðtali við Fréttablaðið í byrjun september að markmið frumvarpsins væri fyrst og fremst að stjórnvöld fengju traustar upplýsingar um skuldagreiðslur og eiginfjárstöðu heimilanna í landinu til að geta metið áhrif af aðgerðum stjórnvalda varðandi skuldavanda heimilanna.

Önnur umræða heldur áfram á morgun og er Líneik vongóð um að það náist að samþykkja frumvarpið áður en þingi lýkur í næstu viku. - vg



**LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR** Þingmaður Framsóknarflokksins er vongóður um hagstofufrumvarpið.



TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 12. - 16. september
afnemum við virðisaukaskatt*
af öllum snyrtivörum.
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## HEIMURINN




### Prestur gaf páfa gamlan bíl

1 **ÍTALÍA** Ítalskur prestur að nafni Renzo Zocca færði um helgina Frans páfa að gjöf 20 ára gamlan hvítan Renault 4 sem ekinn er 300 þúsund kílómetra. Að sögn BBC sagðist páfi hafa átt og ekið alveg eins bíl í föðurlandi sínu Argentínu á árum áður. Páfi hefur talað fyrir aðhaldi í útgjöldum Vatíkansins og beðið embættismenn um að halda aftur af sér í limúsínuferðum.

Fréttaritari BBC í Róm segir það hafa komið lífvörðum páfa á óvart þegar hann ók á brott í bílnum eftir að hafa tekið við lyklunum úr hendi prestsins.

### Þýskur banki heldur forstjórapari



**FORSTJÓRARNIR** Jürgen Fitschen og Anshu Jain. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

2 **ÞÝSKALAND** Deutsche Bank, stærsti banki Þýskalands, hefur ákveðið að halda forstjórum sínum tveimur fram til ársins 2017,

Jürgen Fitschen og Anshu Jain tóku í fyrra við af Josef Ackermann sem hafði verið forstjóri bankans. Samningur Fitschen, sem er 65 ára gamall, átti að renna út á þarnæsta ári, en Jains árið 2017.

Bankastjórarnir nýju hafa saman unnið úr lagaflækjum og í sumum tilvikum margra ára gömlum dómsmálum sem plagað hafa bankann. Þeir hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að koma á umbótum í starfsháttum og innra starfi bankans.

### Sex drepnir í sjálfsmorðsárásum í Sínaí

3 **EGYPTALAND** Tvær sjálfsmorðsárásir voru gerðar á bækistöðvar Egyptalandshers á Sínaí í gær. Í það minnsta sex hermenn létust í árásunum og sautján manns slösuðust, að sögn talsmanns hersins.

Bifreiðum hlöðnum sprengiefnum var ekið á varðstöð hersins og á tveggja hæða hús í Rafah sem hýsti útibú leyniþjónustu hersins. Byggingin hrundi við sprenginguna.

## EKIÐ MEÐ MORÐINGJA




**Á INDLANDI** Lögreglurúta, sem talið er að beri fjóra nauðgara sem nauðguðu og drápu stúlku í strætisvagni og börðu unnusta hennar, fær fylgd smærri lögreglubíls að Saket-dómhúsinu í Nýju-Delí í gær. Þar fer fram réttarhald til að ákvarða refsingu yfir mönnunum. Fjölskyldur fórnarlambanna krefjast þess að mennirnir verði hengdir. Ákvörðunar er að vænta á morgun. NORDICPHOTOS/AFP


Ísland allt árið
Þróunarsjóður

Landsbankinn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsa eftir umsóknum um styrki í Ísland allt árið – þróunarsjóð.

Markmið þróunarsjóðsins er að styrkja verkefni sem efla ferðaþjónustu utan háannatíma og auka arðsemi fyrirtækja. Samtals verða veittir styrkir úr sjóðnum sem nema 35 milljónum króna.

Studd verða samstarfsverkefni fyrirtækja sem lengt geta ferðamannatímann á tilteknum svæðum en einnig koma til greina afbragðsverkefni stakra fyrirtækja.

Í umsókn þurfa að koma fram skýrar hugmyndir um þá þjónustu og upplifun sem skila eiga í senn aukinni atvinnu og varanlegum verðmætum. Verkefnin verða að koma til framkvæmda innan þriggja ára frá því að styrkur er veittur.

Umsóknarfrestur er til 23. október 2013 og er gert ráð fyrir að styrkir verði afhentir af iðnaðar- og viðskiptaráðherra í desember.

Allar nánari upplýsingar er að finna á landsbankinn.is.

COME AND BE INSPIRED BY ICELAND
Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA





JBL Cinema SB200
JBL by HARMAN
HELSTU KOSTIR
• Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
• Harman Display Surround tækni
• Þráðlaus Bluetooth tenging
• Einfalt í uppsetningu
Bluetooth
VERÐ 59.990
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

GÆÐAVÖRUR FYRIR BÍLINN Á GÓÐU VERÐI!
Landsins mesta úrval bílavara
ÞURRKUBLÖÐ
Í flestar gerðir fólks- og atvinnubifreiða.
SJÖ VERSLANIR MEÐ MIKIÐ VÖRUÚRVAL





BOSCH Invented for life
REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is
Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



DEBENHAMS
DESIGNERS AT DEBENHAMS
DIAMOND BY julienmacdonald
principles BY BEN de LISI
STAR BY julienmacdonald
JASPER CONRAN
JEFF BANKS LONDON
ROCHA.JOHN ROCHA
BAKER BY TED BAKER
PREEN / EDITION
JONATHAN SAUNDERS / EDITION
Tveir nýir hönnuðir bætast við í dömudeildinni undir merkjum
/ EDITION
JONATHAN SAUNDERS og PREEN
20% AFSLÁTTUR
af vörum frá Debenhams hönnuðum
DÖMUR HERRAR BÖRN
Opið í kvöld til 21:00
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

www.renault.is

RENAULT

SPARNEYTNIR Á GÓÐU VERÐI



RENAULT MEGANE
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil
Verð: 3.890 þús. kr.
4,2 L/100 KM*



RENAULT CLIO
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil
Verð: 2.890 þús. kr.
3,4 L/100 KM*



RENAULT SCENIC
Sjálfsk. dísil
Verð: 4.290 þús. kr.
GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.
4,7 L/100 KM*

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Nota tæknibúnað Ciena Corporation í uppfærslu á Farice-1-strengnum:

# Hraðinn fer í 8 terabit á sekúndu

**UPPLÝSINGATÆKNI** Nettæknifyrirtækið Ciena Corporation hefur upplýst að ljósleiðaratengiveitan Farice á Íslandi hafi valið svonefnda GeoMesh-lausn Ciena til að uppfæra ljósleiðarann Farice-1, sem fyrst var tekinn í notkun árið 2004.

Á vef Farice kemur fram að flutningsgeta bæði Farice-1 og Danice-sæstrengsins margfaldist.

Farice-1-strengurinn, sem liggur milli Seyðisfjarðar og Dunnet-flóa í Skotlandi, var upphaflega hannaður með flutningsgetu upp á 720 gígabit á sekúndu í huga. Eftir uppfærslu á seinni hluta þessa árs á flutningsgeta Farice-1 að verða 8.000 gígabit (eða átta terabit) á sekúndu. Farice-1-sæstrengurinn er um 1.200 kílómetrar að lengd.

Danice-strengurinn, sem tekinn var í notkun árið 2009, fer hins vegar úr 5.120 gígabita flutningsgetu á sekúndu í 20.000 gígabit (20 terabit).

Fram kemur í tilkynningu Ciena að uppfærslunni á Danice-sæstrengnum hafi verið lokið í janúar á þessu ári. **- óká**



**FARICE 1** Upphafleg flutningsgeta Farice-1-sæstrengsins milli Seyðisfjarðar og Skotlands var 720 Gb á sekúndu. MYND/FARICE

# Yfir 500 kynferðisbrot kærð frá áramótum

Metfjöldi kæra hefur borist lögreglu vegna kynferðisofbeldis frá áramótum. Ákært hefur verið í 29 málum á árinu, eða sex prósentum af þeim kærum sem hafa borist til lögreglu. Ekki hafa fleiri kærur borist ríkissaksóknara síðustu tvö ár.

**DÓMSMÁL** Alls voru 517 kynferðisbrot kærð til lögreglunnar á fyrstu átta mánuðum ársins samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra og er það metfjöldi. Til samanburðar þá bárust rúmlega 140 kærur til lögreglu vegna kynferðisofbeldis á öllu síðasta ári.

Þá hafa alls 178 kærur borist til embættis ríkissaksóknara frá janúar, en það eru nokkuð fleiri mál en hafa borist embættinu síðustu tvö ár.

Óhætt er að segja að holskefla kynferðisbrota hafi verið kærð til kynferðisafbrotadeildar lögreglunnar, eftir umfjöllun fréttaskýringarþáttarins Kastljóss um barnaníðinginn Karl Vigni Þorsteinsson í kringum síðustu áramót.

Þetta sést glögglega í bráðabirgðartölum ríkislögreglustjóra sem Fréttablaðið hefur undir höndum, en 92 kynferðisbrot voru kærð í janúar einum, þegar umfjöllun miðilsins fór sem hæst.

Nokkuð ber á milli í kærum til lögreglu og málum sem enda svo að lokum hjá ríkissaksóknara. Þannig er búið að ákæra í 29 málum frá janúar og fella niður þrjú af þeim 124 málum sem bárust embættinu frá áramótum. Það er því búið að ákæra í um sex prósent mála sem hafa verið kærð til lögreglu frá áramótum.

Staðan þótti svo alvarleg á fyrri hluta þessa árs að Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, setti á fót sérstakan starfshóp fjögurra ráðuneyta undir formennsku Ágústs Ólafs Ágústssonar til að bregðast við vandanum.

Starfshópurinn skilaði af sér viðamikilli skýrslu með 27 tillögum til úrbóta en af þeim voru fimmtán tillögur settar í forgang. Þar var meðal annars gert ráð fyrir ellefu nýjum stöðugildum til að mæta brýnni þörf.

Ríkisstjórnin ákvað að verja 79 milljónum króna til að fjármagna forgangsaðgerðir til að bregðast við neyðarástandi í kynferðisbrotum gegn börnum eins og það var orðað í apríl síðastliðnum.

Þrátt fyrir mikinn fjölda kæra sem hafa borist embætti ríkissaksóknara á árinu þá er þetta langt því frá að vera mesti fjöldinn sem hefur borist embættinu. Árið 2008 bárust 258 kynferðisbrot til embættisins. Þá var ákærutíðni með svipuðu móti og síðustu ár, eða um helmingur mála. Þá má búast við því að stór hluti kæra sem bárust lögreglu vegna kynferðisafbrota berist ríkissaksóknara á næsta ári. **valur@frettabladid.is**



**OFBELDI GEGN BÖRNUM** Yfir hundrað kærur bárust lögreglu á þremur fyrstu mánuðum ársins vegna kynferðisofbeldis gegn börnum.

**517 KÆRUR** vegna kynferðisbrota bárust lögreglu fyrstu átta mánuði ársins 2013.

**92** kynferðisbrot voru kærð til lögreglu í janúar á þessu ári.

**140 KÆRUR** vegna kynferðisbrota bárust lögreglu á árinu 2012.

**79 MILLJÓNIR** króna úr ríkissjóði voru í apríl á þessu ári settar í að verjast neyðarástandi í kynferðisbrotum gegn börnum.



**KARL VIGNIR** Umfjöllun Kastljóss um Karl Vigni hratt af stað holskeflu kæra vegna kynferðisofbeldis.

Fjármálaráðherra segir útgerðina aldrei hafa greitt hærri gjöld og skatta:

# Veiðigjöldin verða 10 milljarðar

**ALÞINGI** Tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum verða tíu milljarðar króna á næsta ári. Það er svipuð upphæð og innheimtist í ár og árið 2012.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, greindi frá ákvörðuninni í ræðu á Alþingi á þriðjudag þegar hann svaraði fyrirspurn tveggja varaþingmanna Vinstri grænna, þeirra Björns Vals Gíslasonar og Edwards Huijbens, um tekjulækkun ríkissjóðs.

„Það er ágætt að hafa það í huga þegar menn tala um að nýja ríkisstjórnin sé að kasta frá sér tekjustofnunum. Staðreynd málsins er sú að útgerðin í landinu hefur líklega aldrei greitt hærri gjöld og skatta til samfélagsins en einmitt í dag. Aldrei áður,“ sagði Bjarni í ræðu sinni. Bjarni sagði einnig að fyrrverandi ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefði haft uppi áform um að hækka veiðigjaldið upp í sextán milljarða á næsta ári, en aldrei látið verða af því.

„Hún skildi þannig við það mál að lögin voru óframkvæmanleg svo að á næsta ári eru nákvæmlega sömu veiðigjöld tekin af þessari ríkisstjórn og hafa verið tekin síðustu tvö árin,“ sagði Bjarni. **- hg**



**Í ÞINGSAL** Bjarni Benediktsson sagði það rangt að ríkisstjórnin sé að kasta frá sér tekjustofnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BARNAKLÁM** Tölvur sem gerðar voru upptækar af lögreglu í mars.

Barnaklámsmál á Skaganum:

# Ekki í varðhaldi

**DÓMSMÁL** Maður á fimmtugsaldri, sem handtekinn var á Akranesi á fimmtudag og grunaður um vörslu á barnaklámi, er ekki í gæsluvarðhaldi. Lögreglan gerði upptæk tölvur og tölvugögn á heimili mannsins og hefur maðurinn játað sök.

Að sögn lögreglunnar á Akranesi er rannsókn málsins á byrjunarstigi. Gögnin eru nú til rannsóknar og er búist við því að það muni taka næstu daga og vikur að yfirfara gögnin. Maðurinn var ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald og er því frjáls ferða sinna. Að sögn lögreglunnar á Akranesi þótti það ekki þjóna rannsóknarhagsmunum að úrskurða manninn í gæsluvarðhald.



**SAMIÐ** Fulltrúar Kóreuríkjanna handsala samninginn. NORDICPHOTOS/AFP

Ástandið á Kóreuskaga róast:

# Ætla að opna Kaesong-svæðið

**NORÐUR-KÓREA Kóreuríkin hafa ákveðið að opna Kaesong-iðnaðarsvæðið í sunnanverðri Norður-Kóreu á ný. Svæðið verður opnað þann 16. september næstkomandi.**

**Svæðinu var lokað í apríl síðastliðnum þegar stjórnvöld í Norður-Kóreu ákváðu að flytja þegna sína af svæðinu vegna aukinnar spennu á milli ríkjanna.**

**Um 120 suðurkóresk fyrirtæki eru rekin á svæðinu. Þar starfa um 50 þúsund Norður-Kóreumenn og svæðið hefur því mikla efnahagslega þýðingu fyrir Norður-Kóreu.** - hg

Bill Gates styður nýjungar:

# Jurtaegg komin í búðir vestra

**BANDARÍKIN** Fyrstu eggin, sem búin eru til úr jurtum, eru nú komin í búðir í Bandaríkjunum.



**BILL GATES**

Hænur koma hvergi við sögu í framleiðsluferlinu.

Frumkvöðull að nafni Joshua Tetrick á hugmyndina og stofnaði fyrirtækið Beyond Eggs til að hrinda henni í framkvæmd.

Auðkýfingarnir Bill Gates og Peter Thiel hafa stutt þetta framtak dyggilega, og Gates hefur orðið einn helsti málsvari framleiðslunnar.

Útlitið er reyndar frábrugðið útliti alvöru eggja, en bragð og notagildi sagt óaðgreinanlegt frá frumgerðinni. - gb

Fjörutíu kílóa þungur lax, hálfur annar metri að lengd, svamlar í sænskri á:

# Risalax sást í íslenskum teljara

**NÁTTÚRA** „Við höfum aldrei séð svona stóran fisk fara í gegnum teljara frá okkur,“ segir Magnús Þór Ásgeirsson, markaðsstjóri hjá Vaka, íslensku fyrirtæki sem í aldarfjórðung hefur framleitt fiskateljara undir vörumerkinu Riverwatcher.

Risastór lax sást nýverið í fiskateljara frá Vaka í sænskri á, rétt hjá bænum Jockfall í Norðurbotni. Fiskurinn mældist 151 sentimetri að lengd og 40 kíló að þyngd.

„Hann er svo stór að hann kemst varla í gegnum opið,“ segir Magnús. „En í þessari á eru ótrúlega stórir fiskar. Meðaltalið er alveg svakalegt.“

Magnús segir að fiskateljararnir séu oft settir upp þar sem farið er út í miklar framkvæmdir. „Oft eru þetta verktakar sem fá leyfi til framkvæmda gegn því að fylgst sé með fiskunum. Við setjum þá upp hlið sem fiskarnir fara í gegnum. Í hliðinu er innrautt ljós sem bæði mælir fiskinn og kveikir á myndavél. Þannig fáum við upplýsingar um alla fiska sem fara í gegn og mynd af þeim líka.“ - gb



**FISKATELJARI Í ELLIÐAÁM** Vaki hefur sett upp fiskateljara í tugum áa hér á landi og hundruðum áa víða um heim að auki. MYND/VAKI

Skýrsla Ríkisendurskoðunar:

# Skorti á aðhald hjá Þjóðskrá

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun segir að þau þjóðfélagslegu markmið sem sett voru við myndun Þjóðskrár Íslands árið 2010 hafi ekki náðst. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar um rekstur Þjóðskrár Íslands.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að starfsmönnum stofnunarinnar hafi fjölgað, þvert á sett markmið, og kostnaður aukist. Eigið fé sé því nánast á þrotum. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þetta og telur að skort hafi á aðhald í rekstrinum. - jjk




Við opnum nýjan og glæsilegan spilasal á Lækjartorgi

—

*Við þökkum allar góðu stundirnar við Skólavörðustíg og Aðalstræti. Sjáumst í glæsilegum nýjum spilasal Háspennu við Lækjartorg.*

HÁSPENNA

Matvælastofnun SÞ segir matvæli illa nýtt:

# Þriðjungur í ruslið

**SAMFÉLAG, AP** Þriðjungur allra matvæla sem framleidd eru í heiminum skemmist og fer í ruslið. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Stofnunin segir að í auðugri löndum heims sé einkum kæruleysi neytenda um að kenna en í fátækari löndunum sé það fyrst og fremst ófullkomin uppskerutækni sem veldur sóuninni.

Í skýrslunni segir að sóunin valdi umhverfistjóni, því henni fylgi bæði meiri kolefnislosun og mikil vatnsnotkun, auk þess sem framleiðslan sé landfrek. - gb



**MATVÆLI** Þriðjungi allra matvæla í heiminum er sóað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


METSÖLULISTI




ERLENDAR KILJUR
VIKA 37 2013




1 The Fault in Our Stars John Green

2 Best kept Secret - Jeffrey Archer

3 A Wanted Man - Lee Child

4 Alex Cross, Run - James Patterson

5 The Racketeer - John Grisham

6 An Abundance of Katherines - John Green

7 Looking for Alaska - John Green

8 The Bone Bed - Patricia Cornwell

9 The Casual Vacancy - J.K. Rowling

10 City of Bones - Cassandra Clare

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT


# Mótmælandi krefst bóta fyrir handtökur

Lárus Páll Birgisson telur að lögregla hafi farið fram úr sér þegar hún vísaði honum tvisvar frá bandaríska sendiráðinu þar sem hann stóð og mótmælti. Hann fékk tvo dóma fyrir að óhlýðnast fyrirmælum en krefur ríkið nú um tvær og hálfa milljón.

**DÓMSMÁL** Lárus Páll Birgisson sjúkraliði hefur stefnt íslenska ríkinu til greiðslu tveggja og hálfrar milljónar króna í skaðabætur vegna þess að lögregla handtók hann í tvígang fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg, fyrst í október 2009 og síðan í nóvember 2010.

Bæði atvikin leiddu til dóms yfir Lárusi fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu. Í fyrra skiptið var honum ekki gerð sérstök refsing en þurfti að greiða 200 þúsund króna málsvarnarlaun verjanda síns. Í það síðara varði hann sig sjálfur en var refsað með 50 þúsund króna sekt. Hvorugu málinu gat hann áfrýjað til Hæstaréttar vegna þess hversu lítil refsingin var.

Lárus Páll viðurkennir að hann hafi sannarlega óhlýðnast lögreglu þegar hún skipaði honum að færa sig þar sem hann stóð í bæði skiptin innan við blómaker fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg og mótmælti þar stríðsrekstri Bandaríkjanna á friðsamlegan hátt, í fyrra skiptið í félagi við aðra en í síðara skiptið einn með skilti sem á stóð „Elskum friðinn“.

Lárus telur hins vegar að málið snúist um það hvort fyrirmælin sem hann óhlýðnaðist hafi verið lögleg eða ekki. „Það hefur aldrei verið tekið á því fyrir dómstólum,“ segir Lárus. „Má lögreglan segja fólki sem viðhefur tjáningu á almannafæri bara að fara? Ef þú neitar að hlýða lögreglunni ertu að brjóta lög sama hvaða fyrirmæli hún gefur þér. Það er ekki þannig að þú sért saklaus ef fyrirmælin eru ólögleg – það vantar alveg,“ bætir hann við.

Í stefnunni, sem Katrín Oddsdóttir, lögmaður Lárusar, lagði fram í apríl, segir meðal annars að Lárus hafi ekki verið innan lóðamarka sendiráðsins við mótmælin, athafnir hans í borgarlandinu hafi ekki á nokkurn hátt brotið gegn lögum eða reglum. Þess vegna hafi lögreglan ekki haft neina lögmæta ástæðu til að skipa honum að færa sig og meint brot hans, að óhlýðnast fyrirmælunum, hafi því verið bein afleiðing af ólöglegum athöfnum lögreglumannanna.

„Stefnandi er mikill baráttumaður fyrir bættum heimi og hefur í fjölda ára mótmælt stríðsrekstri með ýmsum hætti. Hann mun ekki leggja árar í bát fyrr en hann fær réttláta málsmeðferð og ef það krefst úrlausnar fyrir æðsta dómstól landsins eða eftir atvikum við mannréttindadómstól Evrópu, um það hvort hann hafi átt rétt á að mótmæla með fyrrgreindum hætti fyrir framan sendiráð Bandaríkjanna, þá mun hann ekki láta það aftra sér,“ segir í stefnunni.

Honum hafi verið nauðugur einn sá kostur að höfða einkamál í þessu skyni, fyrst hann hafi ekki fengið að áfrýja hinum dómunum þrátt fyrir beiðni þar um. stigur@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Lárus brá sér enn á ný á Laufásveginn í gær og sat fyrir á mynd ofan á blómakerjunum umdeildu, undir vökulum augum sendiráðsvarðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stundum og stundum ekki

Lárus og lögmaður hans telja að lögreglan hafi í málefnum Lárusar Páls virt að vettugi þá grunnreglu að borgarar eigi að geta séð fyrir hverjar afleiðingarnar verði af gjörðum þeirra.

„Stundum hefur hann rétt til að mótmæla óáreittur, stundum er honum skipað að færa sig, stundum er hann handtekinn verði hann ekki við þeim fyrirmælum lögreglu að færa sig út fyrir blómaker, stundum er hann ákærður í kjölfar handtöku [...] en stundum ekki,“ segir í stefnunni.

> **Má lögreglan segja fólki sem viðhefur tjáningu á almannafæri bara að fara?**
>
> *Lárus Páll Birgisson, sjúkraliði og mótmælandi*





Sýning í dag frá kl 10:00 til 21:00

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# HEILSA Í HAGKAUP





10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## EAS LEAN 15
Máltíðardrykkur sem inniheldur aðeins 100 hitaeiningar í hverjum skammti og 15g af próteini. Frábær leið til að grennast og vinna á hungurtilfinningu.



10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## EAS NÆRINGARSTANGIR
eru góð leið til að ná sér í prótein á ferðinni. Með 19 vítamínum og steinefnum, ásamt B-vítamínum fyrir orku og próteinþörf líkamans.

## EAS MUSCLE ARMOR

## EAS BETAGEN

kynning!



## HÁMARK OG ALLT Í EINNI
Arnar og Ívar kynna á laugardag í Garðabæ kl. 15-19 og sunnudag í Smáralind kl 15-19.

kynning!



TILBOÐ
279kr/stk
verð áður 299

## AQUELL VITAMIN WATER
Svalandi drykkur með viðbættum vítamínum.
Kynning í dag í Garðabæ kl. 16-18:30

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



## LIFESTREAM
Lifestream Spirulina og CC Flax

kynning!

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



## NOW VÍTAMÍN OG BÆTIEFNI
Kynning í dag og á morgun föstudag í Skeifunni kl. 17-19

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



## LATIBÆR VÍTAMÍN
fyrir káta krakka

NÝTT

TILBOÐ
199kr/stk
verð áður 259



## QNT PRÓTEIN WAFER
Gott milli mála! 32% prótein.
Vanillu-jógúrt eða súkkulaði.

kynning!

259kr/pk
verð áður 279

TILBOÐ



## MY SMOOTHIE
Kynning föstudag á Eiðistorgi kl. 15:30-18:00.

NÝTT
úr spíruðu heilkorni!



## EVERFRESH BRAUÐ
Lífræn brauð bökuð úr spíruðu heilkorni.
Þau eru án mjólkurvara, eggja, gers og aukefna.



TILBOÐ
1.999kr/pk
verð áður 2.269

## BIO-KULT CANDÉA
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu.
100% náttúruvara.

kynning!



## AKTÍV PRÓTEINBITAR
Kynning á morgun föstudag í Kringlunni og Skeifunni

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



## NUTRILENK GOLD
Nutrilenk Gold er frábært byggingarefni fyrir brjóskvef og getur minnkað liðverki, brak í liðum og stirðleika.

LÆKKAÐ VERÐ
á völdum vörum frá Walden Farms



ENGAR HITAEININGAR

## WALDEN FARMS
Hitaeiningalausar sósur sem henta vel fyrir lágkolvetnamataræði og fyrir sykursjúka og alla sem vilja skipta út venjulegum sósum og spara sér þannig allt að 10.000 hitaeiningar á mánuði!

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KRAFTMEIRI TENGING FYRIR ÍSLENSK HEIMILI

# Búðu þig undir spennandi framtíð með Ljósnetinu og Sjónvarpi Símans

Hringdu í 800 7000 og tryggðu þér hratt og öruggt net og Sjónvarp Símans. Sláðu inn heimilisfangið á siminn.is og sjáðu hvort þú getur tengst strax í dag.

**1** (50Mb • 10GB)
Mánaðarverð
**4.890 kr.**
- Hraði allt að 50 Mb/sek.
- Gagnamagn 10 GB

**2** (50Mb • 50GB)
Mánaðarverð
**5.890 kr.**
- Hraði allt að 50 Mb/sek.
- Gagnamagn 50 GB

**3** (50Mb • 100GB)
Mánaðarverð
**6.990 kr.**
- Hraði allt að 50 Mb/sek.
- Gagnamagn 100 GB

**4** (50Mb • 200GB)
Mánaðarverð
**8.290 kr.**
- Hraði allt að 50 Mb/sek.
- Gagnamagn 200 GB

Ef innifalið gagnamagn klárast bætast við 10 GB skv. gjaldskrá. Hægt er að kaupa stækkun: 10 GB á 1.700 kr. og 50 GB á 5.040 kr. Sjá nánar á siminn.is

Innifalið: Netvarinn, vefpóstur, 5 netföng og heimasíðupláss. Einnig möguleiki á Sjónvarpi Símans og tengdri þjónustu skv. verðskrá.



Netvarinn fylgir internetáskriftum

Til að tryggja öruggt samband er Síminn með þrefalda tengingu út úr landinu.


HD
Með Ljósnetinu getur
þú tengt allt að fimm
háskerpumyndlykla
fyrir Sjónvarp Símans.
öllum
n Símans.
Með Sjónvarpi Símans
getur þú séð allar íslensku
stöðvarnar, yfir 100 erlendar
og leigt meira en
5.000 titla í SkjáBíói.
NÝTT
Í haust er væntanlegt app fyrir iOS
og Android sem færir þér
Sjónvarp Símans í snjalltækin.
Heim
Horfa á sjónvarp
SkjárBíó
Sjónvarpsþættir
Rúv frelsi
VOD
Krakkahornið
Í leigu
1 af 1
11:05

Síminn

Gerðu hverfinu þínu gott!

Enginn þekkir hverfið þitt betur en þú og þess vegna viljum við ekki skipuleggja það án þín.

Með íbúafundum nýtum við sérþekkingu fólksins sem býr og starfar í hverfinu til að skapa vistvænni og betri borg. Taktu þátt í að skipuleggja þitt hverfi og móta Reykjavík til framtíðar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | Hagaskóli | 16. sept. | 17–19 |
| Hlíðar | Kjarvalsstaðir | 17. sept. | 17–19 |
| Laugardalur | Laugardalshöll | 18. sept. | 17–19 |
| Háaleiti - Bústaðir | Réttarholtsskóli | 19. sept. | 17–19 |
| Breiðholt | Gerðuberg | 23. sept. | 17–19 |
| Árbær | Fylkishöll | 24. sept. | 17–19 |
| Grafarholt - Úlfarsárdalur | Ingunnarskóli | 25. sept. | 17–19 |
| Grafarvogur | Gufunesbær | 26. sept. | 17–19 |

Vinna við hverfisskipulag í Miðborg og á Kjalarnesi er ekki hafin.

Þú getur gert þínu hverfi gott á **hverfisskipulag.is**

HVERFIS SKIPULAG



**FRÁ SÍMAKYNNINGU** Nýir iPhone-snjallsímar Apple myndaðir í bak og fyrir á kynningu fyrir blaðamenn í Peking í Kína í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Hlutabréf Apple falla áfram í verði

Vonbrigði með verðlagningu og skort á nýbreytni í nýjum iPhone-símtækjum Apple virðast ýta undir verðfall bréfa fyrirtækisins. Nýir símar og stýrikerfi sagðir ólíklegir til að auka markaðshlutdeild Apple.

**VIÐSKIPTI** Verð hlutabréfa Apple féll um tæp sex prósent í viðskiptum í Nasdaq-kauphöllinni í New York fyrri part dags í gær. Daginn áður hafði gengi bréfanna fallið um tvö prósent.

Verðfall hlutabréfa Apple er talið endurspegla vonbrigði með nýjar útgáfur iPhone-snjallsímans, sem kynntar voru með viðhöfn síðdegis á þriðjudag.

Í gær var síminn svo kynntur í Kína, þar sem Apple gerir sér vonir um aukna markaðshlutdeild, með því að upptaka var spiluð frá kynningunni deginum áður í Bandaríkjunum og gestum gefinn kostur á að skoða nýju tækin.

Sala á nýju símunum hefst 20. þessa mánaðar í Asíulöndum en verð þeirra þykir nokkuð hátt.

iPhone 5s er flaggskipið og búinn allra nýjustu tækni og fæst í gylltum lit og silfruðum. 5c síminn er svo ódýrari í litaðri plastumgjörð. Ódýrari síminn er umtalsvert dýrari en margir greinendur á farsímamarkaði höfðu spáð.

Búist var við að Apple myndi kynna til sögunnar snjallsíma sem keppt gæti við aðra slíka í flokki miðlungsdýrra síma og með því unnið til baka markaðshlutdeild og aukið hlut sinn á markaði farsíma í Kína.

Um leið og Apple kynnti til sögunnar ný símtæki var hulunni svipt af nýju stýrikerfi fyrir snjallsíma fyrirtækisins, iOS 7. Stýrikerfið þykir litríkara og þægilegra í allri umgengni, auk þess sem bætt hefur verið við margvíslegri virkni í símana, svo sem fingrafaralæsingu.



**KOMINN Í RÖÐ** Starfsmaður Apple-verslunar í Tókýó í Japan spjallar við mann sem komið hefur sér fyrir og bíður þess að sala hefjist á iPhone 5s 20. þessa mánaðar. NORDICPHOTOS/AFP

Nýju símarnir eru báðir með iOS 7-stýrikerfi en hægt verður að uppfæra með því eldri síma.

Í umfjöllun Valuewalk.com í gær er fjallað um sviptingar á farsímamarkaði, en stutt er síðan Nokia seldi fartækjahluta fyrirtækisins til Microsoft. „iPhone 5c hefur að bjóða litagleði og sprækleika Nokia Lumia-vörulínunnar. iPhone 5s er með uppfærslur á myndavél og stýrikerfi sem þegar eru komnar fram á Android-símum,“ segir þar.

Með nýju stýrikerfi og símum er Apple sagt búið að ná öðrum farsímaframleiðendum hvað tækni varðar en skortur á einhverju meiru er talinn hafa valdið fjárfestum vonbrigðum. Útspilið sé ekki til þess fallið að auka hlut fyrirtækisins, hvorki á nýmörkuðum né öðrum.

olikr@frettabladid.is

## Grín gert að Apple eftir símakynningu

Platfréttavefurinn The Onion gerir gys að Apple á vef sínum. Slegið er upp sem frétt að Apple hafi blásið til kynningar sem fyrr, en að þessu sinni svipt hulunni af „óttaslegnum og hugmyndasnauðum manni“.

Fréttin var sett á vefinn í kjölfar kynningar Apple á nýjum útgáfum snjallsímans iPhone 5 sem fara eiga í sölu í næstu viku. Með fréttinni birti The Onion mynd af Tim Cook, forstjóra Apple.




**FRÉTT THE ONION** Með grínfréttinni var birt mynd af Cook, forstjóra Apple. Hann tók við af Steve Jobs árið 2011. MYND/SKJÁSKOT

„Á fjölmiðlaviðburði sem beðið hafði verið eftir svipti tæknirisinn Apple, í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Sílikondal, formlega hulunni af óttaslegnum manni algjörlega lausum við hugmyndir og kynnti fyrir almenningi,“ segir í grínfrétt The Onion. „Hvítur og horaður maðurinn, sem bar merki uppgerðaræsings, brotna rödd og að því er virðist algjöran skort á hugljómun, var settur fram til sýnis fyrir þúsundir hluthafa, sérfræðinga tæknigeirans, blaðamenn og aðdáendur, í viðburði sem sem Apple vonast til að nái að snúa við gengi félagsins.“

- óká



ÚTSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
LAGERHREINSUN
aðeins brot af úrvalinu
MIKIL VERÐLÆKKUN Á HEIMILISTÆKJUM!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 104.300
NÚ 83.400 kr.
þú sparar: 20.900 kr
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Electrolux Þvottavél 1200 snúninga 6 kg
1805657
MÁLNING 30% AFSLÁTTUR!
POLYTEX
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 9.950
NÚ 7.995 kr.
Polytex 7 veggmálning 10 ltr
Sterk veggmálning innanhúss.
Litir: hvítt, beinhvítt, ljós antik.
7119970
SPRENGJU-TILBOÐ! GILDIR AÐEINS FIM.-SUN.
ERIKA
3 stk. aðeins
999kr
RAFMAGNS-VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 27.995
NÚ 19.597 kr.
þú sparar: 8.398 kr
Worx Hjólsög
5244838
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 8.680
NÚ 5.775 kr.
þú sparar: 2.905 kr
B&D Juðari
5245364
RAFMAGNS-VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 5.995
NÚ 4.196 kr.
þú sparar: 1.799 kr
Stanley Sporjárnasett 5 stk.
5245599
HAND VERKFÆRI 20-40% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 5.995
NÚ 4.196 kr.
þú sparar: 1.799
Tjakkur, tveggja tonna
30% AFSLÁTTUR!
BLÖNDUNAR TÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 8.995
NÚ 7.195 kr.
Damixa Eldhúsblöndunartæki Space.
Hágæða eldhústæki frá Damixa.
PARKET 20% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 1.449
NÚ 1.159 kr/fm
Eik, 3ja stafa, 6 mm
Austurískt gæða harðparket frá Egger.
BÚSÁHÖLD 30-50% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 8.595
NÚ 5.995 kr
Panna BEKA
28 cm, stál, keramikhúð
Mjög vönduð vara
ÚTIVISTAR-FATNAÐUR 30-50% AFSLÁTTUR!
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 13.990
NÚ 6.995 kr.
þú sparar: 6.995 kr
Vetrarúlpa með hettu
True North. S-2XL
litir: blá, ljósblá, svört
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*Það er kaffitími núna*




# Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiangans, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*




**Á LEIÐINNI TIL MARS** Indverskir vísindamenn vinna hér að Mars Orbiter sem mun flytja tvo gervihnetti að plánetunni rauðu í haust. NORDICPHOTOS/AFP




**Á STRIGASKÓM** Það er víðar en á Íslandi sem embættismenn fá bágt fyrir að klæðast óformlegum skóm. Lögmaðurinn Catalin Dancu, sem sést hér í dómshúsinu í Búkarest í Rúmeníu, fékk sekt sem jafngildir um 180.000 krónum fyrir stílbrotið og að mæta of seint til réttarhalda. NORDICPHOTOS/AFP




**VIÐSJÁRVERÐUR GRANNI** Lögreglulþjónar leita að týndu fólki í á skammt frá kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan, þaðan sem geislavirk efni leka enn tveimur og hálfu ári eftir að það skemmdist í jarðskjálfta. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS







**Í BABÚSKUFORMI** Geimfarinn Chris Cassidy fékk þessa Babúskudúkku í eigin mynd eftir að hann lenti ásamt félögum sínum á jörðu niðri, nánar til tekið í Kasakstan, eftir hálfs árs dvöl í alþjóðlegu geimstöðinni. NORDICPHOTOS/AFP




**Á VETTVANGI GLÆPS** Réttarmeinafræðingar og lögreglumenn sjást hér að störfum þar sem ræningi var skotinn til bana af eiganda skartgripabúðar í frönsku borginni Nice í gær. NORDICPHOTOS/AFP



GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

## Athugasemdir við vogir



Neytendastofa hefur gert athugasemdir við 18 af 437 vogum hjá fimm matvöruverslunum þar sem löggilding var runnin úr gildi. Við löggildingu er sannreynt að vogin vigti rétt. Skoðað var í Hveragerði, í Árborg og höfuðborgarsvæðinu hjá 83 matvöruverslunum. Athugasemdir voru gerðar hjá Mini Market í Drafnarfelli, Krónunni í Rofabæ, Plúsmarkaðnum í Hátúni, Bónus í Holtagörðum og Nóatúni í Hamraborg, að því er greint er frá á vef Neytendastofu. Til staðfestingar á löggildingunni er settur límmiði á áberandi stað sem segir til um gildistíma hennar.

## Lágvöruverðsverslanir hækka meira



Vörukarfa ASÍ hækkaði í verði hjá níu verslunum af 15 frá janúar til loka ágústs. Bónus, Nettó og Iceland hækka vörukörfuna meira en aðrar verslanir. Mesta hækkunin var hjá Iceland eða 5,6 prósent, að því er kemur fram á vef ASÍ. Hjá Nettó var hækkunin 4,7 prósent en hjá Bónus nam hækkunin 3,8 prósentum.

Hjá fjórum verslunum lækkaði vörukarfan á tímabilinu og hjá tveimur stóð verðið nánast í stað. Mesta lækkunin, 4,2 prósent, var hjá Hagkaupum. Hjá 10-11 var lækkunin um 3,5 prósent, Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga 2,9 prósent og Kaupfélagi Steingrímsfjarðar um 1,3 prósent. Litlar sem engar verðbreytingar voru hjá Víði og Kaskó. Verð á mat og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hækkaði um 2,6 prósent frá janúar til loka ágústs.

## Mismikið í brúsunum

Brúsar með Benecol, náttúrulegum mjólkurdrykk sem Mjólkursamsalan framleiðir, eru ekki allir jafnþungir. Neytandi drykkjarins segir einn af brúsunum í kippunni sem hann keypti til dæmis hafa verið um það bil hálffullan.




Honum var boðin ný kippa þegar hann gerði athugasemd vegna þessa. „Pökkunarvélarnar eru stilltar á 65 ml. Það getur vel verið að pökkunarvélin hafi svikið og slys hafi orðið. Þetta hefur verið algjörlega óviljandi,“ segir Aðalsteinn Magnússon, sölustjóri hjá MS. Hann hvetur viðskiptavini til að láta vita verði þeir varir við að eitthvað sé athugavert. Þeir geti þá fengið nýja kippu.



**BAUHAUS** Greiðsla sem bakfærð var á laugardegi barst viðskiptavini ekki fyrr en á þriðjudegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðskiptavinur Bauhaus bað um bakfærslu:

# Beið í þrjá daga eftir endurgreiðslu vöru

Viðskiptavinur Bauhaus þurfti að bíða eftir bakfærslu inn á reikning frá laugardegi til þriðjudags. Viðskiptavinurinn, sem ekki vill koma fram undir nafni, kveðst hafa keypt sturtuklefa fyrir um 150 þúsund krónur síðastliðinn laugardag. Athugað var í tölvu við kassa hvort varan væri til á lager og greiddi viðskiptavinurinn með debetkorti.

Þegar sækja átti vöruna klukkustund síðar á lagerinn reyndist vanta eina af fjórum pakkningum sturtuklefans. Afgreiðslustúlka á kassa varð við beiðni um að greiðslan yrði bakfærð. Þegar engin greiðsla hafði borist inn á reikning viðskiptavinarins á mánudeginum hafði hann samband við Bauhaus og fékk þær upplýsingar að um gjaldeyrisviðskipti væri að ræða og að allt að fjórar vikur gætu liðið þar til greiðsla bærist.

Einar Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bauhaus, segir viðskiptavininn hafa fengið rangar upplýsingar. Undir venjulegum kringumstæðum berist endurgreiðslur sem gerðar eru á virkum dögum samdægurs inn á reikning viðskiptavinar. Endurgreiðslur sem gerðar eru um helgar berast á mánudögum inn á reikning viðskiptavinar. „Stefna okkar varðandi háar endurgreiðslur er að millifæra inn á kort viðskiptavina til að fyrirbyggja of mikið reiðufé í peningaskúffum hjá gjaldkerum okkar. Við bjóðum líka upp á millifærslu inn á reikning viðskiptavinar eða endurgreiðslu í formi peninga ef um lægri upphæðir er að ræða.“

# Eru blettir á hnífum eftir uppþvottinn?

Óhreinindi í síu og spöðum geta valdið blettum á borðbúnaði. Of mikið þvottaefni getur líka verið sökudólgurinn, segir Ólöf Guðmundsdóttir verslunarmaður.

Það er ekki alls ekki víst að uppþvottavélin sé farin að gefa sig ef það eru storknaðar matarleifar á diskunum, gráhvítir dropar á glösunum og brúnir blettir á hnífapörunum að loknum uppþvottinum.

Ef matarleifar eru ekki skolaðar nógu vel af áður en borðbúnaðurinn er settur í uppþvottavélina festast þær í síunni á botni vélarinnar. Sé sían ekki hreinsuð þyrlast óhreinindin um borðbúnaðinn í næsta þvotti og festast á honum, að því er haft er eftir Tone Bergh, sérfræðingi í neytendamálum, á vef norska ríkisútvarpsins. Hún segir þetta vera niðurstöðu kannana á uppþvottavélum og tekur fram að þurrkprógrammið valdi því að matarleifarnar storkni á borðbúnaðinum.



**SÍA Í UPPÞVOTTAVÉL** Ef sían er ekki hreinsuð þyrlast óhreinindin um borðbúnaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bergh bendir einnig á að athuga þurfi spaðana verði borðbúnaðurinn ekki almennilega hreinn eftir hreinsun síunnar. Stundum komi fyrir að matarleifar festist í sjálfum spöðunum. Þá þurfi að reyna að ná matarleifunum úr eða losa spaðana úr vélinni og skola vel í gegnum rifurnar.

Undir þetta tekur Ólöf Guðmundsdóttir sem starfað hefur í versluninni Ormsson í áratugi. „Ef hrísgrjón eru til dæmis ekki skoluð nógu vel af geta þau sest í spaðana. Svo má ekki gleyma að taka grindurnar upp úr vélinni og þrífa þær sérstaklega. Það þarf að hugsa um þessa hluti til þess að þeir vinni fyrir mann.“

Ólöf segir sérstaklega mikilvægt að setja lítið af efnum í uppþvottavélina. „Fyrst og fremst þarf að gæta þess að nota lítið af sápuefnum. Það þarf bara nokkur korn af dufti ef fínt stell er í vélinni eða einn dropa af uppþvottalegi. Ef vélin er full af venjulegum borðbúnaði þarf bara eina teskeið af dufti. Ég tel að það geti myndast blettir vegna ofnotkunar á efnum.“

Þvo þarf á hæsta hitastigi öðru hverju til þess að hreinsa uppþvottavélina, að því er Ólöf bendir á. „Það er algjörlega nauðsynlegt.“

Hún segir að hreinsa þurfi uppþvottavélar með sérstöku vélahreinsiefni einu sinni á ári. „Það má hins vegar ekki setja mikið af því þar sem það getur farið illa með gúmmí í vélunum.“

ibs@frettabladid.is



ÓLÖF GUÐMUNDSDÓTTIR

„Það þarf að hugsa um þessa hluti til þess að þeir vinni fyrir mann.“




**GUÐRÚN BERGMANN** hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða og skrifað bækur um heilsu, náttúrulækningar og umhverfisvitund.

VILTU TAKAST Á VIÐ SYKURFÍKNINA?

fimmtudagur **19. sept.** 4.900 kr.

Hvernig hægt er að eiga „sætt“ líf án sykurs!

**Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:**

Birtingu sykurfíknar og skaðleg áhrif hennar á heilsuna.

Hvernig hægt er að forðast sykur í mat og þekkja dulnefni hans hjá matvælaframleiðendum.

Hvernig frelsi frá sykurfíkn veitir þér aukna líkamlega orku, heilbrigðari húð, bætta meltingu og betra skap.

Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

**HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 21:00**



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979


**NEYTANDINN** **Kristín Soffía Jónsdóttir**

# Gufugæinn bjargar lífinu



Bestu kaup Kristínar Soffíu Jónsdóttur varaborgarfulltrúa eru gufugæi. „Þetta lítur út eins og ryksuga en spýtir út úr sér gufu. Maður hefur séð svona tæki í fatabúðum. Þar sem ég er svo brjálæðislega léleg í að strauja hefur gufugæinn bjargað lífi mínu. Þetta er algjör snilld. Ég keypti tækið daginn eftir að undirkjóll, sem ég reyndi að strauja, bráðnaði. Ég mæli eindregið með þessu.“

Kristín Soffía sagðist þurfa að velta því svolítið fyrir sér hver væru verstu kaupin. „Ég hlæ mikið að ýmsum kaupum sem ég hef gert en ég sé ekki eftir þeim. Ætli kaupin á straumkajak flokkist samt ekki undir þau verstu. Ég keypti mér straumkajak á netinu af því að mér leiddist svo í vinnunni. Þetta er svona kajak sem maður rær niður eftir á með hjálm á höfði og svoleiðis.“

Hún kveðst aldrei hafa róið á kajak áður en kaupin fóru fram. „Ég fann stelpu til að fara með mér og skellti mér niður Hvítá. Þetta var gaman en ég var rosalega hrædd. Svo seldi ég kajakinn með hagnaði. Ég vil meina að þetta hafi verið góð fjárfesting. En þetta voru hræðileg kaup. Maður kaupir sér ekki kajak.“

UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

**BORGARTÚNI 29**

OPIÐ **KL. 10-19 ALLA DAGA**

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**ALDREI MEIRA ÚRVAL!**

**OPNUM Í DAG!**

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




990,-




1.990,-




990,-




990,-

Allar Margit Sandemo bækur á 990,-




990,-




990,-




990,-




3.480,-




990,-




600,-




990,-

## BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

VIÐSNÚNINGUR Í EFNAHAGSLÍFI HEIMSINS

# Gömlu efnahagsveldin að rísa á ný

**Viðsnúnings hefur orðið vart í efnahagslífi heimsins þar sem hin hefðbundnu efnahagsveldi í Evrópu og Ameríku virðast vera að rétta úr kútnum. Á meðan er útlitið ekki eins bjart hjá mörgum nýmarkaðsríkjum. Íslenska hagkerfið gæti notið góðs af þessari þróun.**

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



Fyrir réttum fimm árum fór að hrikta í undirstöðum fjármálakerfis heimsins með falli stóru fjárfestingabankanna í Bandaríkjunum. Á árunum sem fylgdu fór að kreppa að í ríkisfjármálum, sérstaklega hjá hinum þróaðri iðnríkjum, en nýmarkaðsríki á borð við Kína, Indland og Brasilíu virtust ætla að standa af sér hremmingarnar.

Kreppan fór að láta á sér kræla af alvöru í Evrópu í lok árs 2009. Þá fór lántökukostnaður margra þeirra ríkja sem verst stóðu að hækka upp úr öllu valdi og það endurómaði um alla álfuna, sérstaklega innan evrusvæðisins. Óttast var að lönd eins og Grikkland, Ítalía, Portúgal, Írland og Spánn myndu lenda í greiðslufalli og taka allt evrusvæðið með sér en með samstilltu átaki með Seðlabanka Evrópu og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, meðal annars með stofnun neyðarsjóðs, tókst að bjarga aðildarríkjum frá efnahagshruni.

Í síðasta mánuði varð nokkur viðsnúningur þegar Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, kynnti tölur sem sýndu að hagkerfi evruríkjanna óx um 0,3% milli fyrsta og annars ársfjórðungs í ár eftir langt samfellt samdráttartímabil. Mörg evruríki eru enn talsvert frá því að komast fyrir vind í þessum málum, til dæmis er enn samdráttur í Grikklandi, á Spáni og Ítalíu, en engu að síður óx samanlagt hagkerfi ESB um 0,4% á milli fyrsta og annars ársfjórðungs.

Í ræðu sinni fyrir Evrópuþinginu í gær sagði José Manuel Barroso, forseti Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að betri tímar væru nú fram undan.

> **„Einn góður ársfjórðungur þýðir ekki að við séum komin út úr óviðrinu, en það sannar að við erum á réttri leið.**
>
> *José Manuel Barroso, forseti Framkvæmdastjórnar ESB*

Þótt líta yrði raunhæft á stöðuna mætti ekki gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur.

„Einn góður ársfjórðungur þýðir ekki að við séum komin út úr óviðrinu en það sannar að við erum á réttri leið.“

Eins voru Bandaríkin lengi að glíma við að örva efnahagslífið og atvinnuleysi hélst óbreytt frá vori 2009 fram á haust 2011. Nú hefur atvinnuleysi hins vegar dregist nokkuð saman og þjónustugeirinn þar í landi mælist nú stærri en hann hefur verið frá árinu 2005.

Síðustu vikur og mánuði hefur tónninn líka verið talsvert jákvæðari hvað varðar efnahagslífið á Vesturlöndum. Að loknum fundi G-20 ríkjanna, helstu iðnríkja heims, voru talsmenn vesturvelda yfirlýsingaglaðir. Til dæmis voru Bretar vissir um að eftir samdrátt eða kyrrstöðu síðustu ára væru hlutirnir á uppleið og Japanar sjá nú fyrir endann á margra ára tímabili stöðnunar eða samdráttar.

Nýmarkaðsríkin gætu liðið fyrir að væntingar til þeirra hafi verið allt of háar en nú er myndin sem dregin er upp allt öðruvísi. BRICS-ríkin tóku sig meðal annars saman á meðan á G-20 ráðstefnunni stóð og settu á laggirnar hundrað milljarða dala sjóð til að girða þau gegn gengissveiflum.

Áhrifin af þessum umskiptum gætu meðal annars verið þau að markaðir búast við því að seðlabankar í þróuðu efnahagsveldunum muni á komandi misserum hækka stýrivexti og draga úr inngripum í efnahagslífið.




*upplýsingar liggja ekki fyrir

Heimildir : OECD og Eurostat

## Mögulega góðar fréttir fyrir Ísland



GYLFI ZOËGA

Ísland er afar nátengt hinum hefðbundnu efnahagsveldum þar sem yfir 90% af vöruútflutningi landsins fara til Evrópulanda (78,3% til EES-ríkja), Bandaríkjanna eða Japan. Ef viðsnúningurinn helst og hagvöxtur kemst aftur á skrið getur það haft talsverð áhrif á efnahagshorfur hér á landi, að sögn Gylfa Zoëga, prófessors í hagfræði.

„Þetta eru okkar útflutningsmarkaðir og okkar viðskiptakjör hafa versnað m.a. vegna áhrifa kreppunnar í Suður-Evrópu á verð sjávarafurða.“ Gylfi segir aðspurður að þessi breyting til batnaðar sé ekki inni í þeim sviðsmyndum sem notaðar hafa verið til að spá fyrir um hagvöxt hér á landi.

„Ef Evrópa er að ná sér á strik þá eru það góðar fréttir sem ekki er búið að taka inn í reikninginn. Bætt viðskiptakjör munu skila sér í auknum hagvexti hér á landi.“



## BRICS-löndin farin að dala?

Árið 2001 bjó Jim O‘Neill, aðalhagfræðingur Goldman Sachs, til hugtakið BRIC um fjögur lönd, Brasilíu, Rússland, Indland og Kína, sem hann sá fyrir sér að myndu, í fyllingu tímans, ógna yfirburðastöðu gömlu iðnríkjanna í efnahagslegu og síðar í pólitísku tilliti.

BRIC-ríkin hófu samstarf á þessum forsendum og stækkuðu hópinn árið 2011 þegar Suður-Afríka varð fullgildur meðlimur. Eftir það er talað um BRICS.

Vöxtur hélst nokkuð stöðugur á tímabilinu en nú þykir syrta nokkuð í álinn, sérstaklega hjá Brasilíu og Indlandi þar sem samdráttur var bæði í framleiðslu- og þjónustuiðnaði. Rússar urðu fyrst fyrir talsverðum skakkaföllum vegna samdráttar í eftirspurn eftir olíu en frá lokum 2009 hafa þeir ekki upplifað samdráttarskeið og hagvöxtur á ársgrundvelli hefur verið um fjögur prósent.

Þá er efnahagsævintýrinu í Kína ekki lokið enn þar sem vöxtur í fyrra nam 7,8% og útlit er fyrir að vöxtur í ár verði svipaður, eða aðeins minni.

Birting viðauka við grunnlýsingu sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka hf.

Útgefandi: Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík.

Íslandsbanki hefur birt viðauka við grunnlýsingu sértryggðra skuldabréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, NASDAQ OMX Iceland hf.

Grunnlýsingin, dagsett 4. nóvember 2011 og viðaukar við grunnlýsingu, dagsettir 6. desember 2011, 25. október 2012, 13. mars 2013 og 10. september 2013 eru gefin út á ensku og birt á vefsíðu bankans,

http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/

Skjölin má nálgast á pappírsformi hjá útgefanda, Íslandsbanka hf. , Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, næstu 12 mánuði frá 12. september 2013.

Reykjavík, 12. september 2013

www.islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki




**Vinsælu svefnsófarnir komnir aftur**

Denver svefnsófi
**89.900**
Fæst grár og grænn








Sófi Fifties
**179.900**



Stóll Fifties
**99.900**



Borð
**49.900**

Borð
**39.900**

Málverk 30x30 **790**



Lampar **5.990**



Speglar í mörgum litum - 30 cm **1.690**



Kerti með og án ilms **990-1.490**



Hornsófi - leður áður 279.900 nú **195.930**




Mikið úrval af fallegum glösum



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

ÍRIS

# SKOÐUN

Vatnsmýrarlandið er of dýrt fyrir flugvöll:

## Að flytja flugvöll losar peninga

Sigurður Jóhannesson hagfræðingur skrifaði áhugaverða grein í vikuritið Vísbendingu, sem Fréttablaðið sagði frá fyrr í vikunni. Sigurður fjallar þar um deilur um Reykjavíkurflugvöll og rifjar upp fyrri greiningar á þjóðhagslegum ávinningi þess að færa hann úr Vatnsmýrinni.

„Megingallinn við að hafa flugvöll í Vatnsmýrinni er að óvíða er land dýrara en þar. Á meðan ekki er íbúðabyggð á svæðinu verður að byggja fjær miðbænum og meiri tími fer í ferðir innan bæjar. Nýlegar erlendar rannsóknir benda til þess að náið samhengi sé milli þéttleika byggðar og framleiðni," skrifar Sigurður.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Hann bendir á að núvirtur hreinn hagnaður af því að flytja flugvöll á Hólmsheiði eða færa innanlandsflugið til Keflavíkur sé 35-40 milljarðar króna og stærsti sparnaðarliðurinn sé minni ferðatími innan borgarinnar. Þó yrði ábatinn enn meiri ef miðað væri við lóðaverð.

Landið undir flugvellinum er eftirsóknarvert byggingarland og dýrt eftir því. Sigurður áætlar að markaðsvirði þess gæti verið um 75 milljarðar króna. Í dag er ekki einu sinni greidd leiga af þessu landi, sem Sigurður áætlar að gæti verið þrír og hálfur til fjórir milljarðar króna ef miðað er við fimm prósenta raunvexti.

Sigurður Jóhannesson segir að lengi megi deila um forsendur í kostnaðar- og ábatagreiningu á staðsetningu flugvallar, en fátt geti haggað meginniðurstöðunni. „Erfitt er að sjá annað en að landið undir flugvelli í Vatnsmýrinni sé of dýrt til þess að skynsamlegt sé að nota það undir flugvöll," skrifar hann.

Stærsti eigandi lands í Vatnsmýrinni er ríkisvaldið. Ríkið gæti fengið í sinn hlut 30-40 milljarða, yrðu seldar byggingarlóðir á svæðinu. Að gera nýjan og flottari flugvöll yrði mun ódýrara, miðað við kostnaðaráætlanir sem á sínum tíma voru settar fram í skýrslu samráðshóps samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

Fyrir utan annan efnahagslegan ávinning af flutningi flugvallarins myndi ríkissjóður því væntanlega hagnast vel. Og þá vaknar sú spurning hvort þingmenn og ráðherrar, sem nú sjá engan annan kost en að troða núverandi staðsetningu flugvallarins upp á Reykvíkinga með góðu eða illu, geti séð möguleika á aðgerðum sem hugsanlega breyttu forsendum í umræðunni um flugvöllinn.

Aðalröksemd þeirra sem nú safna undirskriftum til stuðnings flugvelli á núverandi stað er til dæmis að mínútur geti skipt sköpum í sjúkraflutningum. Og vafalaust gera þær það stundum. En af hverju var þá ekki safnað undirskriftum á landsvísu þegar hætt var að hafa sjúkraflugvél í Vestmannaeyjum og útkallstíminn lengdist um 24 mínútur, eins og kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar? Gætu peningar sem fengjust fyrir lóðir í Vatnsmýri nýtzt til að bæta viðbragðstíma og aðstöðu í sjúkraflugi? Fjölga stöðum með sjúkraflugvél? Efla þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæzlunnar? Þannig mætti spyrja áfram.

Röksemdafærsla þeirra sem vilja að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri er of einhliða, meðal annars vegna þess að ekki er horft á fjárhagslega ábatann af því að flytja hann og hvernig má verja þeim peningum. Það skiptir að sjálfsögðu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tiltölulega stuttur

Grein Jóns Baldvins Hannibalssonar í Fréttablaðinu í gær var allrar athygli verð. Líklega var athyglisverðasta setningin þó þessi hér: „Ég hef á tiltölulega stuttum stjórnmálaferli oft sætt harðri gagnrýni í fjölmiðlum." Ekki er að efa að það er rétt hjá Jóni Baldvin að hann hafi oft sætt umtalsverði gagnrýni. Það er hitt sem menn hnjóta um; að stjórnmálaferill hans sé „tiltölulega stuttur". Jón Baldvin var alþingismaður í sextán ár. Áður var hann bæjarfulltrúi á Ísafirði í sjö ár. Þess á milli sat hann meðal annars í stjórnarskrárnefnd. Það má því segja að stjórnmálaferill Jóns spanni í kringum 27 ár. Styttra má það varla vera.



### Sextán árin

Til samanburðar eru nú fimm menn á þingi sem hafa setið þar lengur en í sextán ár. Þeir eru Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Einar K. Guðfinnsson, Pétur H. Blöndal og Ögmundur Jónasson. Fæstir mundu segja að stjórnmálaferill þessara manna væri stuttur.



### Eða jafnvel fröken

Í umræðum um Reykjavíkurflugvöll ávarpaði Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, samþingmenn sína og ráðherra ítrekað með orðunum „frú" og „herra". Að endingu sá þingforsetinn Silja Dögg Gunnarsdóttir sig tilneyddan til að árétta að þingmenn skyldi ávarpa með orðinu „háttvirtur" og ráðherra með „hæstvirtur". Jón Þór svaraði fyrir sig, sagði stjórnmálamenn ekki njóta nægrar virðingar til að eiga slík ávörp skilin og að hann myndi áfram ávarpa alla með orðunum „herra" og „frú". „Nú eða jafnvel fröken," bætti hann við. Ekki er víst að þingforsetar muni taka því þegjandi og hljóðalaust.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Flóttafólk og aðrir hælisleitendur

FLÓTTAMENN



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Ríkisstjórnin er búin að samþykkja tillögu um móttöku flóttamanna næstu tvö árin. Fréttir herma að konum sem eru í hættu í Afganistan og samkynhneigðum frá Íran eða Afganistan muni boðið nýtt líf hérlendis.

Þetta er tvímælalaust góð ákvörðun hjá ríkistjórninni og gott framtak íslensku þjóðarinnar. Mig langar að fagna þessum fréttum og klappa fyrir fólkinu sem átt hefur frumkvæði að málinu.

En stundum virðist mér sem „flóttafólk" skiptist í tvennt: annars vegar eru „góðir flóttamenn" sem ríkistjórnir bjóða til Íslands og hins vegar eru „vondir flóttamenn" sem venjulega eru kallaðir „hælisleitendur". Það virðist sem síðarnefndi hópurinn hafi á sér neikvæðara orð í samfélaginu.

En flóttamenn, sem koma hingað gegnum kerfi Sameinuðu þjóðanna, og hælisleitendur, sem lenda á Íslandi, eru „flóttamenn" sem hafa þurft að yfirgefa heimaland sitt af illviðráðanlegum ástæðum. Þeir voru leiddir í annan veg af ástæðum eða örlögum sem þeir oftast réðu ekki við.

Ég þekki nokkra hælisleitendur á Íslandi sem ég get kallað vini mína. Mig langar að nefna sérstaklega hælisleitendur sem eru búnir að eyða mörgum árum á Íslandi. Þeir verða að endurnýja tíma-og réttindabundið leyfi árlega og eru samt ekki enn þá í sjúkratryggingakerfinu, þar sem þeir mega ekki eiga lögheimili. Því hafa þeir ekki aðgang að velferðarþjónustunni.

> ➜ **Í hreinskilni sagt verð ég þung í brjósti og döpur við þá staðreynd. Ég er hrædd um að ég verði skilin ein eftir," sagði hún og grét.**

Tíu ár, átta ár eða sex ár eru fjöldi ára sem ég get nefnt núna. Samkynhneigð manneskja er líka á meðal þeirra sem og kona. Hvað ætlar ríkisstjórnin sér að gera fyrir þessa einstaklinga? Það hlýtur að vera einhver hindrun sem kemur í veg fyrir að niðurstaða komist í mál þessara einstaklinga en þeir segjast engu að síður ekki vita hver sú hindrun er.

Konan í þessum hópi sagði við mig um daginn: „Margt flóttafólk sem kom til Íslands eftir komu mína er núna með dvalarleyfi. Í hreinskilni sagt verð ég þung í brjósti og döpur við þá staðreynd. Ég er hrædd um að ég verði skilin ein eftir," sagði hún og grét.

Kæra fólk sem starfar í stjórnvaldsgeiranum. Mig langar til að vekja athygli ykkar á þessum hælisleitendum og biðja ykkur innilega um að sýna þeim mannlegan skilning eins og þið hafið sýnt við móttöku nýrra og væntanlegra flóttamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um ástandið í Sýrlandi

UTANRÍKISMÁL





**Munib A. Younan**
forseti Lútherska heimssambandsins

**Martin J unge**
framkvæmdastjóri Lútherska heimssambandsins

Við beinum þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórna sem hyggja á hernaðaríhlutun í Sýrlandi að hverfa frá slíkum úrræðum til að fást við það flókna ástand sem þar er. Aldrei hefur gefið góða raun að nota olíu til að slökkva elda. Slíkar aðgerðir eru ekki varanleg lausn á vandanum og ýta undir öfga og ofbeldi. Það mun hafa í för með sér aukið ójafnvægi í Sýrlandi, Miðausturlöndum og heiminum öllum.

Við hryggjumst yfir vanhæfni alþjóðasamfélagsins til að vinna saman að friði í heiminum. Vanhæfni sem hefur valdið því að ekki hefur tekist að leysa togstreituna í Sýrlandi á vettvangi stjórnmála eða eftir diplómatískum leiðum. Hagsmunir erlendra ríkja hafa verið teknir fram yfir hagsmuni sýrlensku þjóðarinnar. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur verið lamað og ekkert getað aðhafst vegna andstæðra þjóðaröryggishagsmuna. Þetta ástand hefur gert stöðuna í Sýrlandi enn erfiðari og dregið úr öryggi.

Vegna aðildar Lútherska heimssambandsins að rekstri Za´atriflóttamannabúðanna í Jórdaníu hefur athygli okkar beinst að raunum og þjáningu almennings í landinu. Þar verður fólk fyrir harkalegu ofbeldi og ástandið virðist enn að magnast með tilheyrandi grimmd og hryllingi.

Við beinum því til alþjóðasamfélagsins að unnið verði á vettvangi SÞ að því að styðja allt sem miðar að varanlegum lausnum á ágreiningi án valdbeitingar. Við leggjum áherslu á að aðkomu og aðferðum Sameinuðu þjóðanna verði breytt svo þær megi áfram þjóna okkur öllum í leit okkar að réttlæti og friði.

Tryggja þarf áhrifamátt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna svo það geti brugðist við flóknum aðstæðum eins og í Sýrlandi. Það er trú okkar að endurbætt öryggisráð eigi að einbeita sér að því að tryggja öryggi þeirra sem svipt hafa verið mannréttindum og bera byrðar átaka og ofbeldis.

## AF NETINU

### Er vit í að loka Hörpu?

Kári Stefánsson spyr hvort rétt sé að loka Hörpu og setja peningana í heilbrigðiskerfið.

Það er allt í lagi að spurt sé en málið er kannski ekki alveg svona einfalt.

Segjum að Hörpu yrði lokað. Þá yrði áfram að borga af lánum sem hvíla á húsinu, fasteignagjöld og annað. Líklega yrði að hafa eitthvað viðhald, því varla myndu menn vilja að húsið grotnaði niður. Þannig að kostnaður yrði áfram af húsinu þótt enginn væri í því. Á móti myndu ekki koma neinar tekjur. Það eru viðburðir í Hörpu nánast hvert einasta kvöld – margir þeirra skila tekjum til hússins. En vitaskuld er borgað með Sinfóníuhljómsveitinni og Íslensku óperunni. Þessar stofnanir njóta ríkisstyrkja. Það er þá spurning hvort menn vildu leggja þær niður um leið og starfsemina í Hörpu ellegar flytja þær í önnur hús.

http://eyjan.pressan.is
*Egill Helgason*

# Áttavitanum fleygt

Í DAG

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
borgarfulltrúi



Uppáhaldssjónvarpsþáttur Margrétar Thatcher heitinnar var hinn frábæri grínþáttur „Já, ráðherra“ og seinna „Já, forsætisráðherra“. Eins og flestir muna gengu þættirnir öðru fremur út á að embættismennirnir sem unnu með ráðherranum Jim Hacker höfðu ávallt aðra skoðun á hlutunum en ráðherrann. Með klókindum réðu embættismennirnir á endanum ferðinni í smáum málum sem stórum.

Munurinn á ráðherranum í sjónvarpsþáttunum og borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Gnarr, er að ráðherrann taldi sig ráða öllu þó að hann réði í raun engu en Jón Gnarr taldi sig frá byrjun ekki þurfa að ráða neinu. Þetta var útgangspunktur Besta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar árið 2010. Besti flokkurinn lýsti því yfir að það gæti ekki verið mikið mál að stýra borginni því þar væru valdir fagmenn í hverju rúmi. Og sumir kjósendur hugsuðu, auðvitað, hver þarf stjórnmálamenn, geta embættismenn borgarinnar ekki bara séð um þetta?

**Stefna um stefnuleysi**

Eitt það versta í rekstri fyrirtækja og stofnana er stefnuleysi. Ef menn vita ekki hvert þeir vilja fara komast þeir sjaldnast á áfangastað, þrátt fyrir að búa yfir öflugum hópi starfsfólks. Fyrirtæki leggja því mikla áherslu á að marka sér stefnu í rekstri sínum með reglulegu millibili. Jafnframt þarf að tryggja að allir starfsmenn fyrirtækisins viti hver stefnan og markmiðin eru þannig að allir geti unnið sameiginlega að settu marki. Borgarstjóri er æðsti yfirmaður 7.300 starfsmanna Reykjavíkurborgar, sem er einn stærsti atvinnurekandi landsins. Eitt af aðalverkefnum borgarstjóra er að ákveða hvert skuli halda í stórum málum sem litlum.

Stefnuleysi er hins vegar afleiðing hillinga Besta flokksins og Jóns Gnarr um að óþarfi sé fyrir borgarstjóra að ráða ferðinni. Embættismenn og annað fagfólk finnur það á eigin skinni. Fáir vita lengur hver er yfir hverju og flækjustig stjórnsýslunnar hefur aukist til muna við endalausar sameiningar. Engin stefna hefur verið sett fram um forgangsröðun fjármuna. Afleiðingin er að enn eitt árið sker borgin niður og hækkar gjöld á borgarbúa, flatt á alla málaflokka, í stað þess að forgangsraða og ákveða hvaða grunnþjónustu verði að verja. Hofsvallagötumálið þekkja allir. Þar fóru næstum 20 milljónir í furðulega framkvæmd vegna þrengingar götunnar í tilraunaskyni. Þótt meirihlutinn beri þar ábyrgð finnst enginn sem telur sig bera ábyrgð á málinu.

Fyrir þremur árum komu fram sláandi upplýsingar um fjölda barna, sérstaklega drengja, sem geta ekki lesið sér til gagns. Enn hefur ekkert markvisst verið gert í því að taka af myndarskap á vanda barna sem eiga við lestrarerfiðleika að etja. Nýjar tölur sýna það svart á hvítu að ástandið hefur ekkert lagast á þessum þremur árum. Sorglegasta dæmið um stefnuleysi varðar málefni barna sem eiga erfitt í skólakerfinu og þurfa sannarlega betri stuðning. Jón Gnarr hefur talað mikið um reynslu sína af því að vera vansælt barn í skólakerfi sem skildi hann ekki. Sú umræða er þörf og reynsla Jóns hefði getað nýst við stefnumótun og ákvarðanatöku til að bæta umhverfi barna, sérstaklega drengja, sem eru í sömu stöðu nú og borgarstjóri var á sínum tíma. Besti flokkurinn og Samfylkingin hafa hins vegar ekkert gert til þess að bæta vanda þessara barna og segjast skólarnir vera algjört eyland þegar kemur að börnum með erfið geðræn vandamál. Stefnuleysið er algjört.

**Kosningar snúast um stefnu**

Dæmin á þessu kjörtímabili minna okkur á að það er ekki hlutverk embættismanna að móta stefnu í málaflokkum heldur að innleiða hana. Það má gagnrýna kjörna stjórnmálamenn fyrir lélega, vanhugsaða, illa útfærða eða ótímabæra stefnu en stjórnmálamenn eru kosnir til að móta stefnuna og bera ábyrgð á henni. Ef þeir leggja ekki línurnar, forgangsraða fjármunum og setja markmið gerir það enginn.

> Stefnuleysi er hins vegar afleiðing hillinga Besta flokksins og Jóns Gnarr um að óþarfi sé fyrir borgarstjóra að ráða ferðinni. Embættismenn og annað fagfólk finnur það á eigin skinni. Fáir vita lengur hver er yfir hverju og flækjustig stjórnsýslunnar hefur aukist til muna við endalausar sameiningar.

Ákvörðun um stefnuleysi er ófasakanlegt fyrirbæri. Slík tilraun er nú í framkvæmd hjá borgarstjórn og niðurstaðan er að „kerfið“ keyrir nokkurn veginn á sjálfstýringu en án áttavita. Umsvif Reykjavíkurborgar eru mikil. Reksturinn er því eins og olíuskip að því leyti að það tekur ansi langan tíma að beygja út af fyrri stefnu og steyta á skeri þótt skipstjórinn hafi brugðið sér frá. Það gerist þó fyrr en síðar. Tilraunaverkefnið misheppnaða á Hofsvallagötu er smámál í þeim samanburði.

STÍGUM FRAM

BÓK FYRIR ALLAR KONUR SEM STEFNA AÐ ÁRANGRI Í LÍFINU

EFTIR SHERYL SANDBERG
AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRA FACEBOOK
KEMUR ÚT Í DAG!

STÍGUM FRAM fer sigurför um heiminn og hefur komið út í yfir 20 löndum

ÚTGÁFUPARTÍ Í EYMUNDSSON,
SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG FRÁ 17-19.
LÉTTAR VEITINGAR. ALLIR VELKOMNIR!

Stutt dagskrá kl. 17:30
– m.a. Magnea Þórey Hjálmarsdóttir
framkvæmdastjóri Icelandair Hotels Group.




15% VILDARKLÚBBSAFSLÁTTUR ÚT SEPTEMBER 3.799 KR.
Leiðbeinandi verð: 4.499 kr.

„Sætur“ kaupauki fylgir fyrstu 100 bókunum sem seldar eru í Eymundsson, Skólavörðustíg.

GRÆNIR HÆLAR

Eymundsson

FÆST Í ÖLLUM VERSLUNUM EYMUNDSSON!

# Virkt fjármálaeftirlit er undirstaða endurreisnar

FJÁRMÁL



Aðalsteinn Leifsson
stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins

Virkt fjármálaeftirlit sem uppfyllir alþjóðleg viðmið er ein forsenda uppbyggingar íslensks atvinnulífs.

Eftir hrun voru gerðar ítarlegar úttektir á starfsemi Fjármálaeftirlitsins (FME) af innlendum og erlendum sérfræðingum. Kaarlo Jännäri lagði meðal annars til að valdheimildir FME yrðu auknar og stofnunin hvött til að beita sér af meiri krafti. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis kom fram að mikið skorti á að FME væri í stakk búið til að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjum á viðhlítandi hátt. Þá leiddi skoðun Pierre-Yves Thoreval til þeirrar niðurstöðu að FME uppfyllti innan við helming þeirra alþjóðlegu staðla (Basel Core Principles) sem settir hefðu verið fram um skilvirkt eftirlit.

Þessi erfiða staða orsakaðist af langvarandi fjársvelti og undirmönnun. Sem dæmi má nefna að í lok ársins 2006 voru einungis þrír starfsmenn þeir sömu og í upphafi ársins á því sviði sem hafði eftirlit með öllum bönkunum.

Í kjölfar úttektanna hefur skipulega verið unnið að uppbyggingu FME með stuðningi löggjafans, ráðuneyta, SÍ og eftirlitsskyldra aðila. Fyrir mitt næsta ár munu óháðir erlendir sérfræðingar á ný gera úttekt á störfum FME. Til mikils er að vinna fyrir íslenskt atvinnulíf að árangur í uppbyggingu eftirlitsins sé viðurkenndur.

**Nauðsynlegt**

FME er fjármagnað af þeim aðilum sem það hefur eftirlit með. Almennir skattgreiðendur þurfa því ekki að reiða fram fé til eftirlitsins. Stjórn FME og Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila gæta þess að rekstraráætlun eftirlitsins sé í samræmi við verkefnin. Eftirlitsskyldir aðilar hafa komið fram af ábyrgð og sýnt uppbyggingu FME skilning.

Áherslur stjórnvalda eru réttilega á að byggja upp atvinnulíf og auka fjárfestingar, sem eru í lágmarki. Fjármálaeftirlit sem uppfyllir alþjóðlegt viðmið er nauðsynlegt til þess að fjárfestingar aukist á Íslandi og að íslensk fyrirtæki geti leitað fjármögnunar á erlendum mörkuðum.

**➜ FME er fjármagnað af þeim aðilum sem það hefur eftirlit með. Almennir skattgreiðendur þurfa því ekki að reiða fram fé til eftirlitsins.**

Komið hefur fram að FME hafi ekki nýtt að fullu þær fjárheimildir sem það hefur haft undanfarin tvö ár. Ástæða þess er að eftirlitið hefur sýnt ríkt aðhald í framkvæmd uppbyggingar- og umbótaverkefna, meðvitað um hversu óheppilegt það er að kostnaður við uppbygginguna komi fram á sama tíma og fjármálastarfsemi er í lágmarki og mörg brýn verkefni í samfélaginu. Sá afgangur gerir að verkum að hægt verður að lækka framlag eftirlitsskyldra aðila til FME á næsta ári, þrátt fyrir að kostnaður við verkefnin nái hámarki þá.

Auðvitað er freistandi að skera niður framlög til FME og vona að það komi ekki að sök. Þeir fjármunir sem sparast munu þó hvorki fara í heilbrigðiskerfi né menntamál með beinum hætti heldur lækka það gjald sem eftirlitsskyldir aðilar þurfa að greiða. Þeir hagsmunir eru litlir í samanburði við þann kostnað sem af hlýst ef okkur mistekst að byggja upp virkt eftirlit sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Sá kostnaður kemur niður á öllum. Um það höfum við Íslendingar skýrt dæmi, sem við lifum hvern dag. Uppbygging virks fjármálaeftirlits krefst úthalds.









# Landspítali í bráðri hættu

Landspítalinn er sjúkrahús allra landsmanna og um leið mikilvægasta kennslustofnun á sviði heilbrigðismála í landinu. Það kemur ekki til af góðu að Landspítalinn hefur verið mikið til umræðu síðustu vikurnar, þar sem ófremdarástand hefur ítrekað skapast. Nú síðast á lyflækningasviði, sem er stærsta svið spítalans og það svið sem annast flesta af veikustu sjúklingunum, þar á meðal á sviði hjarta-, krabbameins-, lungna-, smitsjúkdóma-, innkirtla-, ofnæmis-, endurhæfingar-, öldrunar-, meltingar-, nýrna- og gigtarlækninga.

**Hrun á lyflækningssviði**

Ljóst er að eftir langvarandi niðurskurð er lyflækningasviðið svo illa statt að það getur ekki risið undir hlutverki sínu við núverandi kringumstæður. Álag á lækna er gríðarlegt og starfsánægja í lágmarki. Þrátt fyrir að starfskannanir innan sviðsins hafi ítrekað sýnt afar slæma útkomu hvað varðar starfsánægju og aðstöðu, bæði meðal almennra lækna og sérfræðilækna, hefur ekki verið gripið til nauðsynlegra aðgerða til að snúa þróuninni við.

**Atgervisflótti og skortur á nýliðun**

Atgervisflótti almennra lækna og sérfræðinga í lyflækningum er staðreynd og það sama á við um sérfræðilækna á fleiri sviðum Landspítala og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Skortur á nýliðun kemur líka fram í því að þeir sem hafa lokið sérmenntun erlendis sækja í mun minni mæli aftur til Íslands. Umtalsvert betri kjör og betra starfsumhverfi eru í boði í nágrannalöndum okkar. Þar taka þarlendar stofnanir fagnandi við reyndum íslenskum sérfræðilæknum sem hafa menntað sig með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn við bestu háskólasjúkrahús í Evrópu og N-Ameríku. Á síðustu fjórum árum hafa sífellt færri ungir læknar valið að sérhæfa sig til framhaldsnáms á lyflækningasviði spítalans og í staðinn leitað á önnur mið. Árið 2009 voru 24 almennir læknar við störf á lyflækningasviði. Nú eru þeir tíu og fer fækkandi.

**Framhaldsmenntun í molum**

Framhaldsnám í lyflækningum á Landspítala hefur verið eftirsótt af ungum læknum í gegnum tíðina og ekki eru mörg ár síðan velja þurfti á milli áhugasamra umsækjenda. Í dag er staðan gjörbreytt og meirihluti af stöðum deildarlækna ósetinn. Álagið á þá deildarlækna sem eftir eru og þá sérfræðilækna sem ganga þurfa í störf ungu læknanna er því gríðarlegt. Aðeins er spurning hvenær sérfræðilæknar fá einnig nóg af álaginu og aðstöðuleysinu og segja upp störfum sínum. Það er því augljóst að staðan á lyflækningasviði er grafalvarleg og ástandið gæti haft keðjuverkandi áhrif á önnur svið sjúkrahússins sem sum eiga einnig undir högg að sækja.

**Vandinn fyrirséður**

Sú staða sem nú er komin upp er þó hvorki nýtilkomin né ófyrirséð. Á síðustu þremur til fjórum árum hefur jafnt og þétt sigið á ógæfuhliðina. Ekki hefur verið brugðist nægjanlega við tillögum almennra lækna um bætta starfsaðstöðu og kjör og ljóst er að upp er kominn trúnaðarbrestur milli þeirra og stjórnenda, sem flækir úrlausn þessara brýnu vandamála. Ef ekki verður spornað strax við þróuninni sem lýst er hér mun starfsemi spítalans skaðast á ófyrirsjáanlegan hátt.

Það er þó margt fleira sem hrjáir Landspítalann en atgervisflótti almennra lækna á lyflækningasviði. Fækkun lækna í einstökum sérgreinum er orðin grafalvarleg, s.s. í krabbameins-, nýrna- og hjartaskurðlækningum ásamt læknisfræðilegri myndgreiningu. Þessu fylgir aukið álag á þá lækna sem eftir eru og er hvorki til þess fallið að auka starfsánægju þeirra né bæta orðspor spítalans gagnvart ungum sérfræðingum sem búsettir eru erlendis. Verkefnum Landspítala hefur fjölgað mikið og þau eru flóknari en áður, ekki síst vegna framfara í læknavísindum, vaxandi fjölda eldra fólks og niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

**Laun, tæki og húsnæði**

Laun lækna hafa dregist aftur úr öðrum stéttum, húsnæði Landspítala er úr sér gengið og aðstaða starfsfólks er víða ófullnægjandi. Einnig má nefna bágan tækjakost spítalans en endurnýjun hans hefur setið á hakanum líkt og eðlilegt viðhald húsnæðisins. Án nútímatækjabúnaðar er læknum ekki mögulegt að bjóða upp á bestu meðferð líkt og gert er á háskólasjúkrahúsum nágrannalanda okkar. Kaup á lækninga- og rannsóknartækjum ætti að vera hluti af daglegum rekstri spítalans. Það er í hæsta máta óeðlilegt að okkar mati að svo mikilvæg grunnstoð velferðar í okkar samfélagi þurfi að reiða sig að verulegu leyti á söfnunarfé einstaklinga, fyrirtækja eða þjóðkirkjunnar til að endurnýja nauðsynlegan tækjabúnað á háskólasjúkrahúsi landsins. Peningar eru þó víða til, eins og sést best á nýhöfnum framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng og þeirri staðreynd að fyrirtæki í sjávarútvegi skila hagnaði, sem í sumum tilvikum skagar hátt í árlegar fjárveitingar ríkissjóðs til Landspítala. Að okkar mati ætti eðlilegur rekstur Landspítala að geta náðst með skynsamlegri forgangsröðun fjármagns í þjóðfélaginu. Tíminn er naumur og úrlausnir sem augljóst er að kosta umtalsverða fjármuni þurfa að liggja fyrir innan vikna fremur en mánaða.

**➜ Að okkar mati ætti eðlilegur rekstur Landspítala að geta náðst með skynsamlegri forgangsröðun fjármagns í þjóðfélaginu.**

**Grunnstoð heilbrigðisþjónustu í hættu**

Okkur er til efs að umrædd þróun á Landspítala sé almenningi í landinu að skapi, enda þurfa flestar íslenskar fjölskyldur á þjónustu sjúkrahússins að halda á hverju ári. Góð heilsa og öflug heilbrigðisþjónusta er það sem skiptir fólk hvað mestu máli. Það vita þeir best sem stríða við heilsubrest. Okkar hlutverk sem störfum á sjúkrahúsi allra landsmanna er að koma þeim sem til okkar leita til betri heilsu. Það höfum við gert fram til þessa með því að leggja metnað okkar í að bjóða þjónustu sem hefur staðist samanburð við það besta sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Að óbreyttu er ljóst að ekki verður framhald á því, þar sem ein meginstoðin í gangverki Landspítala, lyflækningasviðið, glímir nú við erfiðleika sem gætu hæglega valdið óbætanlegu tjóni ef ekki verður tafarlaust brugðist við með viðeigandi aðgerðum.

**Ásgeir Haraldsson,**
yfirlæknir og prófessor í barnalækningum

**Björn Guðbjörnsson,**
prófessor í gigtarrannsóknum

**Björn Rúnar Lúðvíksson,**
yfirlæknir og prófessor í ónæmisfræði

**Einar Stefán Björnsson,**
yfirlæknir og prófessor í meltingarlækningum

**Einar Stefánsson,**
yfirlæknir og prófessor í augnlækningum

**Engilbert Sigurðsson,**
yfirlæknir og prófessor í geðlækningum

**Guðmundur Þorgeirsson,**
yfirlæknir og prófessor í lyflækningum

**Helgi Sigurðsson,**
yfirlæknir og prófessor í krabbameinslækningum

**Jóhann Heiðar Jóhannsson,**
yfirlæknir og klínískur prófessor í meinafræði

**Jón Gunnlaugur Jónsson,**
yfirlæknir og prófessor í meinafræði

**Jón Jóhannes Jónsson,**
yfirlæknir og prófessor í lífefnafræði

**Karl Andersen,**
prófessor í hjartalækningum

**Karl G. Kristinsson,**
yfirlæknir og prófessor í sýklafræði

**Magnús Gottfreðsson,**
yfirlæknir og prófessor í smitsjúkdómalækningum

**Magnús Karl Magnússon,**
prófessor í lyfjafræði og deildarforseti læknadeildar

**Páll Torfi Önundarson,**
yfirlæknir og prófessor í blóðmeinafræði

**Rafn Benediktsson,**
yfirlæknir og prófessor í lyflækningum

**Ragnar Bjarnason,**
yfirlæknir og prófessor í barnasjúkdómum

**Sigurður Guðmundsson,**
prófessor í lyflækningum

**Tómas Guðbjartsson,**
yfirlæknir og prófessor í skurðlækningum




HÁSKÓLABÍÓ
HLJÓÐX
midi.is

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
MIÐAVERÐ 6.500 KR · HÚSIÐ OPNAR KL 19:00 · TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:00

## AF NETINU

### Tvöfalt heimsmet

Ofan á fyrra heimsmet í kosningaloforðum hefur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sett heimsmet í áætlunum. Á Alþingi í gær sagðist hann vera með á prjónunum heimsins róttækustu aðgerðir í málum skuldara. Lítið er samt vitað um gerðir hans í þessu efni. Annað en að enn er verið að skipa í nefndir.

Þetta minnir á ferð hans til Noregs í gamla daga eftir hrunið. Þá ætlaði hann að sækja hundruð milljarða til að forða okkur frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum. Aldrei fundust þeir peningar. En nú er hugsanlegt að takist að koma hinum flottu nefndum í gang. Sigmundi Davíð verður sjaldan orða vant um sinn góða vilja.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Karlmennskan í HÍ

Jón Baldvin Hannibalsson segist hafa fengið þá skýringu á afturköllun boðs um að halda gestafyrirlestra við HÍ að svokallaðir „kynjafræðingar" hafi mótmælt ráðningu hans skriflega. Ég bað forseta félagsvísindasviðs um afrit af þessu mótmælabréfi en fékk það svar að hann vissi ekki til þess að slíkt plagg væri til.

Nú er ljóst að einhver lýgur. Lugu samstarfsmenn JBH upp þessu mótmælabréfi og ef svo er, hvers vegna voru þeir að því? Lýgur Jón Baldvin þegar hann segist hafa fengið þessar skýringar? Eða lýgur Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs, að mér þegar hann neitar því að þetta bréf sé til?

http://blog.pressan.is

*Eva Hauksdóttir*

# Röksemdirnar fyrir flugvelli í Vatnsmýri – standast þær einfalda skoðun?

SKIPULAG



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Þær hugmyndir sem settar eru fram í tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur um byggð í Vatnsmýri eru málamiðlun. Ef rýnt er í þau rök sem sett eru fram á heimasíðu þeirra sem vilja áframhaldandi veru flugvallar í Vatnsmýri koma í ljós fullyrðingar sem standast ekki frekari skoðun. Fullyrðingarnar eru eftirfarandi:

1. Vörur. Þessi ábending bendir á mikilvægi þess að halda flugvellinum í Vatnsmýri vegna vöruflutninga. Þar gildir einu hvort flutningar eiga sér stað um Vatnsmýri eða Keflavíkurflugvöll.
2. Farþegar. Þetta atriði segir okkur nákvæmlega ekkert um hvort þeir sem um flugvöllinn fara væru jafnsettir eða betur settir með flugi um Keflavík. Á meðan ekki liggur fyrir rannsókn á því hverjir farþegarnir eru sem flugvöllinn nota þá set ég fram eftirfarandi tilgátu:

   Hversu margir nota flugvöllinn að staðaldri? „Reykjavíkurflugvöllur þjónar fyrst og fremst tiltölulega fáum einstaklingum sem eru oft á ferðinni, t.d. sveitarstjórnarmönnum, þingmönnum og fáeinum athafnamönnum. Allur almenningur kýs að fara akandi, þó að auðvitað komi upp tilvik þegar farið er með flugi, en hjá hverjum einstaklingi eru tilvikin afar fá. Verulegur hluti farþega um Reykjavíkurflugvöll er innlendir og erlendir farþegar á leið til og frá útlöndum sem myndu kjósa að geta flogið beint til og frá áfangastað innanlands um Keflavíkurflugvöll."

   Spurningin er því hvort réttlætanlegt sé að halda úti flugvelli sem þjónar fyrst og fremst fáum áhrifamiklum einstaklingum.
3. Sagan sem rakin er á vefsíðunni um flugsögu Íslendinga sem hófst í Vatnsmýri hverfur ekki þótt flugvöllurinn fari.
4. Varaflugvöllur. Undir þessum lið eru talin upp rök fyrir því að halda Reykjavíkurflugvelli opnum sem varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll. Skemmst er um þennan lið að segja að Pawel Bartoszek hrakti þær röksemdir sem þar koma fram lið fyrir lið í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið þann 30. ágúst sl.
5. Þjónusta er liður sem fjallar um störfin sem unnin eru á flugvellinum. Ljóst má vera að störfin sem þar eru unnin leggjast ekki af heldur flytjast til.
6. Kennsla. Flugnám mun einfaldlega flytjast annað og gæti það orðið til að styrkja verulega flugakademíuna hjá Keili á Keflavíkurflugvelli. Störfin verða unnin annars staðar.
7. Hagræn áhrif sýna fram á hversu mikilvægt er að haldið sé úti flugrekstri til og frá landinu alveg óháð því hvar hann fer fram.
8. Ferðamenn. Þau hæpnu rök sem þar eru sett fram eru þau sömu og undir lið tvö og um þau gildir það sama og þar kemur fram.
9. Landhelgisgæslan. Það hlýtur aðeins að vera tímaspursmál, óháð framtíð Reykjavíkurflugvallar, hvenær flugdeild Landhelgisgæslunnar flytur til Keflavíkurflugvallar, eins og reglulega kemur fram krafa um á Alþingi. Ríkisendurskoðun hefur nýlega bent á að LHG ætti e.t.v. að vera sá aðili sem sæi um allt sjúkraflug hér á landi með flugflota í samræmi við það.
10. Höfuðborg. Flestar höfuðborgir í nágrannalöndum okkar eru með flugvelli í 30-60 mín. fjarlægð frá miðborginni. Þannig verður Reykjavík nákvæmlega jafn vel sett og þær borgir. Ekki hefur tekist að benda á nein sjúkrahús í veröldinni þar sem það þykir máli skipta að flugvöllur sé í næsta nágrenni.
11. Umhverfi. Röksemdirnar sem notaðar eru til að styðja þá fullyrðingu að lítil mengun fylgi flugi eru röksemdir sem breytast ekki þótt flugið flytjist frá Reykjavík.
12. Sjúkraflug. Hér erum við komin að þeim lið sem hlýtur að teljast sá hæpnasti í áróðri flugvallarsinna. Hér hafa verið notuð afar ósmekkleg tilfinningarök sem eru til þess fallin að draga umræðuna niður á plan sem hún á ekki skilið. Viljandi horfa forráðamennirnir fram hjá því að mikilvægi þess að koma sjúklingi undir læknishendur hefst ekki á Akureyrarflugvelli og lýkur ekki á Reykjavíkurflugvelli. Mikilvægið nær til alls þess tíma frá því slysið (eða atburðurinn sem til flutninganna leiðir) á sér stað og þá kemur svo margt annað til greina en sjúkraflugið eitt til Reykjavíkur, til að gera þann tíma sem stystan.

**➜ Svo virðist sem röksemdin sem vegur þyngst sé röksemdin „það er svo miklu þægilegra".**

Af öllu þessu má ráða að flugvallarsinnar hafa farið með himinskautum í röksemdafærslum sínum fyrir því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri. Svo virðist sem röksemdin sem vegur þyngst sé röksemdin „það er svo miklu þægilegra". Spurningin er því sú hvort þægindi takmarkaðs hóps eigi að standa í vegi fyrir þeim þjóðarhagsmunum sem eru í húfi.

**visir.is**

Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.




# UMS er velferðarstofnun

FJÁRMÁL



**Ásta S. Helgadóttir**
umboðsmaður skuldara

Í Fréttablaðinu þann 9. september sl. er embætti umboðsmanns skuldara sett í flokk eftirlitsstofnana. Það er óþarfi að leita álits á þessari skilgreiningu, líkt og blaðið gerði 12. september, en í lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara kemur skýrt fram að embættið hefur ekkert eiginlegt eftirlitshlutverk.

Eitt af hlutverkum umboðsmanns er að „taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds". Viðeigandi eftirlitsstjórnvöld eru Neytendastofa annars vegar og Fjármálaeftirlitið hins vegar. Meginverkefni umboðsmanns skuldara felst í greiðsluaðlögun einstaklinga. Við stofnun embættisins, árið 2010, var nokkur umræða um það undir hvaða ráðuneyti umboðsmaður skuldara ætti að heyra. Til að leggja áherslu á hlutverk embættisins sem velferðarstofnunar ákvað Alþingi að það skyldi heyra undir þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra.

Í sömu frétt, þann 9. september, eru framlög til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna árið 2008 borin saman við framlög til umboðsmanns skuldara árið 2012. Ráðgjafarstofan hafði ekki nema örlítið brot af þeim verkefnum sem umboðsmanni skuldara ber nú að sinna samkvæmt lögum. Þar á meðal var ekki komið til sögunnar langumfangsmesta og kostnaðarsamasta verkefni embættisins sem er greiðsluaðlögun einstaklinga skv. lögum nr. 101/2010. Að bera Ráðgjafarstofu og umboðsmann skuldara saman er afar ómarkvisst og villandi.

**➜ Mikilvægt er að bæta enn frekar þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur í greiðsluerfiðleikum. Í því sambandi er úrræðið greiðsluaðlögun mikilvægt og telja verður að það beri að styrkja enn frekar til hagsbóta ...**

**700 milljóna niðurskurður**

Embætti umboðsmanns skuldara hóf starfsemi sína 1. ágúst 2010 og var rekstrarkostnaður fyrsta árið 292,3 milljónir fyrir fimm mánuði þess árs. Á ársgrundvelli hefðu það verið 701,5 milljónir. Á ársgrundvelli er því hækkunin frá stofnun til 2012 um 63,5% sem er langur vegur frá 1.707% hækkuninni sem Fréttablaðið greinir frá. Ekki kom fram í fréttinni að rekstrarkostnaður embættisins er greiddur af fjármálafyrirtækjum.

Til frekari skýringar skal taka fram að árið 2012 er það ár sem rekstrarkostnaður embættisins náði hámarki, eða 1.146,9 milljónum. Áætlaður kostnaður þessa árs er 944,6 milljónir og samkvæmt áætlunum embættisins er gert ráð fyrir um 25% niðurskurði á næsta ári eða rúmlega 700 milljónum. Til að bregðast við þessum niðurskurði hefur því miður þurft að grípa til uppsagna.

Mikilvægt er að bæta enn frekar þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur í greiðsluerfiðleikum. Í því sambandi er úrræðið greiðsluaðlögun mikilvægt og telja verður að það beri að styrkja enn frekar til hagsbóta fyrir samfélagið.



Vnr. 65103241
SINBO safapressa,
800ml, 400W.
8.990 kr.
Vnr. 65103207
SINBO brauðrist,
stál, 700W.
2.490 kr.
Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell,
20 stk.
5.990 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
facebook.com/BYKO.is
Vnr. 88012298
Veiðistóll og tjald.
KLÚBB verð
9.990 kr.*
Almennt verð 11.990 kr.
100 BÖR
340 L/KLST.
BLACK & DECKER
Vnr. 42377603
BLACK & DECKER
háþrýstidæla, 130 bör,
370 l/klst., 1700W.
KLÚBB verð
24.990 kr.*
Almennt verð 34.990 kr.
Vnr. 42376665
Trappa með
tveimur þrepum.
KLÚBB verð
2.990 kr.*
Almennt verð 3.990 kr.
HÁGÆÐA LYKTARLAUS
INNIMÁLNING SEM
ÞEKUR MJÖG VEL
Vnr. 85540083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
6.990 kr.
*Gildir 12. – 15. september.
Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
499 kr.
Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla
og skaft, 25 cm.
1.850 kr.
Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.
990 kr.
Vnr. 84124175
FIA svamprúlla
og bakki, 10 cm.
490 kr.
Harris®
Vnr. 83072110-30
HARRIS EXPERT
penslar, 25, 38,
50 eða 75 mm.
Verð frá:
329 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# Opið bréf til alþingismanna

STJÓRNMÁL



Hans Guttormur Þormar
framkvæmdastjóri

Illa laskaðri og næstum sokkinni þjóðarskútu Íslendinga var siglt í var árið 2008, seglin rifuð, siglt í hringi og reynt að dorga í matinn fyrir áhöfnina í sömu víkinni árið um kring. Um borð í skútunni er um 320 þúsund manna áhöfn, sem eftir margra ára deilur um hin ýmsu málefni er orðin langþreytt á þessari legu og vill leggja að nýju af stað í siglingu.

Það er ekki auðvelt verk að koma skútunni aftur út á rúmsjó eftir fimm ára legu, þar sem hún þarf að geta siglt áfram bæði í logni og stórsjó. Til að koma skútunni úr vari þurfa menn að leggjast samtaka á árar og róa út fyrir brimskaflana á sterkbyggðri og vel uppgerðri skútu. Nokkur þúsund nútímautanborðsmótorar gætu reyndar hjálpað til líka. Það sem er að á þessari skútu og kemur algerlega í veg fyrir að menn leggist saman á árar er að 76% áhafnarmeðlima bera lítið eða alls ekkert traust til stjórnenda skútunnar (lesist Alþingis). Þetta vantraust á sér reyndar langa sögu og skýringar eru margar (http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=2025).

Áhafnarmeðlimir hafa í mörg ár bent á hluti sem þarf að viðhalda eða betrumbæta. Það virðist bara vera alveg sama á hvað er bent, stjórnendur halda bara áfram að rífast innbyrðis og sinna best þeim hlutum sem henta til að styrkja stöðu þeirra í rifrildinu við hina stjórnendurna. Þó að stórum hluta stjórnenda hafi verið skipt út hélt sama hegðunin áfram.

**Siglir ekki úr víkinni**

Til dæmis hafa nokkrir áhafnarmeðlimir í mörg ár bent á að laga þurfi hins ýmsu rými skútunnar. Það var leyst með því að fækka rýmunum, fækka stöðugildum og hefta byggingarplast yfir götin á skipsskrokknum þar sem sjórinn lak inn. Þessi rými eru nú að syngja sitt síðasta. Aðrir áhafnarmeðlimir bentu á að niðri í lest læki sjór inn á fjöldamörgum stöðum. Það var leyst með því að kaupa handvirkar sjódælur sem áhafnarmeðlimir þurfa að vinna á vaktaskiptum á allan sólarhringinn allan ársins hring til að skútan hreinlega sökkvi ekki í víkinni. Þrátt fyrir það siglir hún ekki úr víkinni.

**➜ Málið er einfalt. Alþingismenn eru í vinnu og á launum hjá áhöfninni við að koma þjóðarskútunni aftur út á siglingu og taka stefnu til velferðar þjóðarinnar**

Málið er einfalt. Alþingismenn eru í vinnu og á launum hjá áhöfninni við að koma þjóðarskútunni aftur út á siglingu og taka stefnu til velferðar þjóðarinnar. Það verður ekki gert með þeim vinnubrögðum sem alþingismenn (ráðherrar meðtaldir) hafa sýnt undanfarin ár. Ég ætlast til þess að þið alþingismenn hafið það til brunns að bera að geta sökkt ykkur djúpt ofan í þau málefni sem til umfjöllunar eru, skoðað alla fleti málsins og tekið í framhaldi af því rökréttar (og að sjálfsögðu stundum pólitískar) ákvarðanir um hvernig við þurfum að lagfæra fleyið okkar til að koma því aftur á siglingu. Þið verðið að byrja á því í upphafi haustþings að búa svo um hnútana að áhöfnin geti betur staðið með ykkur og skilið betur þær ákvarðanir sem þið takið.

Upplýsingar uppi á borði

Það verður eingöngu gert með því að þið opnið betur á allar upplýsingar sem þið notið við ákvarðanatöku og þá vinnu sem raunverulega fer fram á Alþingi. Nefndarfundir milli umræðna, þar sem kallaðir eru til hagsmunaaðilar, eiga að vera opnir og allt skráð. Ekki nema í undantekningartilfellum eiga upplýsingar að vera undir trúnaði og þá með skýringum. Allar upplýsingar sem þið hafið um kostnað við verkefni, útreikninga, áætlanir, lögfræðimat, hvernig þess var aflað o.s.frv. eiga líka að vera uppi á borði. Samantektir um þingmál sem byrjað var að birta á vef Alþingis í ár er ágætis byrjun. Skv. vef Alþingis voru t.d. einungis fjórir fundir af 60 í allsherjar- og menntamálanefnd opnir fjölmiðlum á 141. löggjafarþingi. Með ofangreindum breytingum geta allir áhafnarmeðlimir skoðað nákvæmlega sömu gögn og þið hafið yfir að ráða við ákvarðanatöku. Það er eina leiðin til þess að þið getið áunnið ykkur traust áhafnarinnar og hún sest við árar með ykkur út fyrir brimskaflana.

Opin, upplýst umræða með forgöngu ykkar, án upphrópana, útúrsnúninga, þvættings og málfundakeppnisstemningar er fyrsta og langmikilvægasta skrefið til að byggja traust milli þings og þjóðar. Þjóðin sjálf þarf reyndar líka að taka sér tak í þessum efnum.

Ef einhver ykkar treysta sér ekki til að vinna undir því álagi sem slíkt upplýsingaflæði þýðir eða hafið hreinlega ekki getu til að sökkva ykkur djúpt niður í öll mismunandi málefni og taka upplýsta afstöðu sem tryggir framtíð þjóðarskútunnar er kannski best að þau hin sömu finni sér aðra vinnu. Ég bendi á að það eru alltaf laus störf við handvirku sjódælurnar í lestinni.

# Líffræði eða uppeldisröskun?

ADHD



Lýður Árnason
læknir

Formaður ADHD-samtakanna segir í grein nýlega að lengi hafi því verið haldið fram að börn með ADHD væru bara óþekk, skorti aga og um væri að kenna lélegu uppeldi foreldra og almennri leti þeirra til að takast á við foreldrahlutverkið en nú viti flestir að ADHD er taugaþroskaröskun í heila sem stafar af truflun á boðefnum í stjórnstöð heilans.

Mannlífið er einn samfelldur boðefnaflutningur. Þannig eru einkenni ADHD, athyglisbrestur, ofvirkni og hvatvísi, allt gamalkunn og þekkt viðbrögð, sérlega á yngri aldursskeiðum. Á þeim síðari myndast svo andhverfan, þ.e. endurtekning, vanvirkni og vanafesta. Þessi hringrás er einatt nefnd þroski, reynsla eða öldrun. En þótt flest okkar renni í þessum meginstraumi eru og verða alltaf frávik. Þessum frávikum fer hins vegar hratt fjölgandi, svo hratt að vart er lengur hægt að tala um frávik. Samfélagið ætti því að gefa orðum formanns ADHD-samtakanna gaum. Netsíða heilsugæslunnar tekur undir með formanninum en þar segir: Orsakir ADHD eru líffræðilegar og því er ekki um að kenna umhverfisþáttum, t.d. slöku uppeldi eða óheppilegum kennsluaðferðum. Þetta bendir til þess að kerfið hafi lagt blessun sína yfir líffræðilegar orsakir ADHD og ekki nóg með það heldur er fullyrt að umhverfisþættir spili ekkert inn í. Samt liggur fyrir að þau samfélög þar sem tíðni ADHD er mest hafa líka breyst mest. Þetta eru samfélög hraðans þar sem tími er af skornum skammti og fjölskyldan á undanhaldi. Hafi þetta ekkert að segja varðandi ADHD hefur líffræðin tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Er það sennilegt?

**➜ Samt liggur fyrir að þau samfélög þar sem tíðni ADHD er mesta hafa líka breyst mest. Þetta eru samfélög hraðans...**

Þegar tveir kostir bjóðast veljum við gjarnan þann skárri. Þannig lætur líffræðileg orsök betur í eyrum en slakt uppeldi. En af hverju þarf að orða það svona? Við tölum um raskanir á hinu og þessu og af hverju þá ekki uppeldisröskun? Er slík röskun nokkuð óeðlileg í því hraðasamfélagi sem við lifum og hrærumst í? Gæti verið að gífurleg aukning á tíðni ýmissa sjúkdóma eins og offitu, sykursýki, geðröskunum og svefnleysi stafi hreinlega af einni allsherjar samfélagsröskun? Á Íslandi nálgast börn greind með ADHD tíu prósentin og fullorðinsgreiningar verða æ tíðari. Meðferðin er gjarnan amfetamínskyld lyf enda ljóst að þau gera gagn. Við getum litið á þetta sem framfarir í greiningu og meðferð og hugsanlega er amfetamín að hasla sér völl sem bjargráð nútímasamfélagsins. Finnst okkur það í lagi?

Ég skrifa þetta til íhugunar og fellst glaður á líffræðilegar orsakir ADHD en ekki sem hinn eina sanna rétttrúnað.

Láttu hjartað ráða




„Lífræna kaffið mitt er ristað og malað á Íslandi, með vottun frá Túni.
Nú getið þið valið kröftugt espresso eða ljúft meðalristað."
Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT



BETRI STOFAN



✝

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ARNSTEINN STEFÁNSSON**
**Holtateigi 46, Akureyri,**
**áður bóndi í Stóra-Dunhaga, Hörgárdal,**

lést föstudaginn 6. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 17. september kl. 13.30.

**Halldóra Snorradóttir**
**Þórlaug Arnsteinsdóttir** **Jóhann Þór Halldórsson**
**Sigrún Arnsteinsdóttir** **Jóhannes Axelsson**
**Árni Arnsteinsson** **Borghildur Freysdóttir**
**Hulda Steinunn Arnsteinsdóttir**
**G. Ingibjörg Arnsteinsdóttir** **Þórður Ragnar Þórðarson**
**Unnur Arnsteinsdóttir** **Friðrik Sæmundur Sigfússon**
**Heiðrún Arnsteinsdóttir** **Friðjón Ásgeir Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við fráfall og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**INGIMUNDAR INGIMUNDARSONAR**
**leigubifreiðastjóra,**
**Vallartröð 1, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Hrefna Kristín Gísladóttir**
**Guðný Dóra Ingimundardóttir**
**Gunnar Sigfinnsson**
**Björk Ingimundardóttir**
**Björgvin K. Harðarson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR ÞORKELSSON**
**forstjóri,**
**Hamrahlíð 29, Reykjavík,**

lést laugardaginn 7. september að hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 17. september klukkan 15.00.

**Lýdía Þorkelsson**
**Oddur Carl Einarsson** **Sigríður Elín Sigfúsdóttir**
**Rannveig Alma Einarsdóttir** **Ellert Kristján Steindórsson**
**Gunnlaug Helga Einarsdóttir** **Helgi Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri,

**JÓN EDWARD CONTELLA HELGASON**

lést 20. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fjölskylda hins látna.**



✝

Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRARINN SÆMUNDSSON**
**Árskógum 6,**

lést 30. september síðastliðinn á líknardeild LSH í Kópavogi. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Dagbjört Guðmundsdóttir**
**börn og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu hlýju og samúð vegna andláts okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓNS VALS SAMÚELSSONAR**
**Furugrund 2.**

**Lovísa Gunnarsdóttir**
**Samúel K. Valsson** **Bryndís Guðmundsdóttir**
**Gunnar K. Valsson** **Ragna Rós Bjarkadóttir**
**Stefán Ingi Valsson** **Valdís Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**STARFSFÓLK ENDURMENNTUNAR BREGÐUR Á LEIK** Prjátíu ára afmælinu er einnig fagnað með veglegu afmælisblaði þar sem starfsfólkið brá á leik. AÐSEND MYND

# Endurmenntun fagnar 30 ára afmæli

**Endurmenntun Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið leiðandi í endurmenntun og símenntun og árlega sækja um sjö þúsund Íslendingar námskeiðin á vegum hennar.**

„Það er afar fjölbreytt flóra af fólki sem sækir námskeið Endurmenntunar starfsstéttum og með mismunandi áhugamál. Þar á meðal eru verkfræðingar, heilbrigðisstarfsfólk, skrifstofufólk, stjórnendur, kennarar, rekstraraðilar, þjónustufulltrúar, eldri borgarar, bókaormar, náttúruunnendur eða þeir sem elska ferðalög, sagnfræði, leikhús og svo mætti lengi telja,“ segir Kristín Jónsdóttir Njarðvík endurmenntunarstjóri. Á fyrstu árum Endurmenntunar miðaðist framboðið að mestu við háskólamenntað fólk en í dag eru um 400 námskeið haldin á hverju ári og framboðið mjög fjölbreytt þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Engin inntökuskilyrði eru í stóran hluta af námskeiðum sem allir geta sótt hvort sem viðkomandi vill styrkja sig í leik eða starfi eða bara skemmta sér á menningarlegum nótum á kvöldin,“ segir Kristín.



**KRISTÍN JÓNSDÓTTIR**

Á undanförnum árum hefur Endurmenntun lagt aukna áherslu á samstarf við erlenda sérfræðinga. „Síðastliðið ár komu nokkrir frá Harvard-háskóla og héldu námskeið sem fengu mjög góðar viðtökur hjá íslenskum stjórnendum.

Samstarf við þessa sérfræðinga heldur áfram og á afmælismisserinu koma tveir sérfræðingar frá þessum virta háskóla og halda námskeið,“ bætir Kristín við. Í tilefni af afmælinu ákvað Endurmenntun að opna dyrnar upp á gátt og bjóða öllum áhugasömum á tíu mismunandi örnámskeið sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu og öllum opin. „Það er greinilegt að Íslendingar vilja fræðast og á fyrsta degi komu hátt í tvö þúsund skráningar á námskeiðin,“ segir Kristín.

Þrjátíu ára afmælinu er einnig fagnað með veglegu afmælisblaði, þar sem má finna námskeiðsframboðið á afmælismisserinu og hefur verið dreift í hús á höfuðborgarsvæðinu.

Í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 hefur verið sett upp ljósmyndasýning með ljósmyndum úr starfseminni í áranna rás. Þar má meðal annars finna myndir af forsetum, David Attenborough, Jóni Böðvarssyni og frá hinum ýmsu námskeiðum og viðburðum.

olof@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT SIGURRÓS ÞÓRÐARDÓTTIR**
**frá Hvammi á Völlum,**

lést á dvalarheimilinu Grund þann 7. september síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. september kl. 11.00.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**



✝

Elskulegur bróðir okkar,

**PÁLMI STEINGRÍMSSON**
**frá Kroppi í Eyjafjarðarsveit,**

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð.

**Systkini hins látna.**

☦

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STASIA GOGOTZ JÓHANNESSON**
**ANASTASIA**
**frá Pennsylvaníu í Bandaríkjunum,**
**til heimilis að Laugateigi 23, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 2. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Karmelklaustrið í Hafnarfirði, bankanr. 0513-26-515579, kt. 680169-4469.

**Dennis Davíð Jóhannesson** **Hjördís Sigurgísladóttir**
**Linda Anna Ragnarsd. Jóhannesson**
**Steinunn Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR HÓLMGRÍMSSON**
**bóndi, Ystu-Vík,**

lést á Grenilundi, Grenivík, laugardaginn 7. september. Útför hans fer fram mánudaginn 16. september kl. 14.00 frá Svalbarðskirkju, Svalbarðsströnd.

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir** **Stip Bos**
**Jóna Bergþóra Sigurðardóttir** **Ólafur Daníel Jónsson**
**Laufey Björg Sigurðardóttir** **Kjartan Pálsson**
**Sólveig Kristín Sigurðardóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**Jónasína Fanney Sigurðardóttir** **Haraldur Lúðvíksson**
**og afabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**SJÖFN ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Hrísmóum 1, Garðabæ,**

lést sunnudaginn 8. september á hjartadeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Garðakirkju mánudaginn 16. september kl. 13.00.

**Óli Kristinn Jónsson**
**Jón Þór Ólason**
**Gústav Óli Jónsson** **Ragna Soffía Jóhannsdóttir**
**Edda Líf Jónsdóttir**
**Bjartur Þór Jónsson**



✝

Okkar ástkæra,

**HALLVEIG HALLDÓRSDÓTTIR**
**Sólheimum 24,**

lést 9. september á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðríður Axelsdóttir** **Friðrik Kárason**
**Viktor Ólason** **Inga Eiríksdóttir**
**Sigurður Axel Ólason** **Carlotta Tate Ólason**
**Steinunn Kr. Friðriksdóttir**
**Valgeir Guðjónsson** **Ásta Kristrún Ragnarsdóttir**
**Sigríður Anna Guðjónsdóttir** **Ragnar Björn Marteinsson**
**Guðrún Arna Guðjónsdóttir** **Tryggvi Tryggvason**
**og fjölskyldur.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**OSTWALD HELGASON OG ALDO**

**Íslensk/þýska tískufyrirtækið Ostwald Helgason er komið í samstarf við skórisann Aldo um nýja línu, ALDO X RISE. Fyrirtækið opnaði einnig nýja og endurbætta heimasíðu á slóðinni www.ostwaldhelgason.com**


TÆKIFÆRISGJAFIR

NÝTT

MUNNBLÁSIÐ - HANDUNNIÐ

Fæst eingöngu hjá

www.tk.is

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



DÚNÚLPUR stuttar og siðar

Skoðið laxdal.is Yfirhafnir

Vertu vinur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • S:551 4422



20% AFSLÁTTUR AF MOS MOSH

( BERLIN ZIP BUXUM)

Litir: Bláar, rauðar, svartar og beige

Frábært snið!

Stærðir 26-34

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777




**LJÓSMYNDARAR** Rut Hallgrímsdóttir, Silja Rut Thorlacius og Stella Andrea Guðmundsdóttir hjá Ljósmyndum Rutar.

# METNAÐARFULLAR SKÓLAMYNDIR

**LJÓSMYNDIR** *Ljósmyndastofan Ljósmyndir Rutar hefur innleitt nýtt kerfi fyrir skólamyndatökur. Kerfið er til þæginda fyrir foreldra, skóla og ljósmyndara.*

Við leggjum metnað okkar í að skila góðri vinnu og lítum á skólamyndir sem skemmtilegt og krefjandi verkefni þar sem við leggjum áherslu á að ná til hvers og eins barns, það getur oft verið mikið fjör og rosa gaman," segja þær Rut Hallgrímsdóttir, Silja Rut Thorlacius og Stella Andrea Guðmundsdóttir sem starfa saman á Ljósmyndum Rutar í Skipholti 31. Rut hefur starfrækt stofuna frá 1988 en Silja Rut og Stella lærðu báðar í Tækniskólanum á sínum tíma og voru í starfsnámi hjá Rut í framhaldinu.

Samhliða barna-og fjölskylduljósmyndun á stofunni leggja þær stöllur áherslu á skólamyndir og hafa tekið upp glænýtt kerfi. „Kerfið, sem er norskt, er að ryðja sér til rúms allt frá Nýja-Sjálandi til Íslands enda alger bylting í skólamyndum, fyrir foreldra, skóla og ljósmyndara," segir Rut.

Teknar eru myndir af öllum börnum í skólanum bæði hóp- og einstaklingsmyndir. „Foreldrar geta síðan skoðað myndirnar af barni sínu og ákveðið hvort þeir vilja kaupa þær. Myndirnar eru á lokuðu vefsvæði og foreldrar hafa aðeins aðgang að myndum af sínu barni," lýsir Rut og bendir á að pöntunarkerfið bjóði upp á skemmtilega möguleika, þar geti foreldrar t.d. stjórnað skurði myndar og hvort hún verði í lit eða svart/hvítu.

„Þessu fylgir enginn kostnaður fyrir skólann, hann fær gefins hópmynd af hverri deild eða bekk og engar skuldbindingar fyrir foreldra," útskýrir Stella. Hægt er að panta myndirnar á ýmsu öðru formi en bara venjulegar stækkanir, t.d. á striga, símahulstur, bolla, vatnsbrúsa, boli, jólakort, dagatöl og fleira. „Svo getur fólk deilt vefslóðinni þannig að skyldmenni geta einnig pantað myndir á eigin kostnað," segir Stella.

Allar pantanir fara fram í gegnum netið og allar greiðslur fara í gegnum örugga greiðslusíðu Valitors. „Afhendingartíminn er stuttur enda eru vörur afhentar innan tíu daga frá pöntun," segir Silja Rut og bendir á að með þessu kerfi minnki vinna fyrir skólana. „Þeir þurfa aðeins að finna tíma og aðstöðu fyrir myndatökuna og útvega lista með nöfnum nemenda, foreldra og netföngum. Skólinn fær síðan aðgang að mynd af hverjum nemanda og nafni hans, til að auðvelda nýjum kennurum að kynnast nemendum fljótt og vel," segir hún brosandi.

**ATHUGIÐ**

Myndirnar detta ekki út af vefnum heldur er hægt að skoða og panta þær um ókomna tíð. Á Youtube má skoða kynningarmyndband undir leitarorðinu „Skólamyndir". Nánar á www.rut.is




Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

KORTER.IS

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 379.900.-**

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 499.900.-**

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 249.900.-**

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm **Verð aðeins kr. 369.900.-**

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Eru ekki allir örugglega að fá sér D vítamín núna?
3 mánaða skammtur
DLUX 1000
handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting
BetterYou
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

Hreyfing eykur blóðflæði
Hvað gerir BEETELITE
örvar Nitric Oxide framleiðslu strax.
Betra blóðflæði, 30% æðaútvíkkun,
30% meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur,
aukin fitubrennsla, 20% meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar.
Bættir árangur íþróttafólks allt að 20%
Örvar upptöku annara vítamína, fæðubótarefna.
BEETELITE Rauðrófukristall
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt
1 skot 30 mín. fyrir æfingar blandað í 150 ml af vatni. Endist 6 tíma í líkamanum. Bætt blóðflæði 30 mín. eftir inntöku.
Fæst í World Class, Sportlíf, apótekum og heilsubúðum
NEOGENIS SPORT
Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998 - Sameind ársins 1992
Umboð: www.vitex.is
Hvað gerir VIAGRA - SILDENAFIL The release of nitric oxide molecules causes erection.



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
vísir
Félag Fasteignasala
Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!
FASTEIGNIR.IS





# ÁHRIF FRÁ AUDREY

**TÍSKA** *Jóhanna María Oppong kjólaklæðskeri hannar undir merkinu Troja. Hún frumsýndi fyrstu línuna sína í sumar og heldur nú úti vefverslun.*

Ég fór á fullt með hugmyndina fyrir einu og hálfu ári eftir að hafa tekið þátt í viðskiptaáætlunarsamkeppni Opna Háskólans, FKA og Íslandsbanka. Ég frumsýndi línuna svo í júlí á hátíðinni Eldur í Húnaþingi á Hvammstanga, mínum heimaslóðum,“ segir Jóhanna María Oppong kjólaklæðskeri en hún hannar kvenfatnað undir merkinu Troja.

Jóhanna segir fyrstu fatalínuna vera undir áhrifum frá sjötta áratugnum og anda Audrey Hepburn svífa yfir vötnum. Þá vinni hún undir hugmyndafræði „slow fashion“.

„Sú hugmyndafræði stýrir því svolítið hvernig fötin eru, að hægt sé að fá sem mest út úr hverri flík og hægt sé að breyta um útlit án mikillar fyrirhafnar,“ segir Jóhanna. „Ég byggi á svörtum grunnkjól sem hægt er að nota mismunandi toppa við. Toppnum má svo vera í yfir bol við pils eða buxur. Topparnir eru í nokkrum litum og sumir með áfastri slæðu í hálsmálið sem má þá binda á mismunandi vegu. Svo er hægt að fá suma toppana með slóða sem hægt er að taka af ef vill en þá áttu í raun kápu og topp í einni og sömu flíkinni. Ég vil líka vinna línuna á eins umhverfisvænan hátt og ég get og vel til dæmis slitsterk efni sem halda vel lit.“

Jóhanna er einnig viðskiptafræðingur að mennt og starfar í banka þegar hún situr ekki við saumavélina. Það segir hún einnig hafa áhrif á hönnunina, hún hanni fyrir konur í viðskiptaheiminum. „Ég geng út frá því að ef ég get sjálf hugsað mér að nota flíkina í vinnunni þá eigi hún heima í línunni.“

En hvernig finnur hún lausa stund til að sinna saumum?

„Ég á tvær litlar stelpur og mann svo það er auðvitað nóg að gera. Ég sit ekkert og horfi á sjónvarpið á kvöldin,“ segir hún hlæjandi. „En þegar maður hefur ástríðu fyrir einhverju hefur maður alltaf tíma.“

Jóhanna heldur úti vefversluninni www.troja.is og Troja er einnig á Facebook. ■heida@365.is



**SAUMAR ALLT SJÁLF** Jóhanna María Oppong kjólaklæðskeri hefur sent frá sér kvenfatalínu undir heitinu Troja. Jóhanna heldur úti vefverslun auk þess að blogga á trojais.blogspot.com.
MYND/GVA



# LINDEX KIDS OPNAR Í KRINGLUNNI

Voruð þið búin að heyra fréttirnar? Þann 2. nóvember opnar Lindex sérhæfða barnafataverslun í Kringlunni.

Lindex Kids mun tefla fram margverðlaunaðri ungbarna- og barnafatalínu í stærðum 44-86 og 86-122. Þar á meðal línu eftir Camillu Lundsten, hönnuð Littlephant, fyrir yngstu viðskiptavinina og skandinavísku línurnar Moomin og FIX en þær vörur eru að stórum hluta framleiddar með sustainable choice-aðferð úr vottaðri lífrænni bómull og á umhverfisvænan hátt.

„Það halda mér engin bönd þegar ég skapa heim Littlephant,“ segir Lundsten. „Litagleðin sameinast orku og hamingju um leið og sögupersónur lífna við. Vonandi hvetja þær börnin til að vera skapandi og að lesa, skrifa og klæða sig sjálf.“

Í Lindex Kids verður einnig sérdeild fyrir skólakrakka með úrval fatnaðar í stærðum 128-170. Gallabuxnalínu Lindex fyrir stelpur og stráka verður gert hátt undir höfði auk ríkulegs úrvals jakka og úlpna.

„Það verður ótrúlega gaman að opna sérstaka barnafataverslun því barnaföt Lindex eru einstaklega falleg og stór hluti þeirra framleiddur úr lífrænni bómull. Við leggjum mikla áherslu á að verð, gæði og vöruúrval sé sambærilegt og erlendis, auk þess sem við kynnum stöðugt nýjar og spennandi línur sem veita viðskiptavinum innblástur,“ segir Lóa D. Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Lindex Kids verður í suðurhluta Kringlunnar, þar sem áður var verslunin Oasis.



**SÆT OG FÍN** Börnin er falleg til fara í fötum frá Lindex.



ER ALLT KLÁRT Í HAUSTVEIÐINA?
Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins
GUIDELINE
Alta vöðlur
Ný tækni, engir saumar. Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.
LOOP
CROSS S1
Flugustangir
- Stöngin sem breytir leiknum -
Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi til að kynnast af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.
4Cast
Test winner in Trout&Salmon Magasin.
Core jakki
GUIDELINE
Veiðijakkar gerast ekki hlýrri en þessi. Líka góður í útivistina.
PRIMALOFT
400 G
Flugulínur
Línurnar frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.
Flugustangir
GUIDELINE
LXI tvíhenda, nýjasta stöngin frá Guideline
- sannkallað meistaraverk!
GUIDELINE LXi 13'9 #8/9
Fluguhjól
Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.
Flugubarinn
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
GUIDELINE
LOOP
- stóru merkin í Skandinavíu
LOOP
hefur fengið nýtt heimili!
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á íslandi
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060



„ISS Ísland óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra í framtíðarstarf"

Sölu- og markaðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdaráði fyrirtækisins.

**Helstu verkefni**
- Stjórnun sölusviðs
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Markaðsmál og markaðsgreiningar
- Samningagerð
- Þátttaka í þróun þjónustulausna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun er kostur
- Reynsla og þekking af sölu og markaðsmálum
- Frumkvæði og hæfni til að greina tækifæri
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og góðir samskiptaeiginleikar
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Góð tungumálaþekking skilyrði, sérstaklega íslenska og enska, norðurlandamál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Umsækjendur sendi umsókn á starfsmannastjóra ISS, Sigríði Héðinsdóttur á netfangið sigridur.hedinsdottir@is.issworld.com. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsækjendur eru beðnir að senda ítarlega starfsferilsskrá með kynningu þar sem viðkomandi gerir grein fyrir hæfni í starfið.

*ISS Ísland er stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, sem felur í sér ræstingar, umsjón mötuneyta og fasteignaumsýslu. ISS Ísland er traustur vinnuveitandi, starfar um allt land og hefur um 800 manns í vinnu. ISS Ísland er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki ISS A/S sem starfar í 53 löndum og er fjórði stærsti einkarekni atvinnurekandi í heiminum.*

ISS Ísland ehf • Austurhraun 7 • 210 Garðabær • 5800 600

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

A WORLD OF SERVICE ISS

# SUÐUMENN

**erum með vana SUÐUMENN sem geta hafið störf strax**
**HANDAFL EHF**

**s. 777 2 333**



## Frímerkja- og póstsögusjóður auglýsir styrki

Frímerkja- og póstsögusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til sjóðsins.

Frímerkja- og póstsögusjóður var stofnaður árið 1986 og gilda um hann reglur nr. 453/2001. Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnun, svo sem með bóka- og blaðaútgáfu. Eins getur sjóðurinn styrkt sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póstsögu. Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

Umsóknum skal fylgja ítarleg greinargerð um í hvaða skyni sótt er um styrk.

Umsóknir um styrki skal senda til stjórnar sjóðsins, b.t. Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.
**Umsóknarfrestur er til 30. september næstkomandi.**

Reykjavík, 10. september 2013
**Stjórn Frímerkja- og póstsögusjóðs**



# LEIGUHÚS.IS

Leigumiðlun & ráðgjöf

**Sími 517 3500**

**Gunnar Jón Yngvason**, Löggiltur leigumiðlari, Baronstíg 5, 101 Reykjavík,





**Auðbrekka 2**
**400 fm. 100 fm salur og 11 skrifstofur**
**Frábær sýnileiki og auglýsing**
**Flott húsnæði á góðum stað**
**Stærðir 50, 100, 250 og 400 fm.**
**Verð 1200 kr hv. fm.**

**Grensásvegur 14**
**643 fm. Lofthæð 3,7 m**
**Hurð 3,4x4m**
**Miðsvæðis –gott útipláss**
**Verð 1270 kr hv. fm.**









**HÚSNÆÐI FYRIR ÞÍNA HUGMYND !**


SAFT

**KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA**



Heimili og skóli

www.saft.is




# Sýslumaðurinn á Húsavík

## - UPPBOÐ -

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**
**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

**Uppsalavegur 7, 231-4553, 640 Húsavík, Norðurþingi,** þingl. eig. Parhús ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 16. september 2013 kl. 10:00.

**Uppsalavegur 5, 231-4552, 640 Húsavík, Norðurþingi,** þingl. eig. Parhús ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 16. september 2013 kl. 10:20.

**Ásgarðsvegi 7, fnr. 215-2361, 640 Húsavík, Norðurþingi,** þingl. eig. Sturla Þorgrímsson og Lára Sigþrúður Sigurðardóttir, gerðarbeiðandi Norðurþing, mánudaginn 16. september 2013 kl. 11:00.

**Aðalbraut 57, fnr. 216-7058, 675 Raufarhöfn. Norðurþingi,** þingl. eig. Friðgeir Hjaltason, gerðarbeiðendur Norðurþing og Sjóvá-Almennar tryggingar hf, þriðjudaginn 17. september 2013 kl. 12:30.

**Tjarnarholt 8, fnr. 216-7153, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi,** þingl. eig. Þórunn Lilja Helgadóttir, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf, þriðjudaginn 17. september 2013 kl. 13:00.

**Fjarðarvegur 33, fnr. 216-7788, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð,** þingl. eig. Týr Þórarinsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Langanesbyggð og Vátryggingafélag Íslands hf, þriðjudaginn 17. september 2013 kl. 14:30.

*Sýslumaðurinn á Húsavík*
*10. september 2013*

## BROT AF HAUSTLÍNUNNI 2013 KAREN MILLEN






Hulda segir Karen Millen leggja gríðarlega mikla áherslu á gæði og í ljósi þess koma verðin á óvart. MYND/VILHELM

# KAREN MILLEN breikkar úrvalið

**Í KAREN MILLEN fæst hágæða tískufatnaður á góðu verði. Flestir tengja merkið við fallegar kápur og kjóla en að undanförnu hefur bæst við mikið úrval hversdagsfatnaðar.**

Við erum eiginlega að horfa á alveg nýja verslun. Áður fyrr voru kjólar og háir hælar í aðalhlutverki en nú er að bætast við mikið af buxum, toppum, bolum, skóm og peysum. Fötin, sem koma í stærðum átta til sextán, eiga það sameiginlegt að vera hrikalega töff enda eru sífellt fleiri konur farnar að klæða sig þannig upp eftir öllum aldri," segir verslunarstjórinn Hulda Ingvarsdóttir Bethke. „Við erum til dæmis með ótrúlega flott úrval af buxum sem seljast ítrekað upp. Þetta eru gallabuxur, svartar glansbuxur og leðurlíkisbuxur. Flestar konur kannast við að eiga erfitt með að finna gott buxnasnið en þessi snið virðast henta jaft kornungum konum sem og þeim sem eldri eru og þær sem komast á bragðið koma aftur og aftur."

Hulda segir peysurnar í vetur grófar og töff og eru rúllukragar, kaðlar og blúnduermar áberandi. „Þá erum við með frábært úrval af leðurjökkum sem kosta vel undir hundrað þúsund krónum. Það er ótrúlegt verð miðað við gæði og þær verslanir sem við miðum okkur við." Hulda segir kjólana vitaskuld á sínum stað en Karen Millen er ein af fáum verslunum sem selur síðkjóla. „Úrvalið er því breitt og höfðar jafnt til þeirra sem eru að leita að flottum hversdagsfatnaði og þeirra sem eru á leið á Frímúraraball." Síðkjólarnir í ár eru að sögn Huldu óvenjufallegir. „Margir eru blúndusaumaðir og minna helst á kjóla eftir Valentino eða Veru Wang."

Hulda segir Karen Millen líka hafa þá sérstöðu að hægt er að fá allt í stíl. „Þú getur því keypt kápu í stíl við kjólinn, seðlaveski í stíl við töskuna og sömuleiðis hanska, belti og skó." Að sögn Huldu eru ekki margar slíkar verslanir eftir hér á landi.

Karen Millen leggur að sögn Huldu gríðarlega áherslu á gæði og er hvert einasta smáatriði úthugsað. „Mörg efnanna eru sérframleidd í Lake Como á Ítalíu en þar eru líka framleidd efni fyrir risa á borð við og Prada, Versace, Valentino, Louis Vuitton, Christian Dior og Chanel. Smáatriði eins og rennilásar og tölur eru líka sérframleidd fyrir Karen Millen. Framleiðsluaðferðirnar eru sömuleiðis gríðarlega vandaðar. Kaðlarnir í kaðlapeysunum eru handprjónaðir og vinnan við einn pallíettujakka tekur að lágmarki 25 klukkutíma svo dæmi séu nefnd. Vinnan á bak við einn köflóttan kjól kemur líka mörgum á óvart. Munstrið er reiknað nákvæmlega út og liggur því alveg eins hvort sem um er að ræða stærð átta eða sextán en sams konar vinnubrögð tíðkast hjá öllum stærstu tískuhúsum heims. Vandvirknin skilar sér svo í flíkum sem endast árum saman. Ég tala alltaf um að konur safni í Karen Millen-skápinn sinn enda hönnunin tímalaus og klassísk," segir Hulda.

Í ljósi gæða kemur verðið að sögn Huldu mörgum á óvart. „Þú færð buxur á rúmlega tuttugu þúsund, peysur á tuttugu til þrjátíu þúsund og kjóla á vel undir fjörutíu þúsundum. Við fáum oft þá spurningu hvernig það sé hægt og svarið er í krafti stærðarinnar. Fyrirtækið er með gríðarlega útbreiðslu og hefur víða laðað til sín ánægða viðskiptavini."

Karen Millen er til húsa í Smáralind og Kringlunni.

# Háar í mittið og stretch.




Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook






Cara Delevingne nýtur fádæma vinsælda en þykkar augabrúnirnar þykja skemmtilega sérstakar.

Frekjuskarðið er einkennismerki Georgiu May Jagger.

Kelly Mittendorf hefur vakið athygli fyrir sérstætt útlit.

# Frumlegar fyrirsætur

**Í fjölda ára hafa fyrirsætur verið mjóar, sætar og ekki síst hefðbundnar í útliti. Nú virðist annað vera uppi á teningnum á tískupöllum víða enda tískuhönnuðir farnir að velja fyrirsætur með óhefðbundið og óvenjulegt útlit.**

Tískubransinn hefur lengi haldið þeirri hugmynd lifandi að fegurð þurfi að vera lýtalaus, enda hefur verið ýtt undir það með photoshoptækni á forsíðum tískutímarita. Nú virðist stefna til betri vegar hvað þetta varðar og fjölmargar fyrirsætur sem ekki uppfylla hefðbundna fegurðarstaðla hafa fengið tækifæri til að láta ljós sitt skína og hlotið frægð fyrir. Fyrirtæki á borð við Alexander McQueen, Yves Saint Laurent, M&S og Debenhams kjósa að vinna með slíkum fyrirsætum.

Ein af ástæðunum fyrir þessari breytingu á viðhorfum eru rakin til tískubloggara sem hafa meira frelsi til að fara á svig við reglur tískubransans. Sumir telja að eftirspurnin sé önnur í dag þar sem konur leiti að fyrirmyndum sem hafa einkennandi stíl og áberandi persónuleika.

Nokkrar af farsælustu fyrirsætum nútímans hafa óvenjulegan sjarma. Cara Delevingne er með þykkar einkennandi augabrúnir og skemmtilegan persónuleika. Einkennismerki Georgiu Jagger er frekjuskarðið, auk þess sem rokkstjörnubakgrunnur hennar skemmir ekki fyrir. Fyrirsætur frá Asíu koma einnig sterkar inn, sem ekki hefur verið áður, til dæmis Ming Xi, Xiao Wen Ju og Soo Joo sem eru afar eftirsóttar meðal tískuljósmyndara. Þá koma íturvaxnar fegurðardísir á borð við Kate Upton æ oftar á tískupallana í stað þeirra horuðu.

Fyrirsætur sem vekja athygli fyrir einstaklingseðli, til dæmis fyrir skemmtilega framkomu á netmiðlum eða slíku, eru vinsælli en aðrar. Fyrirsætan Kelly Mittendorf hefur verið áberandi á Tumblr og fengið jákvæða athygli fyrir.

Lily McMenamy, dóttir ofurfyrirsætunnar Kristen McMenamy, er rísandi stjarna með mjög sérstakt útlit og skrítinn stíl. Jafnvel hefðbundnar fyrirsætur eru farnar að gera út á skrítileikann. Margar hverjar breyta útliti sínu til að vekja athygli, til dæmis með því að fá sér furðulega hárgreiðslu.

Sett hefur verið upp fyrirsætuskrifstofa sem gerir út á óhefðbundnar fyrirsætur. Hún heitir Anti-Agency og leitar eftir konum sem hafa hæfileika, stíl og útgeislun fremur en hefðbundna fegurð.

Hugmyndin um óhefðbundnar fyrirsætur er reyndar ekki ný af nálinni. Á níunda áratugnum voru hönnuðir á borð við Giles Deacon og Jean-Paul Gaultier þekktir fyrir að kippa inn stúlkum af götunni sem þóttu óvenjulegar útlits. En hugmyndin er hins vegar að verða mun almennari og fær æ meira vægi í tískuheiminum.



Asískar fyrirsætur á borð við Ming Xi eru orðnar mjög vinsælar.

Kate Upton er íturvaxnari en flestar fyrirsætur.

Lily McMenamy er dóttir ofurfyrirsætunnar Kristen McMenamy. Hún gerir út á skrítilegt útlit.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, 512 5447
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# NÝJAR HAUSTVÖRUR












GYLLTI KÖTTURINN

**AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005**
**OPIÐ ALLA DAGA**



Tinna Rún Kristófersdóttir og Bjartur Snorrason, verslunarstjórar í Galleri Sautján í Kringlunni. MYND/STEFÁN



Herschel-töskurnar hafa slegið í gegn, sérstaklega hjá skólafólki. MYND/STEFÁN

# Fjölbreytt og spennandi tíska

Verslanir Galleri Sautján fyllast af nýjum og spennandi vörum. Hausttískan einkennist af fjölbreytni en dökkir litir eru áberandi.

Nýjustu vörur úr hausttískunni eru komnar í verslanir Galleri Sautján í Kringlunni og Smáralind. Herratískan einkennist meðal annars af dekkri litum en áður þar sem blár, vínrauður og svartur eru ríkjandi, að sögn Bjarts Snorrasonar, verslunarstjóra í Kringlunni. „Hausttískan í ár er með svipuðu sniði og undanfarin ár þótt auðvitað séu einhverjar breytingar milli ára. Mynstur er enn þá mjög sjáanlegt í til dæmis skyrtum og peysum. Í yfirhöfnum má helst nefna að síðir jakkar verða vinsælir líkt og fyrri ár og í haust munum við einnig sjá mikið af vatteruðum jökkum og vestum. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af þekktum merkjum frá Skandinavíu eins og Samsoe Samsoe og Nudie Jeans, sem eiga stóran kúnnahóp hérna á Íslandi, svo ekki sé minnst á Herschel-töskurnar sem hafa slegið í gegn hjá skólafólki.“

Af öðrum merkjum nefnir Bjartur Cheap Monday, sem er bæði í boði í herra- og dömudeild. „Við erum að vinna í því að gera stóra og flotta deild með því merki enda hefur það selst mjög vel hjá okkur undanfarin ár. Um er að ræða sænskt merki sem meðal annars bar ábyrgð á því að koma flestum karlmönnum á Norðurlöndum í þröngar buxur.“

## Eitthvað fyrir alla

Kventískan í haust einkennist af mikilli fjölbreytni að sögn Tinnu Rúnar Kristófersdóttur, verslunarstjóra í Kringlunni. „Það munu allir finna eitthvað við sitt hæfi hér í haust enda bjóðum við upp á mjög fjölbreytt úrval. Það verður mikið um kósý peysur, kápur, leðurbuxur, loðjakka og loðvesti svo nokkur dæmi séu nefnd. Við hófum nýlega sölu á kvenfatnaði frá Libertine-Libertine en við höfum boðið upp á herrafatnað frá þeim síðan 2009. Ég hvet allar þær sem kunna að meta fallega og framsækna danska hönnun til að tékka á þessu merki hjá okkur.“ Verslunin hefur aldrei verið með jafn gott úrval af gallabuxum og núna. „Merkið 5units býður upp á flott snið og við erum með stóran kúnnahóp sem gengur eingöngu í buxum frá þeim. Svo eru buxurnar frá 2nd one mjög vinsælar en þær koma í mörgum skemmtilegum mynstrum og eru á góðu verði.“ Tinna Rún segir svarta litinn vera áberandi í haust, auk þess sem grá, vínrauð og fjólublá föt séu áberandi. „Það verður hins vegar ekkert eitt efni vinsælla en annað þó mikið sé um siffon, prjónaefni og grófari flíkur. Úrvalið verður mikið og í raun má klæðast öllu.“



Dekkri litir verða meira áberandi í haust hjá körlunum. MYND/STEFÁN



Björt og falleg sumarlína. MYND/STEFÁN





Skór haustsins í GS skóm eru flestir með grófum botni. Hér má sjá úrval af skóm frá merkinu Dr. Martens. MYND/STEFÁN

# Gróf skótíska í haust

**Grófir botnar, flottar spennur og kubbahælar eru áberandi í kuldaskóm haustsins. Verslunin GS skór býður fjölbreytt úrval af gæðaskóm af öllum gerðum, frá striga- og götuskóm til stígvéla og spariskóa.**

Við höfum fengið fullt af flottum haustvörum í hús," segir Tinna Rún Davíðsdóttir, rekstrarstjóri hjá NTC sem sér um skóverslanirnar GS skó og Focus. Hún segir strigaskótískuna halda sínu striki áfram inn í haustið eins og verið hefur.

„Við erum með frábært merki í strigaskóm sem heitir New Balance. Þetta eru mjög skemmtilegir skór í öllum hugsanlegum litum," lýsir Tinna Rún og bætir við að einnig sé að finna strigaskó frá Nike í GS skóm.

## Grófir hælar

Tinna segir tískuna í kuldaskónum vera talsvert grófa. „Sólarnir eru grófir og spennur eru áberandi," segir hún. Kuldaskórnir eru af mörgum gerðum, bæði ökklastígvél og stígvél upp á miðjan kálfa sem og há stígvél. „Þá erum við einnig með úrval af loðfóðruðum skóm," segir Tinna. Stígvél eru að koma sterk inn núna með haustinu og verða mjög áberandi í vetur.

Merkin í GS eru flott og vönduð. „Við höfum fengið talsvert af kuldaskóm í merkjunum LBDK og Bronx," segir Tinna Rún og nefnir einnig merkin Sixty Seven, Billi bi og Dr. Martens sem njóta mikilla vinsælda.

## Támjótt aftur í tísku

Klassískir litir á borð við svart, grátt og rautt eru mest áberandi í spariskóm haustsins að sögn Tinnu Rúnar. Leðrið er algengast en einnig skór úr nobuck-efni. „Það er burstað leður sem passar mjög vel við þá grófu tísku sem nú ríkir," segir Tinna Rún.



Tinna Rún Davíðsdóttir rekstrarstjóri hjá NTC.

En eru hælarnir jafn háir og verið hefur? „Þeir eru aðeins að lækka en þó eru hælaskór með platformi vinsælir enn þá og því líta hælarnir út fyrir að vera mun hærri en þeir í raun eru," segir hún glaðlega. Hæla sé hægt að fá af öllum gerðum, breiða, millibreiða og jafnvel pinnahæla. „Þá verða támjóir skór áberandi fyrir jólin."

## Ólíkar verslanir

Skóbúðirnar GS skór og Focus eru báðar reknar af NTC en eru þó afar ólíkar. „GS skór selja mjög vandaða klassíska skó í bland við skó sem passa við tískuna hverju sinni. Þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi og verðbilið er mjög breitt. Í Focus er hins vegar lögð áhersla á að vera með flotta skó á lágu verði. Þar er mikið úrval af strigaskóm á borð við Converse, Vans og Kawasaki," útskýrir Tinna.

## NTC-klúbburinn

Viðskiptavinir verslana NTC geta skráð sig í klúbb til að fá tilboð og afslætti. „NTC+ er sameiginlegur vildarklúbbur allra verslana NTC þar sem allir sem eru 16 ára og eldri geta skráð sig," lýsir Tinna. „Með því að vera í klúbbnum er hægt að fá 5 prósenta afslátt af öllum peninga- og kortagreiðslum í formi NTC+ punkta, sem hækkar með aukinni veltu í 10 prósent. Afslátturinn er svo lagður beint inn á NTC+ kortið," segir hún og bendir á að einn NTC+ punktur jafngildi einni krónu. „Klúbbfélagar fá einnig boð á forútsölur og fá send ýmis tilboð," segir Tinna Rún. Til að skrá sig í klúbbinn þarf að fara inn á vefsíðuna www.ntc.is og kortið berst viðskiptavinum innan tveggja vikna frá skráningu.

**Verslanir NTC eru GS skór, Gallerí Sautján, Companys, Deres, Eva, Focus, Karakter, Kultur, Kultur menn, Sparkz og Urban.**



Úrvalið í GS skóm er mikið og fjölbreytt. Svartir og brúnir leðurskór eru vinsælir fyrir haustið og veturinn.




Nýjar Haustvörur

Kjólar Skokkar Peysur Buxur



FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur



Flott föt fyrir flottar konur

Stærðir 38-58



Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Full búð af nýjum haustfatnaði

STR. 36-56/58



KLÚTUR KR. 1990.-

TÚNIKA KR.7.900.-,



PEYSA KR. 12.900



TÚNIKA KR.7.900.-,

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is




Oddur Sturluson ásamt félögum sínum Eysteini Sigurðssyni, Baldvin Þormóðssyni og Bjarti Snorrasyni. Þeir selja fötin sín á Prikinu ásamt Teiti Páli Reynissyni á laugardaginn milli klukkan 12 og 17. MYND/GVA

# Töffarar tæma skápa

**Fimm strákar sem allir eru fatafíklar að eigin sögn blása til fatamarkaðar á Prikinu á laugardaginn. Oddur Sturluson, forsprakki hópsins, segist sjálfur vera lúxusdýr sem gerir vel við sig í fatakaupum og því verði hægt að gera dúndurkaup á flottum merkjaflíkum.**

Ég ákvað að halda fatamarkað þegar það rann upp fyrir mér að allt sem ég á eru föt! Það væri hreinlega komið að því að kaupa sér eitthvað annað, jafnvel skólabækur," segir Oddur Sturluson mannfræðinemi. Hann blæs til fatamarkaðar á Prikinu á laugardaginn ásamt félögum sínum.

„Við verðum fimm strákar sem eiga það sameiginlegt að vera fatafíklar. Það hafa safnast að okkur föt, jafnvel föt sem ekki eru í okkar númerum. Við verðum því með stærðir allt frá small og upp í XL," segir Oddur.

Fyrir utan fatafíknina, en kannski einmitt vegna hennar, eiga félagarnir það líka sameiginlegt að vinna allir í tískuvöruverslunum. Tveir þeirra vinna í Sautján og tveir í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Sjálfur vinnur Oddur í Kúltúr menn. Þarna verða því ólíkir fatastílar í gangi.

„Mestmegnis verða þetta flott merki, eins og Raf Simons, Brioni og Burberry. Það verður hægt að gera hjá okkur dúndurkaup, við ætlum ekkert að okra á þessu," segir Oddur og viðurkennir að gera yfirleitt vel við sig í fatakaupum.

„Ég er lúxusdýr og veikur fyrir öllu sem eitthvað hefur verið lagt í og er jafnvel með sögu á bak við sig. En auðvitað hefur maður ekki þörf fyrir þessa hluti. Ég nota ekki einu sinni allt af þessu, sem er synd. Þess vegna þarf bara að koma þessum fötum í umferð og í notkun einhvers staðar."

Markaðurinn hefst klukkan 12 á laugardaginn og stendur til klukkan 17.

En mun fataskápurinn ekki bara fyllast strax aftur?

„Jú, ég er ansi hræddur um það," segir Oddur hlæjandi. „Við þurfum kannski að halda fatamarkað reglulega."

## *Ilmurinn af One Direction*

Ein vinsælasta drengjasveit heims, One Direction, setti í sumar á markað ilmvatnið Our moment. Á föstudaginn síðasta var ilmvatnið kynnt til leiks á Íslandi í Hagkaup í Smáralind.

Mikil stemning myndaðist á kynningunni, enda höfðu aðdáendur sveitarinnar beðið eftir ilminum með eftirvæntingu. Biðröð var farin að myndast klukkutíma fyrir opnun og örtröð var út að dyrum þegar opnað var fyrir sölu á ilmvatninu, sem er ætlað stúlkum á aldrinum tíu til átján ára.

Strákarnir í hljómsveitinni One Direction, þeir Harry, Liam, Louis, Niall og Zayn, unnu náið með ilmfræðingum hjá Firmenich til að velja þá ilmi sem þeim hugnuðust best. Niðurstaðan varð ilmvatnið Our moment sem ber keim af jasmínu, frangipani-plöntu og greipaldini. „Þetta er flókin list og verkefnið þurfti bæði ást og umhyggju," sagði Liam Payne í viðtali sem birtist í mynd um gerð ilmsins en það má nálgast á www.onedirectionfragrance.com.

Þess má geta að auglýsingin um Our moment var skoðuð yfir tvö milljón skipti á tveimur sólarhringum þegar hún var birt á Youtube og Twitter.



One Direction nýtur fádæma vinsælda meðal stúlkna hér á landi. Ilminn Our moment hönnuðu strákarnir í sveitinni í samvinnu við ilmvatnsfyrirtæki.



Mikill fjöldi mætti á kynninguna á Our moment í Hagkaup í Smáralind síðastliðinn föstudag.



# hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook



Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16





Fyrirsætur sýna nýjustu kjólana frá Oscar de la Renta á tískuvikunni í New York sem fram fer í þessari viku. Kjólarnir eiga að sýna hvernig tískan verður næsta vor en margar konur geta örugglega fengið hugmynd fyrir árshátíðarkjólinn. Fallegir litir voru áberandi á sýningunni.







# Kvöldkjólar næsta vors

**Tískuvika stendur yfir í New York þar sem vortískan 2014 er sýnd. Ljóst er að fallegir litir verða í aðalhlutverki næsta sumar og glæsilegir kvöldkjólar Oscars de la Renta vöktu athygli.**

Þótt flestir séu að hugsa um hausttískuna þessa stundina eru tískuhönnuðir komnir skrefi framar. Í þessari viku hefur staðið yfir tískuvika í New York þar sem sýnd er vortískan 2014. Meðal þess sem vakið hefur athygli eru sparikjólar frá hinum þekkta Oscar de la Renta. Konur geta kannski fengið hugljómun varðandi árshátíðarkjólana á þessum myndum.

Tískuhönnuðurinn Oscar de la Renta kom á óvart þegar hann sýndi vor- og sumarlínu sína fyrir 2014 á tískuvikunni sem nú stendur yfir í New York. Glæsilegir silkikjólar, fallegir, bjartir litir og kvenleg snið einkenndu sparikæðnað þessa vinsæla hönnuðar. „Ástarbréf til kvenna,“ skrifaði blaðamaður Newsweek, sem var afar hrifinn af sýningunni. „Kvenlegt, litríkt og fallegt.“

Oscar de la Renta er einn frægasti tískuhönnuður heims og hefur verið leiðandi í tísku frá árinu 1960. Hann á frægð sína ekki síst að þakka að Jacqueline Kennedy valdi fatnað frá honum sem eftir var tekið. Að auki hefur hann séð um að hanna föt fyrir Nancy Reagan, Hillary Clinton og Lauru Bush. Það má því segja að hann hafi verið tískukóngur Hvíta hússins.

Oscar de la Renta hefur þar utan hannað fyrir kvikmyndastjörnur jafnt sem konungborið fólk og hlotið margvísleg verðlaun á löngum ferli, en Oscar de la Renta er 81 árs og hefur boðað starfslok. Hann fæddist í Dóminíska lýðveldinu en flutti ungur að árum til Madrid þar sem hann hóf nám í myndlist sem þróaðist í fatahönnun. Síðar fluttist hann til New York. Þar starfaði hjá tískuhúsi Elizabeth Arden áður en hann setti á stofn sitt eigið merki.



## Auglýsing til bæjar- og sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014.

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2013/2014, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014 er til **30. september 2013**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.
Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (**viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. desember 2012**), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski.
   Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim.
   Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnum niðurstöðuna.
Ráðuneytið hefur gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2013/2014, nr. 664, 10. júlí 2013 og reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014, nr. 665, 10. júlí 2013 og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.*

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Reglusöm og ábyggileg kona, óskar eftir lítilli íbúð sem fyrst. Vinnur á LSH uppl. í s: 698-1114.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður til sölu í borgarfirði. 3 ára gamall. Lækkað verð. 13 og hálf milljón. Uppl. í S. 699 7220.

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSVAGNA OG HÚSBÍLA EIGENDUR**
Til sölu tvö mjög hagkvæm 51,6 m2 frístundabil. Milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**VANTAR BÍLAGEYMSLU.**
Er með 12-15 bíla og vantar bílageymslu í vetur í RVK eða næstu bæjum. Aðeins ódýr leiga kemur til greina. S: 860-1330.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, www.solbakki.com

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464


VETUR GEYMSLA
**Varðveitum verðmæti eigna**
FERÐAVAGNAR
**Vantar þig geymslu?**
-fyrir fellihýsið, tjaldvagninn, móturhjólið eða eitthvað annað á besta stað í bænum?
Verð:
0-5m = 50.000kr.
0-7m = 60.000kr.
(Frá sept. 2013 til 15. maí 2014)
Hafðu samband í síma 776 3260 eða sendu okkur fyrirspurn á veturgeymsla@gmail.com


## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði


**mojo**
Við á Mojo getum bætt við okkur fólki í stólaleigu, góð tækifæri framundan.
mojo.mojo@outlook.com


We are looking for people for cleaning jobs, must have driving license and own car.

**KAFFI ZIMSEN**
Óskar eftir vönum barþjónum, fólki í uppvask og dyravörðum. Uppl. í s. 775 3939 / 774 5959

**BAKARI / BJÖRNSBAKARÍ SKÚLAGÖTU**
Bakari óskast sem fyrst. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi. Lárus s. 551 1531.

**SÓLAR EHF**
Ósku eftir fólki í ræstingarvinnu, þarf að hafa bílpróf og eigin bíl. Upplýsingar í s.778-2043 milli 11-16.

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hljólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560.

Við erum að leita að harðduglegum starfsmönnum til vinnu. Þurfa að vera stundvísir, tala íslensku, með sjálfstæð vinnubrögð, skipulagðir og áhugasamir. Reynsla af garðyrkjustörfum væri kostur. Umsóknir á www.gardlist.is eða thorey@gardlist.is

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir atvinnu, bæði fullt & hlutastarf. Skoða allt, get byrjað strax. Stundvís, heiðarleg og nákvæm. S. 659-4019

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**HANNES RÍKARÐSSON TANNLÆKNIR**
Hannes Ríkarðsson tannlæknir er fluttur í Bolholt 4, 3 hæð, lyftuhús, hringstiginn er farinn. Siminn er 568-5865.

## Einkamál

19 ára stelpa af höfuðborgarsvæðinu vill kynnat karlmanni undir fertugu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8627.

Falleg kona vill kynnast karlmanni, 45+, verður að vera með sín mál á hreinu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8593.

Ung kona (19 ára), vill kynnast eldri manni. Vil hafa það hressilegt. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8944.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi




## fasteignir


HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

**Hvannhólmi 6 - 200 Kópavogur**




**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 17-18.**
Glæsilegt mikið endurnýjað 216fm 8 herb. einbýlishús ásamt 45,3fm innbyggðs bílskúrs, samtals: 261,3fm.
Eignin skiptist í: 6 herb, 2 stofur og 2 böð.
Vel staðsett hús í lítilli botnlangagötu. **V-57,9millj.**

**Helgi Jónsson sölumaður verður á staðnum í dag milli kl : 17-18.**


## fasteignir







Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

**108 Reykjavík**
Falleg 2ja herbergja íbúð
Mikið útsýni
Þvottaaðstaða innan íbúðar
Vel um gengin
Verð: **18,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali

**Síðumúli - Atvinnuhúsnæði**



**Til sölu gott 630 fm atvinnuhúsnæði miðsvæðis í borginni.**
Eignin er á tveimur hæðum og samastendur að iðnaðarhúsnæði og skrifstofum á götuhæð og vörulegar í bakhúsi. Eigninni er nú skipt upp í tvö hluta. Stærra bilið ca 570 fm á tveimur hæðum og ca 60 fm bil í bakhúsinu með sér innkeyrsludyr. **V. 65,0 m.**
**Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson s. 6993444**

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

EIGNAMIÐLUN
*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*
Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Fálkagata 17, 107 Rvk – íbúð merkt: 02.01**




**4ra herbergja – frábær staðsetning.**
Falleg 103,4 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð á góðum stað í vesturbænum rétt við Háskóla Íslands. Ástand á húsi og sameign er gott og hefur húsið nýlega verið viðgert að utan.
**Eignin verður sýnd fimmtud. 12. september frá kl. 17:30-18:00 V. 32,4 m.** 3114

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

# Dansdeild HK



**DANS! DANS!**
**Allir í DANS!**

**Kennsla fer fram í Íþróttahúsi HK, Digranesi og í Fagralundi**

**Innritun í gangi í síma 844 5939 eða á dans@hk.is**

| Haustönn 2013 | Tímasetning | Lengd á viku | Æfingargjald |
|---|---|---|---|
| 3 ára byrjendur | Laugard. 10:00-10:40 | 40 mín. | 8.000 kr. |
| 4-5 ára byrjendur | Laugard. 10:45-11:25 | 40 mín. | 8.000 kr. |
| 5-7 ára byrjendur | Laugard. 11:30-12:20 | 50 mín. | 10.000 kr. |
| 4-6 ára framhald | Laugard. 12:30-13:10 | 40 mín. | 8.000 kr. |
| 5-8 ára framhald | Mánud. 17:10-18:00 | 50 mín. | 10.000 kr. |
| 7-10 ára byrjendur | Mánud. 16:20-17:10 | 50 mín. | 10.000 kr. |
| K Hópur | Þriðjud. 17:00-18:30 | 2x90 mín. | 26.000 kr. |
| | Fimmtud. 17:00-18:30 | | |
| Meistarahópur | Mánud. 18:00-20:00 | 4x120 mín. | 45.500 kr. |
| | Þriðjud. 18:30-20:30 | | |
| | Miðvikud. 18:00-20:00 | | |
| | Fimmtud. 18:30-20:30 | | |
| Fullorðnir byrjendur | Þriðjud. 20:30-21:30 | 60 mín. | 12.500 kr. |
| Fullorðnir framhald | Fimmtud. 20:30-21:30 | 60 mín. | 12.500 kr. |

*Ath. Kópavogsbær, Garðabær og Reykjavíkurborg styrkja börn til danskennslu sem fædd eru á árabilinu 1995 til 2007.*

Bandý · Blak · Borðtennis · Dans · Fótbolti · Handbolti · Taekwondo

HK var stofnað 1970 og er því 42 ára í ár. HK leitast við að bjóða uppá fjölbreytt úrval íþrótta svo að sem flestir geti fundið grein við sitt hæfi. Félagið er með fjórar starfsstöðvar í Digranesi, Fagralundi, Kórnum og Fífunni. Upplýsingar um æfingatíma og gjöld er að finna á heimasíðu félagsins ***www.hk.is***

Íslandsbanki







## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | 7 | | 3 |
| | | 4 | 3 | | 8 | 6 | 5 | |
| 2 | | | 9 | | 5 | | | 1 |
| 6 | 9 | | 4 | 5 | | | 1 | |
| 1 | | | | 2 | | | 3 | 9 |
| 7 | 5 | | | | 9 | | | |
| | | | 8 | 3 | | | | 5 |
| | | | | | 1 | | | |
| 3 | 1 | 7 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | | | 5 | | |
| | | | 2 | | | | 4 | 7 |
| 1 | | 5 | | | 7 | 6 | | |
| | | 3 | | 6 | | | | 5 |
| 9 | | | | | | 4 | 1 | |
| 7 | 6 | | 8 | | | | | |
| 2 | 8 | | | | | | 6 | |
| | | 7 | | | 1 | | | |
| | | | 7 | 2 | | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | | | |
| | 2 | 3 | | | | 7 | | 1 |
| | | | 3 | | | | 2 | |
| 4 | | | 6 | | | 1 | 7 | |
| | 8 | 1 | 4 | | | | | |
| | | | | | | | 5 | |
| | | | 7 | | | 5 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | 3 | | | |
| | 7 | | 2 | 8 | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Mér var kennt það mjög snemma, að ég yrði að treysta á sjálfan mig og framtíðin væri í mínum eigin höndum.

*Darius Ogden Mills*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** mund, **6.** þys, **8.** mælieining, **9.** atvikast, **11. 950, 12.** sjúga, **14.** gaffall, **16.** tveir eins, **17.** dvelja, **18.** drulla, **20.** sprikl, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** löngun, **3.** í röð, **4.** dýr, **5.** angan, **7.** flík, **10.** skst., **13.** tala, **15.** lokka, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tími, **6.** ys, **8.** júl, **9.** ske, **11.** lm, **12.** totta, **14.** kvísl, **16.** kk, **17.** una, **18.** aur, **20.** ið, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** íj, **4.** múlasni, **5.** ilm, **7.** skokkur, **10.** etv, **13.** tíu, **15.** laða, **16.** kaf, **19.** rá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Alþjóðlegi meistarinn Guðmundur Kjartansson (2434) vann alþjóðlegt mót í Sabadell á Spáni. Í lokaumferðinni hafði hann hvítt gegn Spánverjanum Javier Murano Ruiz (2469).**

**Hvítur á leik**



20. Rxf5! Rxf5 (ef 18...Bxf5 þá 19. Dxd6!) 21. Dxe7 Rxe7 22. Bh3! (Svartur tapar nú manninum til baka). Svartur reyndi 22...g5 en eftir 23. Bxe6 gxf4 24. Bxg8 Hxg8 25. Kh1 fékk hvítur auðunnið tafl sem hann örugglega.

**www.skak.is.** Heimsmeistaraeinvígi kvenna hafið


NÝR 16 BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM OPNUNARTILBOÐUM
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Stærsta tölvuverslun landsins Hallarmúla 2
Úrvalið er hjá okkur í Tölvutek
OPNUNAR
TILBOÐ
ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
NÝ
VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-
VERSLUN LANDSINS Í
HALLARMÚLA 2
SMELLTU
Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL





# 10 MILLJÓNIR KRÓ

## FÖRUM HRINGINN OG LEITUM AÐ HÆFILEIKARÍKU FÓLKI



| | |
|---|---|
| **Selfoss** | 30. sept. |
| **Borgarnes** | 1. október |
| **Höfn í Hornafirði** | 1. október |
| **Stykkishólmur** | 2. október |
| **Neskaupstaður** | 2. október |
| **Patreksfjörður** | 3. október |
| **Egilsstaðir** | 3. október |
| **Ísafjörður** | 4. október |
| **Húsavík** | 4. október |
| **Sauðárkrókur** | 5. október |
| **Akureyri** | 6. október |
| **Vestmannaeyjar** | 8. október |
| **Reykjavík** | 12. og 13. október |

**Nánari upplýsingar og skráning á**

**stod2.is/talent**

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is




# NA Í VERÐLAUNAFÉ

## STÆRSTA HÆFILEIKAKEPPNI Í HEIMI ER NÚ LOKSINS KOMIN TIL ÍSLANDS

STÖÐ 2, með **Auðun Blöndal** í broddi fylkingar, leitar að fólki á öllum aldri til að taka þátt í Ísland Got Talent. Verðlaunin eru svo sannarlega glæsileg, 10 milljónir króna fyrir siguratriðið! Dómarar þáttarins eru engir aukvisar, **Bubbi Morthens**, **Jón Jónsson**, **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og **Þórunn Antonía Magnúsdóttir**. Á næstunni förum við hringinn í leit að hæfileikaríku fólki sem vill gera alls konar skemmtilegt! Skráning og nánari upplýsingar á **stod2.is/talent**

### ★ GLÆSILEG VERÐLAUN
10 milljónir króna fyrir siguratriðið

### ★ FJÖLBREYTT ATRIÐI
Söngur, dans, uppistand, tónlist, leiklist, íþróttir, áhættuatriði, töfrabrögð, sirkusatriði, gæludýra-grín – hvað sem virkar!

### ★ EINSTAKLINGAR OG HÓPAR
Einstaklingar, pör, dúettar, tríó, lítil og stór hópatriði

### ★ ALLIR MEÐ
Allir geta tekið þátt en þeir sem eru undir 18 ára þurfa undirskrift forráðamanns






Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti
Póstdreifing
Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-



**SKÁLDIÐ OG ÞÝÐANDINN** Njörður heimsótti Tranströmer í fyrrasumar á meðan hann vann að þýðingu ljóðasafnsins.

# Að þýða ljóð er eins konar enduryrking

Öll ljóð sænska Nóbelsverðlaunaskáldsins Tomas Tranströmer koma út í íslenskri þýðingu Njarðar P. Njarðvík í dag. Bókin spannar fimmtíu ár og nefnist Ljóð 1954-2004. Sjálfur fagnar Njörður fimmtíu ára rithöfundarferli á þessu ári.

Ég hef fylgst með ljóðum Tomas Tranströmer alveg síðan 1966, þegar við hjónin fluttum til Svíþjóðar, og gaf út lítið ljóðakver eftir hann 1990 þegar hann hafði fengið Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Þegar hann fékk Bókmenntaverðlaun Nóbels 2011 tók ég þá ákvörðun að þýða öll ljóðin hans. Þetta eru sem sagt öll þau ljóð sem hann hefur birt í bókum,“ segir Njörður P. Njarðvík, þýðandi ljóðanna.

Þú þekkir Tranströmer væntanlega út og inn sem ljóðskáld, en kynntistu honum persónulega? „Já, svolítið. Hins vegar varð hann fyrir mjög miklu áfalli árið 1990, sama árið og hann fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Hann fékk slag, lamaðist hægra megin, missti málið og hefur ekki fengið það aftur. Þú getur ímyndað þér hvílík raun það er fyrir orðsins mann að geta ekki talað. Við heimsóttum hann í september í fyrra og það var dálítið tragískt. Hann skilur allt en getur ekki tjáð sig nema í eins atkvæðis orðum.“

Hann hefur samt haldið áfram að yrkja? „Hann hefur gefið út tvær bækur eftir að hann fékk slag. Fyrri bókin, sem heitir Sorgargondóll, var raunar að einhverju leyti tilbúin áður en hann veiktist, en sú seinni, pínulítið kver sem kom út 2004 og heitir á sænsku Den stora gåtan sem ég þýði sem Torráðin gáta, inniheldur mest hækur. Mjög hnitmiðað og mikil orðfæð. Reyndar hefur hann löngum verið mjög hnitmiðaður í ljóðlist sinni og hefur komið sér upp þeirri aðferð að hann byrjar ljóð oft á ofurhversdagslegu ytra atviki sem leiðir hann síðan inn í innri veruleika manneskjunnar.“

Sænska skáldið Kjell Espmark skrifar eftirmála bókarinnar og segir þar meðal annars: „Tomas Tranströmer er einn sárafárra sænskra rithöfunda sem hafa haft áhrif á bókmenntir heimsins. Ljóð hans eru ekki einasta þýdd á um 60 tungumál, mikilsháttar skáld um víða veröld hafa orðið fyrir djúpum áhrifum af list hans.“ Espmark mun í dag flytja fyrirlestur um Tranströmer í Norræna húsinu og Njörður segir hugsanlegt að hann muni lesa þar upp úr bókinni. Það muni ráðast af stemningunni.

Ljóðin í bókinni spanna fimmtíu ára tímabil og kallast það á við þá staðreynd að Njörður fagnar í ár fimmtíu ára ferli sem rithöfundur. Hann vill þó ekkert gefa upp um það hvort von sé á frumsaminni bók frá honum á næstunni. „Segjum ekkert um það sem ekki er orðið til. Hins vegar er það að þýða ljóð eins konar enduryrking. Ég byrjaði að þýða með þessa útgáfu í huga þegar Tranströmer fékk Nóbelsverðlaunin 2011 og hef lítinn tíma haft til að sinna öðru síðustu tvö árin.“

fridrikab@frettabladid.is

## Nöfnurnar spila saman

Fiðluleikararnir Sigrún Harðardóttir og Sigrún Eðvaldsdóttir ætla að kynna nýjar útsetningar á íslenskum þjóðlögum í Þjóðmenningarhúsinu á morgun, föstudag, klukkan 17.

„Ég fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að útsetningum íslenskra þjóðlaga fyrir einleiksfiðlu og fiðludúó og hef unnið við þær í sumar. Nú ætlum við nöfnurnar að kynna þær,“ segir Sigrún Harðardóttir, sem nú nemur fiðluleik við University of Denver í Colorado. Hún tekur fram að kynningin taki um 30 mínútur og að allir séu velkomnir.

- gun



**SIGRÚN OG SIGRÚN** Kynna nýjar útsetningar.



**LISTAKONAN** Þórey notar margs konar aðferðir við listsköpun sína. Hún kann til dæmis að vefa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Frá einu til annars

Þórey Eyþórsdóttir er með líflega listsýningu í SÍM-salnum að Hafnarstræti 16 í Reykjavík.

„Ég nota margvísleg efni í listaverkin mín og beiti blandaðri tækni, sumt er til dæmis saumað og annað límt,“ segir Þórey Eyþórsdóttir myndlistarkona, sálfræðingur og talmeinafræðingur glaðlega. Hún telur upp silki, ull, loðskinn, leður, roðskinn, flauel, bómull, vírnet og steina frá Djúpalónssandi sem dæmi um efnivið í verkunum.

Þórey heldur sýningu í sal Sambands íslenskra myndlistarmanna að Hafnarstræti 16 í Reykjavík. Sýninguna nefnir hún Frá einu til annars. Þar er hún meðal annars með nokkrar litlar landslagsmyndir og eitt verkanna varð til eftir að þrjár afrískar konur fengu friðarverlaun Nóbels 2011. Flottar og stoltar konur.

Þórey hefur haldið margar myndlistarsýningar hér á landi, í Noregi og Danmörku og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýning hennar í SÍM-salnum stendur til 25. september og er opin alla virka daga frá klukkan 10 til 16.

- gun

**ÁRIÐ SEM TVÆR SEKÚNDUR BÆTTUST VIÐ TÍMANN** EFTIR **RACHEL JOYCE**

# HÚN ER KOMIN!



Metsöluhöfundurinn **Rachel Joyce** er gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík. **Ingunn Snædal,** þýðandi, ræðir við hana í Norræna húsinu klukkan 12 í dag. Rachel les upp úr nýju bókinni sinni í Iðnó klukkan 20 í kvöld.

**UPPLESTUR Í IÐNÓ KL. 20 Í KVÖLD!**

**VIÐTAL Í NORRÆNA HÚSINU KL. 12!**




BJARTUR

**Eftir Rachel Joyce, höfund bókarinnar Hin ótrúlega pílagrímsganga Harolds Fry.**




DYNAMO REYKJAVÍK



**SÖLVI BJÖRN** „Ég get ekki ímyndað mér hvers vegna nokkur höfundur ætti að skrifa verri eða metnaðarlausari bók en hann getur skrifað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nálægt þeim stóra missa menn vitið

Rithöfundurinn Sölvi Björn Sigurðsson hefur sent frá sér mikil verk; Íslensk vatnabók og Stangveiðar á Íslandi. Í bókunum er rakin saga veiðimannasamfélagsins frá öndverðu til okkar daga. Hann nálgast vatnaveiðina úr bókstaflega öllum áttum. Jakob Bjarnar Grétarsson ræddi við Sölva Björn, meðal annars um þann geggjaða metnað sem að baki býr.

Sölvi Björn hefur hlotið mikið lof fyrir skáldverk sín. Skáldsagan Síðustu dagar móður minnar, sem Sölvi sendi frá sér árið 2009, er snilldarverk og til háðungar þeim sem um véla að hún væri ekki tilnefnd til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna. Sá sem hér skrifar er ekki einn um þá skoðun. Nú vendir Sölvi Björn sínu kvæði í kross, ef svo má segja, og snýr sér að ritun umfangsmikils og í raun fræðilegs verks. Hvað er að gerast?

„Síðasta skáldsagan mín, Gestakomur í Sauðlauksdal, var um sögulegt efni og það hafði vissar afleiðingar fyrir mig. Ég sökk í gamla texta sem sóttu á mig og heimtuðu að ég gæfi þeim meiri gaum. Vissirðu að Elís Jónsdóttir á Vatnsenda í Villingaholti eltist við sjóbirtinga um öll tún þarna fyrir austan sumarið 1709? Hún hafði fengið þetta fallega nafn, Elís, og kannski átti það einhvern þátt í því hvað hún var dugleg að bjarga sér. En fyrst þú spyrð svona sé ég reyndar ekki svo mikinn mun á skáldskap og fræðimennsku ef tilgangurinn er sá sami, að nálgast kjarnann, finna fegurðina í heiminum og starast á við furðurnar. Í Haukadalsvatni bjó forðum daga maður sem hét Silunga-Björn. Hann gat synt svo djúpt að hann fann sólina ofan í myrkviðum vatnsins og þar gáttina að öðrum heimi. Kannski eru svona gáttir á djúpum allra vatna, hvað veit maður? Málið snýst um að kafa, hvert svo sem vatnið er. Mig hafði lengi langað til að skrifa bók um landið og náttúruna, þó ekki væri nema til að vita aðeins meira um það. Ég hafði til dæmis ekki hugmynd um það fyrr en ég fór að skrifa þessa vatnabók að uppi á Bæjarhálsi á Ströndum er útburðartjörn og vættir sem leggjast á hæla manns og hrekja mann burt með öskrum. Ég hef aldrei heyrt önnur eins hljóð. Mér skilst að það hafi verið stórlán hvernig vindáttirnar lágu þegar ég var þarna á ferð með vini mínum, sem er líka rithöfundur. Annars hefðum við lagst í brekkuna og lamast. Um það finnast ótal dæmi frá fyrri tíð.“

### Skynsemin þýddist hann ekki

Nú er kannski algengara, án þess að ég hafi nokkrar tölfræðilegar upplýsingar að byggja á með það, að rithöfundar beini sjónum að fræðilegri skrifum þegar liðið er á ferilinn. Þú ert ungur höfundur og fetar þessa slóð; hvernig má það vera? Ertu svona gömul sál eða hvað er í gangi?

„Það er rétt að þetta er í aðra röndina fræðilegt verk en líka ferðasaga og ævintýrabók með alls kyns útúrdúrum sem má almennt ekki hafa í fræðibókum.

*ég fór á fjörur við skynsemina*
*hún þýddist mig ekki*

*ég missti mig alveg í oasis*
*yfir dragt sem var á kvenmann*

Þetta er úr ljóðinu Á fjallabaki, af síðu 599. Annars held ég að það sé frekar ný hugmynd að höfundar séu svo ungir þegar þeir eru 35 ára. Diderot var á þessum aldri þegar hann skrifaði Alfræðibókina. Þú heldur auðvitað að ég sé með megalómaníu, en ég er bara að reyna að setja þetta í eitthvert samhengi. Höfundum er held ég almennt hollt að takast á við nýjar áskoranir og mér var ætluð þessi á þessum tímapunkti. Hún herti mig að því leyti að ég hef aldrei unnið jafn mikið og sleitulaust að settu marki. Ég sé ekki fyrir mér að næsta bók verði tekin neitt léttari tökum, nema síður sé, þótt hún sé skáldverk.“

### Ræktar ekki með sér komplexinn

Sölvi Björn hefur, með öðrum orðum, ekki miklar áhyggjur af því að þetta verkefni komi niður á ímynd hans sem skáldsagnahöfundar? Metnaðarfullum höfundum á því sviði er mjög í mun að herða upp á öllum slíkum skrúfum.

„Nei, er það? Ekkert frekar, held ég, en að Brad Pitt hafi haft áhyggjur af því að enda í teiknimynd þegar hann talaði inn á Metro-Man. Ég hef gefið út ljóðabækur, ritgerðarsöfn og tímarit samhliða skáldsögunum og lifað það af. Í fyrra gaf ég út fyrstu ljóðabókina mína í sjö ár. Hún heitir Sláturtíðin og mér fannst það bara töluvert frelsandi. Hvað skáldsöguferilinn varðar er hann samt númer eitt. Og ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá er ég bara akkúrat núna að skrifa mína langstærstu skáldsögu, svo ég á frekar erfitt með að rækta með mér komplexinn. Þú biður um skrúfjárn, ég skal rétta þér höggbor.“

Svo Sölvi er ekki að að hugsa um að leggja skáldskapinn á hilluna?

„Nei.“

Hugmyndin kviknaði fyrir um tíu árum og þá fór Sölvi Björn að safna sögum í verkið mikla. „Þetta neitaði einhvern veginn að leggjast í dvala. Mér finnst gaman að vera í óbyggðum og þetta verkefni gaf færi á að rækta þessa ferðaþrá. Ég hef því verið að þvælast um landið síðustu sumur og skrifa ýmislegt hjá mér. Svo komu þeir til mín, Þórður Flóventsson, Árni landfógeti og þessir meistarar allir sem breyttu verkefninu og hvernig það horfði við mér. Fyrst Þórður gat riðið um óraflýst landið þvert og endilangt með hrognadall á níræðisaldri þá hlaut ég að geta tekið aðeins lengri vaktir á bókasafninu og grúskað aðeins meira en ætlunin var. Ætli það megi ekki segja að þetta verkefni hafi verið viðvarandi meðfram einu og öðru síðustu fjögur til fimm árin, þótt mesti kúfurinn hafi verið núna og í fyrra.“

### Lágmarkskrafa að leggja allt sitt í verkið

Í fljótu bragði virðist sem Sölvi ætli sér að ná utan um allan pakkann; byrjar í Íslendingasögum, lítur um öxl til Biblíunnar og svo er haldið áfram og slóðin fetuð til vorra tíma. Útgefandi Sölva, Tómas Hermannsson, segir mér að þetta nálgist geggjun; svo mikill metnaður er lagður í verkið. Það hljóta að hafa komið þær stundir

> **„ *ég missti mig alveg í oasis***
>
> ***yfir dragt sem var á kvenmann***

að Sölvi hafi litið upp og talið sig hafa færst of mikið í fang? Eða er hann svona „geggjaður“?

„Að vissu leyti er það auðvitað einhvers konar bilun að leggjast í svona verkefni. Ég eiginlega bara … get ekki lýst því. En sko, hvers vegna að gera eitthvað verr en hægt er að gera það? Það er stundum hægt að skilja hvers vegna fólk gerir hlutina ekki betur en raun ber vitni – það fellur á tíma eða hreinlega getur ekki betur. En að leggja meðvitað minni metnað í verk en í manni býr gagnvart því sem maður hefur valið sér, það er mér óskiljanlegt. Ég get ekki ímyndað mér hvers vegna nokkur höfundur ætti að skrifa verri eða metnaðarlausari bók en hann getur skrifað. Að höfundur leggi allt sitt til verksins er lágmarkskrafa sem hægt er að gera til rithöfundar. Hámarkskrafan er svo að hann sýni fram á einhvers konar snilligáfu, en það veltur á öðru og er kannski það sem skilur að lokum frábæra höfunda frá hinum duglegu. Ég veit ekki hvort þetta er geggjun en ég gerði allavega það sem ég gat á þeim tíma sem ég hafði.“

### Veiðisagan hin tæra sagnalist

Í bókunum nálgast Sölvi Björn vatnaveiði sögulega. Þarna er ▶

# BÓKA LAGERSALA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 3500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla daga kl. 10–19




ARTEMIS FOWL – BLEKKINGIN – INNBUNDIN

**Verð: 590 kr.**




DÍSA LJÓSÁLFUR – INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




EINU SINNI VAR DRAMA-DROTTNING ... – INNBUNDIN

**Verð: 590 kr.**




GRÆNI ATLASINN – INNBUNDIN

**Verð: 1.290 kr.**



BOLLAKÖKUR RIKKU – INNBUNDIN

**Verð: 1.690 kr.**




FLICK MY LIFE – KILJA

**Verð: 690 kr.**




STALÍNSBÖRN – INNBUNDIN

**Verð: 1.690 kr.**




HÁLFBRÓÐIRINN – KILJA

**Verð: 790 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

▶ að finna uppskriftir og allt þar á milli, að ógleymdum veiðisögum. Slíkar bækur hafa komið fram að nokkrum krafti að undanförnu og má þar til að mynda nefna bækur Bubba Morthens. Eru veiðisögur að einhverju leyti öðruvísi en aðrar sögur? Og hvað veldur þessari miklu þörf á að segja veiðisögur?

„Mætti ekki segja að í veiðisögunni birtist sagnalistin í sinni tærustu mynd? Þetta hljómar kannski eins og eitthvað sem maður segir bara en ég held að það sé svolítið til í þessu. Veiðisagan hverfist um spennandi atburð og æsilegar lyktir, sem geta þó verið á hvaða veg sem er. Í henni eru oftar en ekki einhvers konar hvörf, dýrslegur ofmetnaður og sturlun. Í nánd við stóra fiska missa veiðimenn oftar en ekki vitið og atburðurinn situr lengi í þeim, þessi geðshræring er svo sterk.“

### Uppáhalds veiðisagan

„Það var uppi í Veiðivötnum fyrir svona átján, nítján árum. Við feðgarnir stunduðum þá af miklum móð þá þolinmóðu list að „láta liggja“, sátum inni í bíl og spiluðum jatsí fram í rökkrið og hlustuðum á Hotel California. Á slíkum stundum getur það gerst að fiskurinn bítur á og er ekkert að fylgjast með því hver þarf að strika út litla streit eða hver fær fjóra eins, hann hirðir bara ekkert um það hvort maður sé kannski að fá sér kleinu og ekkert að fylgjast með stönginni sinni, hann gerir bara það sem hann getur til að komast sem lengst út í vatnið. Þessi fiskur var sterkari en aðrir fiskar og ég held að ég hafi aldrei séð önnur eins björg af grjóti og fyrirhleðslum þeytast út í himingeiminn, frá stönginni sem nú stefndi hraðbyri út á djúpið. Þetta gerðist allt á nokkrum sekúndum og áður en ég veit af er ég kominn lengst út á grynningarnar, þangað sem vatnið fer að dýpka í átt að gígnum, og þar sting ég mér með höfuðið á undan og hendurnar til móts við botninn þar sem hjólið er að skríða ofan í hyldýpið. Eftir á að hyggja er þetta eflaust sá atburður á mínum veiðiferli sem gerir sögu Silunga-Björns svo ljóslifandi og metafísíska í huga mér, en athæfið er enn furðulegra í ljósi þess að ég þekki mörg þriggja ára börn sem eru mun betri sundmenn en ég. Hvað sem því líður náði ég stönginni, náði að reisa mig við og súpa hveljurnar áður en ég skreið upp á land og tók að draga inn fiskinn. Þessi urriði reyndist vera níu punda þungur, annar tveggja af slíkri stærð sem við fengum í þessari eftirminnilegu ferð.“



### Vatnamenningin er ekki einföld

Sölvi Björn hefur fengist við veiðimennsku frá fimm ára aldri, þegar faðir hans tók strákinn með í slíka ferð. Vatnaveiði er með ýmsu móti. Hvers konar veiði leggur Sölvi helst stund á?

„Það eru þessar ferðir upp í Veiðivötn fyrst og fremst. Að vera uppi á afskekktum heiðum, það finnst mér skemmtilegast. Að lesa grös og nema land. Í Lýsingu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen er rosaleg lýsing á affalli Langasjávar, hann kallar það Rótagil, þar sem bergvatnið fellur í stríðum straumi út í Skaftá í djúpum gljúfrum. Þessi sýn situr svo sterkt í mér, að standa þarna ofan í gilinu og skoða fiska, með jöklana til norðurs og sandana til suðurs. Ég hef ekki komið þangað enn, enda ekki hlaupið að því, en byðist mér að skipta út hálfum degi í Norðurá og vera færður að Rótagili í staðinn, þá myndi ég ekki hugsa mig tvisvar um. Það er þetta ævintýri sem höfðar sterkast til mín, þessi nánd við landið og kraft þess.“

Sölvi Björn leggur talsvert upp úr því í bókinni að veiðimennskan sé eitthvað sem liggur djúpt í eðli okkar og er um leið partur af því hreinlega að komast af. En hvað finnst honum þá um að veiða og sleppa? Er það ekki einhvers konar úrkynjun?

„Að veiða meinarðu? Eða sleppa?“

Sleppa.

„Laxaspillir er allavega á því að þetta sé ekki eðlilegt, svo mikið er víst. Ég er hérna að tala um föður minn. Sá dagur mun seint renna upp að hann sleppir fiski. Eggert og Bjarni segja líka að þegar menn voru að dorga með maðki og hrossakjöti í Elliðaánum fyrir svona tvö hundruð og fimmtíu árum sirka, þá hafi mesta furðan falist í því að „þessi fiskur var nær aldrei dreginn upp úr vatninu“. Þetta óeðli, ef menn vilja kalla það svo, er því ansi gamalt. Ég hef ekki tamið mér þetta að jafnaði, að dorga og sleppa, enda fer ég sjaldnar að veiða núorðið en ég myndi óska. Mér þætti eitthvað hálfbogið við að keyra fimm hundruð kílómetra upp á hálendi og aftur til baka til að veiða nokkra fiska og sleppa þeim. Þessi fiskur er borðaður á heimilinu og þykir lostæti, ég læt reykja mest af honum. Samt verð ég að taka það fram að ég er farinn að skilja betur ástæðurnar sem vaka fyrir sleppurum. Veiðimennskan er svo djúprætt í eðli þeirra að þeir geta ekki hætt en vilja samt ekki deyða allt í slóð sinni. Einhver mikilvægasti kostur veiðimannsins er að hafa jafnaðargeð og þolinmæði gagnvart háttum annarra veiðimanna, enda er vatnamenningin ekkert einföld frekar en önnur menning. Það er þessi fjölbreytni sem gerir þetta svo skemmtilegt og það sem helst vakti fyrir mér þegar ég skrifaði bókina. Að draga fram fjölbreytileikann og furðurnar. Alla þessa miklu sögu.“

> ❞ **Veiðisagan hverfist um spennandi atburð og æsilegar lyktir, sem geta þó verið á hvaða veg sem er. Í henni eru oftar en ekki einhvers konar hvörf, dýrslegur ofmetnaður og sturlun.**








## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 12. SEPTEMBER 2013**

### Fræðsla

**10.00** Sænski rithöfundurinn Kjell Espmark heldur fyrirlestur um sænska skáldið og Nóbelsverðlaunahafann Tomas Tranströmer í Norræna húsinu í dag kl 10. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, sænska sendiráðsins á Íslandi, Bókmenntahátíðar í Reykjavík og Norræna hússins. Fyrirlestur Kjells Espmarks um Tomas Tranströmer verður haldinn á ensku og er öllum opinn.

### Tónlist

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur fram á tónleikum er bera yfirskriftina Kveðja frá Ítalíu. Þar verða meðal annars leikin verk eftir Claude Debussy og Felix Mendelssohn. Hljómsveitarstjóri er Jun Markl.

**21.00** Hress og kærleiksrík tónleikakvöldstund með Svavari Knúti á Café Rosenberg í kvöld. Aðgangseyrir verður 1.500 krónur en sérstakur afsláttur í gildi fyrir námsmenn, eldri borgara, atvinnuleysingja og öryrkja.

**21.00** Oktoberfest fer fram á svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni um helgina. Fjöldi hljómsveita er um tuttugu og er því um sannkallaða tónlistarveislu að ræða. Meðal þeirra sem koma fram eru Sykur, FM Belfast, Jón Jónsson, Mammút, Friðrik Dór, Ojba Rasta, Vök og Dikta. Miðaverð er 5.500 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*








B
KLASSÍSKT JÓLAHLAÐBORÐ
Á BORG RESTAURANT
JÓLAHLAÐBORÐIN OKKAR HEFJAST ÞANN 22. NÓVEMBER.
BOÐIÐ VERÐUR UPP Á HLAÐBORÐ MEÐ KLASSÍSKU SNIÐI ÞAR SEM
ALLAR HELSTU DÁSEMDIR JÓLANNA VERÐA Á BOÐSTÓLNUM.
HÁDEGISHLAÐBORÐ: 4.900 KR.
KVÖLDHLAÐBORÐ:
SUNNUDAGA TIL FIMMTUDAGA: 7.900 KR.
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA: 8.900 KR.
GETUM TEKIÐ VIÐ ALLT AÐ 200 MANNA HÓPUM.
BORÐAPANTANIR Í SÍMA 578-2020
OG Á INFO@BORGRESTAURANT.IS
HÓTEL BORG
BORG RESTAURANT
PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 578-2020 - INFO@BORGRESTAURANT.IS
WWW.BORGRESTAURANT.IS



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Gamli hundurinn

„Hei, Kjarri. Ertu í alvöru AC/DC-maður eða ertu bara hippster?“, spurði samstarfsmaður mig í vikunni og vísaði þar til forláta háskólabols, merktum skoskættuðu bárujárnsboltunum frá Ástralíu, sem ég festi kaup á í Bandaríkjunum í vor og hef varla klætt mig úr síðan (líklega kannast flestir við þá himnasælu sem fylgir því að finna hina fullkomnu flík, sem þér líður vel í og vonar heitt og innilega að hlaupi aldrei í þvotti, en það er önnur og lengri saga).

Í kjölfar fyrirspurnar kollegans kjöftuga spunnust líflegar umræður um allt sem viðkemur AC/DC, þar á meðal hver besta plata sveitarinnar sé (Dirty Deeds Done Dirt Cheap, að sjálfsögðu), hvort Bon Scott eða Brian Johnson drottni (vitanlega Bon, enda einn flottasti frontmaður allra tíma), kosti og galla lagsins Thunderstruck (gallarnir eru að mínu mati fleiri) og þar fram eftir götunum, en sárasaklaus spurningin leitaði á mig löngu eftir að öll AC/DC-mál höfðu verið rædd í þaula. Auðvitað er ég AC/DC-maður. Hvers vegna myndi ég annars klæða mig í föt merktum sveitinni?



BON SCOTT SÖNGVARI AC/DC

Svo áttaði ég mig á því að þessar vangaveltur vinnufélagans voru ósköp eðlilegar. Í þeim fólust líklega efasemdir gamla hundsins, tónlistarlúðans sem trúir statt og stöðugt á mikilvægi einhvers konar siðareglna á þessum póstmódernísku og kaldhæðnu hippsteratímum sem við lifum á.

Gamli hundurinn, í jákvæðasta skilningi þess hugtaks, gæti fyllst gremju þegar hann sér fólk í kringum tvítugt spígspora um miðbæinn í Sonic Youth-bolum. Ef gamli hundurinn er í stuði svífur hann jafnvel á viðkomandi ungling og spyr út í smáskífuútgáfur og meðlimaskipan á mismunandi tímabilum í sögu téðrar sveitar og kveður upp dóm sinn að yfirheyrslu lokinni. Sjálfur myndi sá gamli ekki láta sjá sig dauðan í stuttermabol merktum Coldplay (eða annarri nýlegri sveit sem honum hugnast ekki) en gæti hugsanlega góterað New Kids On the Block vegna þess að það er fyndið/svo hallærislegt að það fer hringinn/í lagi vegna þess að hundurinn veit alltaf betur.

Tímarnir breytast og mennirnir með og nú stefnir allt í að gamli hundurinn verði útdauður innan tíðar. Þeirrar sannfæringarskepnu verður sárt saknað.

## Í spilaranum







**Emilíana Torrini** - Tookah
**Janelle Monáe** - The Electric Lady
**Pálmi Gunnarsson** - Þorparinn



**ARCTIC MONKEYS** Sheffield-rokkararnir hafa gefið út sína fimmtu plötu og nefnist hún AM. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meiri hipphopp-áhrif

Fimmta plata Arctic Monkeys, AM, er komin út. Forsprakkinn Alex Turner segir hana undir áhrifum frá hipphopp-tónlist. Gagnrýnendur hafa tekið henni vel.

Rokkararnir í Arctic Monkeys frá Sheffield á Englandi hafa gefið út sína fimmtu breiðskífu. Hún kemur út á vegum Domino og nefnist AM. Upptökustjórn annaðist James Ford sem hefur unnið með hljómsveitinni síðan 2007. Honum til aðstoðar var Ross Orton og fóru upptökurnar fram í Los Angeles og Joshua Tree í Kaliforníu.

Gestur á plötunni var Josh Homme úr Queens of the Stone Age, sem var einmitt annar af upptökustjórum þriðju plötu Arctic Monkeys, Humbug. Forsprakki Arctic Monkeys, Alex Turner, var einmitt gestur á nýjustu plötu Queens of the Stone Age, ...Like Clockwork. Einnig spiluðu á AM þeir Pete Thomas, sem hefur trommað með Elvis Costello og Tom Waits, og Bill Ryder-Jones, fyrrverandi meðlimur ensku sveitarinnar The Coral.

Fyrstu tvær plötur Arctic Monkeys, Whatever People Say I Am, That's What I'm Not og Favourite Worst Nightmare, höfðu yfir sér ungæðislegan blæ þar sem krafturinn var í fyrirrúmi. Tónninn á Humbug var þroskaðri og fágaðri þar sem gítarsóló fengu að njóta sín meira en áður. Síðasta plata, Suck it and See, hafði yfir sér léttara yfirbragð en Humbug og fékk fína dóma eins og flestar plötur Arctic Monkeys hafa fengið.

Í viðtali á vefsíðu BBC segir Alex Turner hljómsveitina vera undir áhrifum frá hiphop-tónlist á nýju plötunni. „Textarnir okkar hafa alltaf verið undir áhrifum frá hiphop-tónlist en núna eru áhrifin meira áberandi í lögunum. Við fáum ýmislegt lánað frá þessum heimi á plötunni, þar á meðal trommuhljóminn,“ sagði hann.

AM hefur verið sérlega vel tekið af gagnrýnendum. Tímaritin Q og Mojo gefa henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum, rétt eins og blaðið The Guardian. Rolling Stone skellir á hana þremur og hálfri stjörnu af fimm og NME gefur henni fullt hús, eða 10 í einkunn. Þar segir gagnrýnandinn AM vera bestu plötu sveitarinnar og hugsanlega þá bestu sem hefur komið út síðasta áratuginn, hvorki meira né minna.

Arctic Monkeys hóf AM-tónleikaferðalagið sitt í maí í Kaliforníu en hljómsveitarmeðlimir búa núna í Los Angeles. Alls verða tónleikarnir sextíu talsins. Fram undan eru tónleikar í Norður-Ameríku og Evrópu það sem eftir lifir ársins.

freyr@frettabladid.is

## Alltaf á toppnum í Bretlandi

Allar fjórar plötur Arctic Monkeys til þessa hafa farið á topp breska vinsældarlistans. Sveitin hefur hæst komist í sjöunda sæti bandaríska listans með plötuna Favorite Worst Nightmare. Tvö lög hafa farið á toppinn í Bretlandi, eða I Bet You Look Good on the Dancefloor sem kom út 2005 og When the Sun Goes Down sem kom út árið eftir. Hljómsveitin hefur unnið fimm Brit-verðlaun á ferli sínum og tvívegis verið tilnefnd til Grammy-verðlaunanna.




## 5.9.2013 → 11.9.2013





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Avicii / Aloe Blacc** | **Wake Me Up** |
| ▲ | 2 | Olly Murs | Dear Darlin' |
| ▲ | 3 | Katy Perry | Roar |
| ▲ | 4 | Naughty Boy / Sam Smith | La La La |
| ▼ | 5 | Dikta | Talking |
| ▼ | 6 | Pink / Lily Allen | True Love |
| ▲ | 7 | Lana Del Ray | Summertime Sadness |
| ▼ | 8 | Hjaltalín | Halo |
| ▼ | 9 | Dr.Gunni og Friðrik Dór | Glaðasti hundur í heimi |
| ▲ | 10 | Ellie Goulding | Burn |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ✱ | 1 | **Ýmsir** | **Pottþétt 60** |
| ✱ | 2 | Pálmi Gunnarsson | Þorparinn |
| ✱ | 3 | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Mary Poppins* |
| ▼ | 4 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▼ | 5 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 6 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 7 | Hjalti og Lára Sóley | Hjalti og Lára Sóley |
| ▼ | 8 | Samaris | Samaris |
| ▼ | 9 | Sigur Rós | Kveikur |
| ▼ | 10 | Hjaltalín | Enter 4 |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. Vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn

DAGANA 12. – 18. SEPTEMBER
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú verslar tvær vörur eða fleiri frá Estée Lauder í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 12.- 18. september.

**TAX FREE* SNYRTIVÖRU DAGAR**
DAGANA 12.-16. SEPTEMBER
*jafngildir 20,32% verðlækkun




**KAUPAUKINN INNIHELDUR:**
**Take it Away Makeup remover** - nýjan farðahreinsi, 30ml
**Daywear Creme SPF 15** - dagkrem, 15ml
**Advanced Night Repair Eye** – augnkrem, 5ml
**Pure Color Eye shadow Quad** – 4 augnskugga í boxi
**Pure Color Lipstick** – varalit, fulla stærð, litur blushing
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Stress Relief Eye Mask** – augnmaska, eitt par
**Fallega snyrtitösku**

*meðan birgðir endast

OKKAR MEST SELDU
HÚÐDROPAR
NÚ BETRI EN
NOKKRU SINNI FYRR




Færðu ekki nægan svefn, eldist húð þín of hratt?
**Kynnum nýtt Advanced Night Repair.**
Athugaðu hvað það getur gert fyrir þína húð.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**ÞRENNA Á FÖSTUDAG** Blue Jasmine er á meðal þeirra mynda sem frumsýndar verða annað kvöld.

# Þrenna á föstudegi

## Þrjár kvikmyndir verða frumsýndar annað kvöld.

Þrjár kvikmyndir eru frumsýndar á þeirri óheillvænlegu dagsetningu, föstudeginum þrettánda. Sú fyrsta nefnist Blue Jasmine og er í leikstjórn Woody Allen. Myndin skartar Cate Blanchett í hlutverki yfirstéttarfrúr sem lifir áhyggjulausu lífi á Manhattan. Þegar efnaður eiginmaður hennar, sem leikinn er af Alec Baldwin, ákveður skyndilega að skilja við hana hrynur líf hennar til grunna.

Spennumyndin Malavita verður einnig frumsýnd annað kvöld. Með helstu hlutverk fara Robert De Niro, Michelle Pfeiffer og Dianna Agron og leikstjóri myndarinnar er Luc Besson. Myndin segir frá mafíuforingja sem gerist uppljóstrari fyrir lögregluna og er settur í vitnavernd. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir lögreglu að halda bakgrunni fjölskyldunnar leyndum tekst henni ævinlega að koma upp um sig.

Þriðja myndin sem frumsýnd verður er Aulinn ég, eða Despicable Me 2. Í myndinni er Gru fenginn til liðs við „And-Varmenna Liðið“ til þess að uppræta nýjan og voldugan ofurglæpamann sem heitir Eduardo.



**HÁTÍÐ HALDIN** Evrópska kvikmyndahátíðin EFFI verður haldin í Bíói Paradís.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hátíð í Paradís

## Evrópsk kvikmyndahátíð í annað sinn í Bíói Paradís.

Mikið verður um að vera dagana 19. til 29. september þegar Evrópska kvikmyndahátíðin, EFFI, verður haldin í Bíói Paradís. Þar verður sýndur þverskurður af því besta sem álfan hefur upp á að bjóða innan kvikmyndagerðar.

Hátíðin hefst með ókeypis kvikmyndasýningu, þegar hin margverðlaunaða Broken Circle Breakdown verður sýnd. Stærsti viðburður hátíðarinnar er þó sýning á myndinni Í myrkrinu, eða In Darkness, eftir Agniezsku Holland, með sérstakri sjónlýsingu fyrir blinda. Þessi dagskrárliður er hluti af samvinnuverkefni Bíós Paradísar og Wroclaw-West-menningarmiðstöðvarinnar í Póllandi um bætt aðgengi fatlaðra að menningu.

Pólski kvikmynda- og sjónvarpsleikstjórinn Agniezska Holland er heiðursgestur hátíðarinnar að þessu sinni. Miðasala fer fram á Midi.is og í miðasölu Bíós Paradísar.



**LAGT Á RÁÐIN** Liam Hemsworth leikur ungan mann er lendir mitt á milli tveggja efnamanna er keppast um völd.

# Milljarðamæringar keppast um völd

## Kvikmyndin Paranoia verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi annað kvöld.

Spennumyndin Paranoia er byggð á samnefndri skáldsögu Josephs Finder frá árinu 2004. Myndin er í leikstjórn Robert Luketic og skartar Harrison Ford, Liam Hemsworth, Gary Oldman og Amber Heard í helstu hlutverkum.

Paranoia segir frá tækniséníínu Adam Cassidy sem starfar hjá fjarskiptafyrirtæki í eigu milljarðamæringsins Nicholas Wyatt. Vegna óhlýðni við yfirboðara sína missir Cassidy starf sitt en hann telur sig hafa náð fram hefndum með því að ræna kreditkorti fyrirtækisins og bjóða vinum sínum út á lífið. Stuttu síðar er Cassidy þó kallaður á fund Wyatts og honum tjáð að hann verði kærður fyrir fjársvik nema hann útvegi Wyatt upplýsingar um helsta samkeppnisaðila hans. Þar með hefst æsispennandi atburðarás og kemst Cassidy brátt að því að hann er aðeins peð í valdabaráttu tveggja milljarðamæringa sem eru áfjáðir í því að knésetja hvor annan.

Leikstjóri myndarinnar, Robert Luketic, hefur leikstýrt kvikmyndum á borð við Legally Blonde með Reese Witherspoon í aðalhlutverki, Monster-in-Law, The Ugly Truth og Killers. Hann var á táningsaldri þegar fyrsta mynd hans var valin besta kvikmyndin á ATOM-kvikmyndahátíðinni í Ástralíu. Hann hóf síðar nám við einn virtasta kvikmyndaskóla Ástralíu, Victorian College of Arts – School of Film and Television.

Leikarinn Kevin Spacey átti upphaflega að fara með hlutverk Nicholas Wyatt en að lokum var það Gary Oldman sem hreppti hlutverkið. Þetta er í annað sinn sem þeir Oldman og Ford leiða saman hesta sína en þeir léku saman í kvikmyndinni Air Force One árið 1997. Þar, líkt og í Paranoia, léku þeir andstæðinga; Ford lék forseta Bandaríkjanna og Oldman lék illmennið Egor Korshunov sem rænir forsetanum og fjölskyldu hans.

Paranoia hefur fengið nokkuð slaka dóma frá gagnrýnendum og þá sérstaklega hinn ungi Hemsworth, sem hlotið hefur slæma útreið fyrir frammistöðu sína í myndinni. Á vefsíðunni Rottentomatoes hlýtur myndin 4 prósent í einkunn og Metacritic gefur henni 32 prósent í einkunn. **- sm**

### Hugljúf stund

Richard Dreyfuss leikur föður Liams Hemsworth í kvikmyndinni og í lok myndarinnar má sjá hjartnæmt atriði milli feðganna. Í viðtali við vefritið Craveonline viðurkennir Hemsworth að þeir Dreyfuss hafi leikið atriðið af fingrum fram.

„Hann er frábær leikari, afskaplega hreinskilinn og innilegur. Þegar við tókum upp þetta atriði horfði hann á mig líkt og ég væri í raun sonur hans. Hann lagði höfuð sitt á öxl mína og, já, þetta var hugljúf stund. Þetta var ekki fyrirfram ákveðið, hann sat bara þarna og gerði það sem honum þótti eðlilegt,“ útskýrir Hemsworth.



PIPAR\TBWA SÍA - 122624

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




# Svona er frumkvöðla-lífið á Ásbrú

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

Nánari upplýsingar á www.asbru.is.

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ



# Óhefðbundnar leiðir til að bæta heilsu

Kínverski tónlistarmaðurinn Leng Qian segir að aukin munnvatnsframleiðsla geti bætt heilsu.

Qian segir að með því að kyngja litlum skömmtum af munnvatni bætir þú heilsu og meltingu. Skelltu tönnunum létt saman 36 sinnum um leið og þú vaknar. Með því styrkir þú tennurnar og eykur blóðflæði í tönnunum. Þegar kjálkinn er orðinn laus skaltu hreyfa tunguna í kringum munninn og nudda þannig gómana með tungunni sem leiðir til meiri munnvatnsframleiðslu.



**ÓHEFÐBUNDIÐ** Kínversk hefð til að bæta heilsu er að kyngja smáum skömmtum af munnvatni. NORDICPHOTOS/GETTY






**BLOGGAR UM TÍSKU** Ása Bríet Brattaberg heldur úti vinsælu tískubloggi. Hún stundar klæðskeranám við Tækniskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég elska að vera fín og klæða mig upp

Ása Bríet Brattaberg er 17 ára klæðskeranemi sem bloggar um tísku og hönnun.

„Einu sinni var ég í tíma í búningasögu í Tækniskólanum og kennarinn fer að tala um hvað það sé auðvelt að fylgjast með nýjustu tískustraumum á netinu, svo birtist mynd af mér fyrir tilviljun á tölvuskjánum. Það fannst mér frekar fyndið,“ segir hin sautján ára gamla Ása Bríet Brattaberg sem heldur úti tískublogginu asabriet.blogspot.com.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ása sterkar skoðanir á tísku og byrjaði ung að velta nýjustu tískustraumunum fyrir sér. „Ég var mjög ung þegar ég byrjaði að pæla í tísku og man varla eftir mér öðruvísi. Mér finnst alltaf gaman að klæða mig upp og vera fín, þó að það sé bara fyrir skólann. Það á ekkert endilega spara fínu fötin. Ég fer til dæmis aldrei neitt nema að hafa varalit með mér,“ segir hún.

Ása Bríet hóf að blogga fyrir einu og hálfu ári og eru bloggfærslur hennar lesnar af um fjögur þúsund manns í viku hverri. „Það skemmtilegasta við bloggið er að skrifa um það sem ég hef áhuga á og sjá að það er einhver að lesa það. Lesendur mínir eru duglegir að hrósa mér, sem er mjög hvetjandi. Svo hefur vinabeiðnum fjölgað á Facebook eftir að ég byrjaði að blogga.“

Ása stundar klæðskeranám í Tækniskólanum í Reykjavík og dreymir um að gerast fatahönnuður. „Amma mín og frænka eru miklar saumakonur og ég var mikið að sauma með þeim þegar ég var lítil. Þær eru klárlega fyrirmyndir mínar í dag. Eftir klæðskeranámið ætla ég annaðhvort í Listaháskólann eða að sækja um í Central Saint Martins í London,“ segir Ása Bríet að lokum glöð í bragði.

➜ Mér finnst skemmtilegast að klæðast kjólum, með uppsett hárið og svo gleymi ég aldrei varalitnum. Hillan mín heima er full af varalitum.

asa@frettabladid.is

# Mýtur kvaddar niður

„Af hverju gefum við ekki hvor annarri fimmuna fyrir að fróa okkur? Þú veist, svona eins og strákarnir gera.“ Að þessu spurði ung grunnskólapía mig. Ég gat ekkert annað gert en að bjóða henni spaðann. Þetta er nefnilega alveg merkilegt fyrirbæri. Ekki sjálfsfróun, þótt hún sé í raun einnig stórmerkileg, heldur þessi tvískinnungur þegar kemur að kynlífi kynjanna. Stelpur mega ekki sofa hjá of mörgum því það er druslulegt og enginn vill vera með druslu (sem er með víða píku af ofnotkun). Strákar eiga helst að hafa farið í milljón sleiki til að öðlast reynslu, þeir eiga að kunna og kenna. Stelpur taka við, strákar gefa. Strákar eru alltaf graðir, síhugsandi um kynlíf, og greyin stjórna varla eigin lim. Stelpur segja nei en meina já og strákar vilja að stelpur segi nei en meini já, svona eltingarleikur. Strákar eiga að vera með hann stóran því það tryggir fullnægingu. Stelpur sitja með krosslagða leggi, fussa og sveia yfir klámi og fá sér eina getnaðarvarnapillu.

Við eigum að heita jöfn en samt virðist gjá aðskilja okkur þegar kemur að kynlífi og það stafar af því að við erum að drukkna í mýtum. Allt hér fyrir ofan eru mýtur. Það er ekki til formúla fyrir kynhegðun. Samt lifa þessar mýtur og við maulum á þeim daginn út og inn. Deilum pistlum á fésbók um 15 hluti sem allir verða að prófa í kynlífi. Spyrjum hvert annað: „Hvað ertu búin að vera með mörgum?“ Við eigum að vita betur en samt höldum við áfram að reyna að troða kynlífi í formúlu sem endar alltaf með villumeldingu.

Mér finnst vanta ástina í þetta. Við reynum að vera svo köld og töff í því að tala um kynlíf að það vantar allt þetta mjúka, fallega, krúttlega. Það vantar strákinn sem fór bara í sleik við þann sem hann var skotinn í og stelpuna sem svaf hjá óteljandi einstaklingum því hún var gröð. Það vantar smá feimni og tilfinningar og samræður. Við kunnum ekki að tala um kynlíf. Kannski ekki frekar en við kunnum að tala um tilfinningar. Kynlíf er tilfinningar, þótt tilfinningin sé skammvinn. Kynlíf er spenna, hrifning, feimni, fiðrildi í maganum, hiti í klofinu, löngun, losti, hlátur og svo margt fleira. Ég legg til að við hífum kynlíf upp á hærra plan og kippum tilfinningum með. Með einlægni og orð að vopni gerum við kynlíf skemmtilegt og kveðum niður úreltar mýtur.



**JÖFN** Mýtur skemma fyrir í kynlífi. NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.



kynlif@frettabladid.is

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

# RÝMINGARSALAN HEFST Í DAG!

## Í INTERSPORT LINDUM

# 80% ALLT AÐ AFSLÁTTUR

## KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

VERSLUNIN LOKAR Í LINDUM

**INTERSPORT LINDUM** / SÍMI 585 7260 / lindir@intersport.is / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11- 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12–18.

# Uppnám vegna tónskáldsins Tsjaíkovskíjs

Kvikmynd í undirbúningi um líf tónskáldsins veldur titringi í Rússlandi og uppsetning The Metropolitan Opera á óperu eftir Tsjaíkovskíj er umdeild.

Söguleg mynd byggð á ævi tónskáldsins Pyotrs Ilyich Tsjaíkovskíj er í undirbúningi í Rússlandi. Myndin sýnir Tsjaíkovskíj sem gagnkynhneigðan mann í ástarsorg. Samkvæmt blaðamanni rússneska blaðsins Novaya Gazeta, gerði upprunalega handritið ráð fyrir samkynhneigð Tsjaíkovskíjs, sem meðal annars skrifaði heila sinfóníu um frænda sinn og ást sína á honum. Handritshöfundur myndarinnar segir nú ekkert til í því að tónskáldið mikla hafi verið samkynhneigt.

Samkynhneigðir í Rússlandi hafa orðið fyrir miklu mótlæti og ofbeldi síðan lög gegn samkynhneigð í Rússlandi voru samþykkt í maí. Lögin gera það að verkum að ólöglegt er að vera með „samkynhneigðan áróður“.

Pútín, forseti Rússlands, varði lögin þegar þau urðu tilefni gagnrýni og mótmæla um allan heim. Hann sagðist ekkert hafa á móti samkynhneigðum og lét meðal annars hafa eftir sér í viðtali að Tsjaíkovskíj hefði sennilega verið samkynhneigður. „Við elskum hann bara vegna tónlistarinnar, og hann var frábært tónskáld. Það er það eina sem skiptir máli,“ sagði forsetinn.

Hinn 23. september næstkomandi frumsýnir The Metropolitan Opera í New York óperuna Evgeny Onegin, eftir Tsjaíkovskíj. Óperuhúsið er þannig að setja upp sýningu eftir samkynhneigt, rússneskt skáld, með tvo Pútín-stuðningsmenn í aðalhlutverki; Önnu Netrebko, í hlutverki Tatiönu og Valery Gergiev, sem stjórnar óperunni.

Óperuhús af þessari stærðargráðu skipuleggja dagskrá sína mörg ár fram í tímann, en nú eru stjórnendur hússins í miklum vandræðum með hvort þeir eigi yfirhöfuð að sýna óperuna. Þegar hefur fjöldamörgum undirskriftum verið safnað gegn því að sýningin verði sett á svið og háværar óánægjuraddir hafa heyrst um uppsetninguna verksins í óperunni.

olof@frettabladid.is



**TSJAÍKOVSKÍJ ER EITT MERKASTA TÓNSKÁLD SEM UPPI HEFUR VERIÐ** Meðal þekktra verka eftir tónskáldið er tónlist við ballettana Hnotubrjótinn, Þyrnirós og Svanavatnið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tryllt tónlistarveisla í Vatnsmýrinni

Októberfest fer fram á grasflötinni við HÍ í kvöld.

„Það verður tryllt partí á grasflötinni fyrir neðan Háskóla Íslands alla helgina. Þetta er í raun eins og sveitaball nema það er bara stutt í miðbæinn,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, um hina árlegu bjórhátíð sem haldin verður í Vatnsmýrinni um helgina. Hátíðin nefnist Októberfest og er að þýskri fyrirmynd.

„Hátíðin hefst í kvöld með tónleikum í risastóru tjaldi sem við höfum sett upp,“ útskýrir María Rut, en Blaz Roca, Friðrik Dór, Jón Jónsson, Úlfur Úlfur, Mammút, Fm Belfast og 1860 eru á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram.

Annað kvöld verður þýsk stemning ráðandi og að sögn Maríu Rutar mætir fólk gjarnan í búningum það kvöld enda er þá haldin búningakeppni og er til mikils að vinna. „Strákarnir eru margir með yfirvaraskegg sem þeir hafa safnað sérstaklega fyrir hátíðina.“



**BJÓRNUM FAGNAÐ** María Rut, formaður Stúdentaráðs, líkir Októberfest við sveitaball. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bjórhátíðin hefur verið haldin hátíðleg frá árinu 2002 og hvert ár er nýtt met í bjórdrykkju sett. „Það seldust um tuttugu til þrjátíu þúsund bjórar á síðasta ári og stefnum við á að toppa það met um helgina. Hægt er að kaupa miða á Midi.is,“ segir María Rut að lokum. - glp

# Upprætir glæpahring

Ellen Page gæti leikið njósnarann Töru Chace.

Kanadíska leikkonan Ellen Page er líkleg til að fara með hlutverk í kvikmynd sem byggð er á teiknimyndasögu eftir Greg Rucka. Myndin ber titilinn Queen and Country og er framleidd af Fox.

Sagan segir frá njósnaranum Töru Chace sem reynir að uppræta alþjóðlegan glæpahring. John Rogers mun skrifa handrit myndarinnar en hann skrifaði handritið að Transformers og sjónvarpsþáttunum Leverage. Page fór síðast með hlutverk Shadowcat í X-Men: Days of Future Past sem sýnd verður á næsta ári.



**NJÓSNARI** Ellen Page gæti landað hlutverki njósnara í Queen and Country. NORDICPHOTOS/GETTY



# DEBENHAMS




## Dior kynning 12.-18. september

Sérfræðingur frá Dior veitir ráðgjöf varðandi krem, förðun og litaval.
Kynnum nýja Rouge varaliti, haustlitina, kremaugnskugga og kinnaliti.

Falleg gjöf fylgir kaupum á tveimur Dior vörum*

* Meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR





# Verðmiðar

**BAKÞANKAR**
Dóra
DNA



Það þarf að skera niður. Auðvitað, alls staðar. Það má ekki hækka álögur á ríka og útgerðina. Ég skil það, í alvöru. Ég er ekki sammála því en ég skil það. Útgerðin og ríkt fólk á þetta land. Sigmundur Davíð er bara Hrói höttur þegar það kemur að kröfuhörðum útlendingum, hinir innlendu kröfuhafar geta léttilega hirt af honum bæði Lloyd-skóinn og Nike-skóinn og látið hann ganga berfættan og stokkbólginn heim til sín.

**NÚ** eru þessir flokkar í stjórn sem þýðir að nú fá þeir að kúga okkur hin. Þannig virkar Ísland. Einn hópurinn níðist á hinum þar til efnahagskerfið hrynur eða viðskiptalífið ærist, svo skiptum við um búninga. Hvað er grunnþjónusta? Grunnþjónusta er hugtak sem segir okkur á napurlegan hátt að það sé mikilvægara að halda úti heilbrigðiskerfi en að halda úti úfnu skáldi.

**ÞETTA** er búllsjitt. Það er annað afl – önnur forsenda, köllum hana grunnforsenduna. Það er tungumálið, hið ástkæra ylhýra, leyniorðin sem greina okkur frá hinum. Það og það eitt gerir okkur að þjóð. Það er því bara ein spurning sem við eigum að spyrja okkur að: Höfum við efni á því að tala íslensku?

**LÍKLEGA** ekki. En við ætlum samt að kýla á það. Auðvitað. Klinkið sem við hendum í listamenn er grunnþjónusta tungumálsins, algjör lágmarksnæring. það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að lært fólk sé að vinna með og í þágu tungumálsins. Það er algjör frumskilyrði þess að við getum kallað okkur þjóð.

**GRÍMUR** Gíslason undirstrikaði mikilvægi þess þegar hann birti vísu um skáldið Sjón. Einhvern leirburð sem er menningarlegt ígildi þess að reka við í krukku og sleppa því. Allt fremur en að sökkva á svo lágt plan. Við þurfum á allri menningu og öllum listum sem við mögulega getum fundið að halda. Við þurfum hámenningu og lágmenningu. Torskilin ljóð og leirburð úr Eyjum. Hjaltalín, Sálina, Dj Muscleboy. Þjóðleikhús, Borgarleikhús, Sinfóníu og Kvikmyndasjóð. Ríkisstyrkt og markaðsdrifið. Við þurfum og verðum að borga með þessu tungumáli, til þess eins að það fari ekki til fjandans og við öll með.

# Hlýddu á upplestur

## Pálmi Gunnarsson fagnaði útgáfu nýrrar bókar sinnar á þriðjudag.

Pálmi Gunnarsson fagnaði útgáfu bókar sinnar, Gengið með fiskum, með upplestri í versluninni Eymundsson á þriðjudag. Pálmi hefur verið veiðimaður allt frá bernskuárum og í bókinni rifjar hann upp veiðisögu sína. Gestir og gangandi hlýddu á upplestur Pálma á þriðjudag og fengu bækur áritaðar.



**HÖFUNDURINN** Tónlistar- og veiðimaðurinn Pálmi Gunnarsson les upp úr bók sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GÓÐIR GESTIR** Nokkur erill var í bókaversluninni líkt og sjá má.



**ÞREMENNINGAR** Njörður P. Njarðvík, Sigurður Sigurjónsson leikari og Pálmi Gunnarsson stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**HLUSTAÐ AF ATHYGLI** Gestir hlustuðu á upplesturinn af athygli.











BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali
Grísabógur
695
KR. PR. KG.
Grísabógur af nýslátruðu
BÓNUS
HAMBORGAR HRYGGUR
Bónus hamb.hryggur
1298
KR. PR. KG.
Bónus hamborgarhryggur
Spareribs
TILBÚIÐ
fulleldað
aðeins að hita
Spareribs
998
KR. PR. KG.
Spareribs
Ali
BAYONNE
skinka
Ali Bayonneskinka
1198
KR. PR. KG.
Bayonne skinka
Ali Bacon
Ali Bacon
Ali Bacon
Ali Bacon
1795
KR. PR. KG.
3 þykktir
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
BÓNUS EKKERT BRUÐL

## Aron og félagar komnir á HM




**FÓTBOLTI** Bandaríkjamenn eru búnir að tryggja sér farseðilinn á HM í Brasilíu. Það gerðu þeir með því að leggja Mexíkó, 2-0, á heimavelli sínum.

Íslendingurinn Aron Jóhannsson var í leikmannahópi bandaríska liðsins en fékk ekki tækifæri til þess að spreyta sig að þessu sinni.

Hann fékk um 20 mínútur í fyrsta leik með liðinu, sem var æfingaleikur.

Í þeim tveimur alvöru leikjum sem hann hefur verið með liðinu fékk hann að koma fyrst inn á í uppbótartíma og svo ekkert gegn Mexíkó.

Nú tekur við barátta hjá Aroni um að tryggja sér sæti í bandaríska hópnum en það ætti að takast ef hann heldur áfram að spila vel fyrir AZ Alkmaar. Ef hann fer verður hann fyrsti Íslendingurinn til þess að spila á HM nema íslenska liðið fari einnig alla leið til Brasilíu. - hbg

## Viltu horfa á allar sportstöðvarnar frítt í heilt ár?

**ÍÞRÓTTIR** Íþróttadeild Fréttablaðsins og Vísis fer af stað með skemmtilegan leik á Facebook-síðu sinni í dag.

Það er mjög einfalt að taka þátt en aðeins þarf að setja „like“ á Facebook-síðu Íþróttadeildar til að vera með. Hana má finna á **facebook.com/VisirSport.**

Þegar 10 þúsund „like“ eru komin á síðuna verður dreginn út einn vinningshafi sem mun fá sportpakka 365 frítt í heilt ár.

Þá erum við að tala um Stöð 2 Sport, Sport 2 og aðrar hliðarrásir, ásamt Golf Channel og sjónvarpsstöðvum Man. Utd, Liverpool og Chelsea. Á þessum stöðvum má horfa á enska boltann, Meistaradeildina, Formúluna, spænska boltann, þýska handboltann og fleira.

Heildarverðmæti þessa vinnings er rúmlega 180 þúsund krónur.

Á Facebook-síðu Íþróttadeildar er hægt að fylgjast með öllum helstu tíðindunum úr íþróttaheiminum, sjá gamlar og skemmtilegar myndir úr íþróttalífinu og svo vinna miða á hina ýmsu íþróttaviðburði allan ársins hring.

Það er því um að gera að vera með og skrá sig í pottinn.




**VERA MEÐ** Vilt þú horfa á Robin van Persie frítt í heilt ár? NORDICPHOTOS/GETTY



**TVEIR GÓÐIR** Heimir Hallgrímsson (t.v.) og Gylfi Þór Sigurðsson voru sáttir á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Milljarður í húfi fyrir KSÍ

**FÓTBOLTI** Tækist íslenska karlalandsliðinu hið ótrúlega, að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistaramótsins, myndi rekstrarumhverfi Knattspyrnusambands Íslands breytast til muna. Enn er mikið verk að vinna en fjárhagslegur ávinningur yrði mikill.

Knattspyrnusambönd þjóðanna 32 sem komast í lokakeppni HM í Brasilíu árið 2014 fá háar fjárhæðir í styrki. Heildarupphæð styrkja verður í takt við þá sem veitt var árið 2010 í Suður-Afríku. Reikna má með því að skiptingin á milli þjóðanna verði með svipuðum hætti.

Liðin sem komust í lokakeppnina árið 2010 fengu eina milljón Bandaríkjadala í undirbúningsstyrk. Þau sem féllu út í riðlakeppninni fengu átta milljónir dala til viðbótar. Níu milljónir dala á gengi dagsins í dag svara til rúmlega eins milljarðs íslenskra króna. Enn hærri upphæðir eru veittar eftir því sem liðin komast lengra. Krýndir heimsmeistarar fá um 3,6 milljarða króna í sinn hlut.

Til samanburðar var rekstrarkostnaður KSÍ árið 2012 tæpar 800 milljónir króna. Innkoma var aðeins meiri eða um 848 milljónir og því skilaði KSÍ 48 milljóna króna hagnaði. Stærsti tekjuliðurinn er í flokknum styrkir og gjöld eða um fimm hundruð milljónir. Framlag þess flokks myndi þrefaldast tækist okkar mönnum hið ótrúlega. - ktd

# Kolbeinn fremstur meðal stjörnuframherja Evrópu

Kolbeinn Sigþórsson hefur skorað 11 mörk í 17 landsleikjum fyrir Ísland og er með betra markahlutfall en frægustu framherjar Evrópu. Fréttablaðið skoðaði í dag árangur Kolbeins í samanburði við þá bestu.

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson tryggði íslenska landsliðinu 2-1 sigur á Albaníu í fyrrakvöld og um leið komst íslenska liðið upp í annað sætið í riðli sínum í undankeppni HM í Brasilíu 2014. Íslenska landsliðið hefur getað treyst á framherja sinn þegar hann hefur verið heill en Kolbeinn hefur nú skorað 11 mörk í 17 landsleikjum eða 0,65 mörk að meðaltali í leik.

Kolbeinn kemur vel út í samanburði við frægustu framherja Evrópu þegar kemur að því að skora fyrir landsliðið sitt. Fréttablaðið athugaði tölfræði kappa eins og Davids Villa, Zlatans Ibrahimovc, Robins van Persie, Marios Balotelli og Cristianos Ronaldo en enginn þeirra er með betri tölfræði í landsliðsbúningnum. Þetta er ekki tæmandi listi og allir hafa þessir stjörnuframherjar líka skorað mun fleiri landsliðsmörk en Kolbeinn enda eldri og reyndari.

Það er reyndar einn framherji í Evrópu sem er með betri tölfræði í landsliðsbúningnum en Kolbeinn. Mexíkómaðurinn Javier Hernández hefur skorað 35 mörk í 53 landsleikjum eða 0,66 mörk í leik. Menn eins og Lionel Messi, Neymar eða Luis Suárez ná hins vegar ekki að slá íslenska landsliðsframherjanum við.

Það er bara Ríkharður Jónsson sem hefur verið fljótari í tíu mörkin en Kolbeinn. Kolbeinn var fjórtán leikjum á undan Eiði Smára Guðjohnsen, sem er markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins með 24 mörk. Ríkharður skoraði 17 landsliðsmörk og átti metið í 59 ár.

Kolbeinn hefur misst af mörgum landsleikjum vegna meiðsla og það hefur verið helsti óvissuþátturinn. Það hefur hins vegar alltaf verið hægt að treysta á að hann skoraði fyrir landsliðið þegar hann er leikfær.




**0,65 MÖRK Í LEIK**



**0,61 MARK Í LEIK**
**DAVID VILLA HEFUR SKORAÐ 56 MÖRK Í 92 LEIKJUM MEÐ SPÆNSKA LANDSLIÐINU.**



**0,57 MÖRK Í LEIK**
**KLAAS-JAN HUNTELAAR HEFUR SKORAÐ 34 MÖRK Í 60 LEIKJUM MEÐ HOLLENSKA LANDSLIÐINU.**



**0,55 MÖRK Í LEIK**
**EDIN DZEKO HEFUR SKORAÐ 31 MARK Í 56 LEIKJUM MEÐ BOSNÍSKA LANDSLIÐINU.**

Hér á síðunni má sjá tölfræði helstu stjörnuframherja Evrópu með landsliðum sínum.

ooj@frettabladid.is

**LANDSLEIKIR KOLBEINS OG MÖRKIN HANS FYRIR ÍSLAND:**

| | |
|---|---|
| 1 Ísland-Færeyjar 2-0 | Mark (37. mínúta) |
| 2. Mexíkó - Ísland 0-0 | |
| 3. Ísland - Andorra 4-0 | Mark (89. mín) |
| 4. Danmörk - Ísland 1-0 | |
| 5. Ísrael - Ísland 3-2 | Mark (85. mín) |
| 6. Ísland - Danmörk 0-2 | |
| 7. Noregur - Ísland 1-0 | |
| 8. Ísland - Kýpur 1-0 | Mark (5. mín) |
| 9. Frakkland - Ísland 3-2 | Mark (34. mín) |
| 10. Svíþjóð - Ísland 3-2 | Mark (26. mín) |
| 11. Ísland - Færeyjar 2-0 | Tvö mörk (30. og 90.) |
| 12. Rússland - Ísland 2-0 | |
| 13. Slóvenía - Ísland 1-2 | |
| 14. Ísland - Slóvenía 2-4 | |
| 15. Ísland - Færeyjar 1-0 | Mark (65. mín) |
| 16. Sviss - Ísland 4-4 | Mark (56. mín) |
| 17. Ísland - Albanía 2-1 | Mark (47. mín) |

**SAMTALS:**
11 mörk í 17 landsleikjum
1250 spilaðar mínútur
113,6 mínútur milli marka



**0,52 MÖRK Í LEIK**
Miroslav Klose er með 68 mörk í 130 leikjum með Þýskalandi.



**0,49 MÖRK Í LEIK**
Zlatan Ibrahimović er með 45 mörk í 92 leikjum með Svíþjóð.



**0,49 MÖRK Í LEIK**
Robin van Persie er með 38 mörk í 78 leikjum með Hollandi.



**0,47 MÖRK Í LEIK**
Robbie Keane er með 60 mörk í 128 leikjum með Írlandi.



**0,43 MÖRK Í LEIK**
Wayne Rooney er með 36 mörk í 84 leikjum með Englandi.



**0,42 MÖRK Í LEIK**
Mario Balotelli er með 11 mörk í 26 leikjum með Ítalíu.



**0,41 MÖRK Í LEIK**
Cristiano Ronaldo er með 43 mörk í 106 leikjum með Portúgal.



**0,32 MÖRK Í LEIK**
Robert Lewandowski er með 18 mörk í 56 leikjum með Póllandi.

**Höfum hafið störf hjá**
sjúkraþjálfunarstöðinni Atlas endurhæfing í Laugardalnum
ATLAS ENDURHÆFING



**Þórunn Rakel Gylfadóttir**
sjúkraþjálfari



**Inga Dagmar Karlsdóttir**
sjúkraþjálfari

**Tímapantanir í síma 552-6600**
Engjavegur 6, 104 Rvk


Hártækjadagar
ÖLL HÁRSNYRTITÆKI
Á 20-50% AFSLÆTTI
Hártæki frá Babyliss, Remington,
Philips og fleirum
SLÉTTUJÁRN | BYLGJUJÁRN
HÁRKLIPPUR | KRULLUJÁRN
NEFHÁRASNYRTAR | BLÁSARAR
HITABURSTAR | RAKVÉLAR | KEILUJÁRN
HITARÚLLUR | HÁRSNYRTAR
| OG MARGT FLEIRA
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni



**TÍU MARKA MENNIRNIR Í PEPSI-DEILDINNI** Hólmbert Aron Friðjónsson og Viðar Örn Kjartansson á táknrænni mynd með tíu bolta hvor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Strákarnir urðu að mönnum í sumar

Hólmbert Aron Friðjónsson og Viðar Örn Kjartansson hafa skotist upp á stjörnuhimininn með frammistöðu sinni í Pepsi-deildinni í sumar og halda uppi heiðri framherja deildarinnar í baráttunni um gullskóinn.

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildin eignaðist sína fyrstu tíu marka menn í sumar á dögunum þegar Framarinn Hólmbert Aron Friðjónsson og Fylkismaðurinn Viðar Örn Kjartansson brutu báðir tíu marka múrinn.

Um tíma leit út fyrir að það yrðu miðjumennirnir Björn Daníel Sverrisson og Baldur Sigurðsson sem ætluðu að vera á undan í tíu mörkin en ungu framherjarnir vörðu heiður framherja deildarinnar í leikjum sínum á sunnudaginn.

### Ekki lengur bara efnilegir

Báðir hafa þeir Hólmbert og Viðar sprungið út í sumar. Hólmbert var ekki að fóta sig nógu vel úti á kanti undir stjórn Þorvaldar Örlygssonar og Viðar hafði fallið tvisvar sinnum úr deildinni með Selfossi á undanförnum þremur árum.

Í sumar hafa þessir ungu strákar hins vegar sýnt það og sannað að þeir eru ekki lengur bara efnilegir heldur orðnir tveir af bestu sóknarmönnum deildarinnar.

Viðar Örn Kjartansson er 23 ára gamall Selfyssingur. Hann steig sín fyrstu sport í efstu deild með ÍBV árið 2009 en spilaði einnig með Selfossi þegar þeir komu upp árið eftir sem og í fyrra. Selfoss féll bæði árin en Viðar vakti athygli á sér í fyrrasumar þegar hann skoraði fjögur mörk í síðustu átta leikjum tímabilsins. Í sumar hefur hann hins vegar skorað jafnt og þétt í deild sem bikar og er alls með 15 mörk í 21 leik í báðum keppnum.

### Mikilvægt að skora jafnt

„Þetta er búið að vera frekar jafnt hjá mér sem er mjög gott. Það er það sem maður stefndi á því það er mikilvægara fyrir lið að hafa framherja sem er að skora jafnt í staðinn fyrir að skora í fimmta hverjum leik og þá kannski þrennu,“ segir Viðar.

Viðar hefur skorað sex af tíu mörkum sínum eftir langar sendingar eða stungur inn fyrir vörnina. „Maður fær fullt af þannig tækifærum og þeir læra alveg inn á mig. Það er ákveðið upplegg að ég sé mikið að stinga mér og það gengur flott. Færanýtingin er búin að vera fín þannig að þetta er frábært,“ segir Viðar.

En stefnir Viðar ekki á gullskóinn? „Það er eitthvað sem maður hefur á bak við eyrað. Þetta er komið það langa leið að það væri gaman að klára það,“ segir Viðar. Hann segir það stórt skref fyrir sig að komast í tuginn.

„Ég tel það mjög gott að ná tíu mörkum í efstu deild því að deildin er sterk og það er ekki létt að skora í þessari deild. Liðin er mjög skipulögð núna og það er ekkert létt að brjóta varnirnar á bak aftur,“ segir Viðar. En hvað með lokasprettinn?

„Ég ætlaði bara að gera betur en í fyrra, þegar ég skoraði sjö mörk í deildinni. Það hefur gengið eftir og þá er bara að setja sér ný markmið. Eins og staðan er núna er skemmtilegast að segja að ég ætli að stefna á gullskóinn,“ segir Viðar Örn.

„Fyrir fram hefði maður verið mjög sáttur með tíu mörk en ég verð í það minnsta ekki sáttur eftir tímabilið ef ég enda með tíu í deildinni,“ segir Viðar.

### Fékk að spila sína bestu stöðu

Hólmbert Aron Friðjónsson er 20 ára gamall og uppalinn HK-ingur. Hann kom til Fram á miðju sumri 2011, þá aðeins 18 ára gamall, en hann var þá búin að spila eitt og hálft tímabil með HK í 1. deildinni.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt sumar,“ sagði Hólmbert Aron. Hvað hefur breyst frá því síðustu sumur þegar hann náði aðeins að skora eitt mark í 22 leikjum?

„Ég var alltaf úti á kantinum og það er ekki mín besta staða. Ég skoraði öll þessi mörk eftir að ég var færður upp á topp. Rikki er búinn að drekkja mér í upplýsingum. Ég er að mínu mati búinn að þroskast mikið síðan að ég byrjaði að spila uppi á toppi,“ segir Hólmbert.

„Ég hugsa ekki mikið um markakóngstitilinn og hef ekki gert það. Það er markmiðið að skora mörk og ég er uppi á toppi til þess. Ef ég held áfram að skora skilar það vonandi einhverju en ég er samt ekki að hugsa um gullskóinn,“ segir Hólmbert.

Þeir félagar hrósa hvor öðrum. „Hólmbert er mjög flottur og er búinn að eiga flott tímabili. Það er gaman að það séu nokkrir að keppa um þetta og að það sé ekki einn sem stingur af,“ segir Viðar um baráttuna um gullskóinn.

„Viðar er búinn að vera frábær með Fylki í sumar. Maður afskrifar líka engan á listanum yfir markahæstu mennina. Þetta er mjög þétt og það getur ýmislegt gerst. Ég hugsa bara um að klára tímabilið eins vel og ég get og ef það gerist eitthvað þá gerist það bara. Ég viðurkenni það alveg að það væri gaman að verða markakóngur deildarinnar,“ sagði Hólmbert.

ooj@frettabladid.is

## → Hólmbert Aron Friðjónsson 10 mörk

## → Viðar Örn Kjartansson 10 mörk



# LAGERHREINSUN

## FÓTBOLTAVÖRUR

ERREA
STANNO
PROSTAR
LEGGHLÍFAR
FÓTBOLTASKÓR
ARSENAL
MITRE
NIKE
GERVIGRASSKÓR
BOLIR
FÓTBOLTASOKKAR
ÆFINGAGALLAR
ADIDAS
CHELSEA
LIVERPOOL
TAKKASKÓR
STUTTBUXUR
FÓTBOLTAR

**Jói útherji**

www.joiutherji.is

## BÆJARLIND 1 - 3, KÓPAVOGI

**VIÐ HLIÐINA Á ÍSBÚÐ VESTURBÆJAR**

**Opið:** **Aðeins þessa 4 daga**

Fimmtudagur 12. sept. **12 - 19**
Föstudagur 13. sept. **12 - 18**
Laugardagur 14. sept. **12 - 16**
Sunnudagur 15. sept. **12 - 16**

# ÓTRÚLEGA LÁG VERÐ

**EKKI MISSA AF ÞESSARI LAGERSÖLU...**

## PEPSI KVENNA 2013

**AFTURELDING - STJARNAN 1-7**
Danielle Sheehy - Harpa Þorsteinsdóttir 3, Hrefna Guðrún Pétursdóttir, Danka Podovac 2, Rúna Sif Stefánsdóttir.

**BREIÐABLIK - ÞÓR/KA 1-5**
Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir - Sandra María Jessen 2, Katrín Ásbjörnsdóttir 2, Mateja Zver.

**SELFOSS - HK/VÍKINGUR 0-0**
**ÞRÓTTUR R. - VALUR 1-5**
**ÍBV - FH 1-0**
1-0 Bryndís Jóhannesdóttir (90.+1).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 17 | 17 | 0 | 0 | 63-6 | 51 |
| ÍBV | 17 | 12 | 1 | 4 | 42-22 | 37 |
| Valur | 17 | 11 | 3 | 3 | 49-20 | 36 |
| Breiðablik | 17 | 9 | 2 | 6 | 38-26 | 29 |
| Þór/KA | 17 | 7 | 6 | 4 | 35-23 | 27 |
| Selfoss | 17 | 6 | 3 | 8 | 19-29 | 21 |
| FH | 17 | 3 | 5 | 9 | 30-42 | 14 |
| Afturelding | 17 | 4 | 2 | 11 | 16-43 | 14 |
| HK/Víkingur | 17 | 3 | 2 | 12 | 18-51 | 11 |
| Þróttur | 17 | 1 | 0 | 16 | 11-59 | 3 |



**Á SKOTSKÓNUM** Sandra María Jessen fagnar einu af tveimur mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Elti kærastann sinn

Ármann ætlar að senda lið í bikarkeppni FRÍ næsta sumar. Haraldur Einarsson er meðal nýrra liðsmanna meistaraflokks og Þórey Edda Elísdóttir mun þjálfa.

**FRJÁLSAR** Þórey Edda Elísdóttir hefur tekið fram þjálfaraskóna eftir nokkuð hlé. Íslandsmethafinn í stangarstökki hefur gengið til liðs við Ármenninga. Þar mun hún þjálfa við hlið kærasta síns, Guðmundar Hólmars Jónssonar, sem er í aðalhlutverki í þjálfun hjá Reykjavíkurliðinu.

„Það má segja það. Hann sér um meistaraflokkinn og hóp unglinga en ég mun sjá um stangarstökksþjálfunina,“ segir Þórey Edda. Hún segir meistaraflokk félagsins vera að eflast en að Ármann sendi ekki lið til keppni í bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins í sumar. Liðið sendi síðast lið ásamt Fjölni sumarið 2011.

„Meistaraflokkurinn er að verða ansi öflugur,“ segir Þórey. Hún nefnir til sögunnar einn af nýjum liðsmönnum Ármanns, þingmanninn fótfráa Harald Einarsson sem keppt hefur fyrir HSK undanfarin ár, en fleiri hafa gengið í raðir Ármanns. Má þar nefna Sigurð Pál Sveinbjörnsson, Reyni Björgvinsson, Bjarna Má Ólafsson og Hrein Heiðar Jóhannsson.

Þórey Edda segir nokkra iðkenda í kringum tvítugt vera áhugasama um stöngina. Það sé aldrei of seint að byrja eins og þær Vala Flosadóttir hafi sýnt.

„Vala var held ég sextán ára þegar hún byrjaði og ég var nítján ára,“ segir Þórey Edda, sem keppti þrisvar fyrir hönd Íslands á Ólympíuleikunum.

Á engan er hallað þegar fullyrt er að ÍR sé með sterkustu frjálsíþróttadeild landsins. Liðið vann bikarinn í karla- og kvennaflokki í sumar líkt og í fyrra, auk þess sem iðkendur hafa aldrei verið fleiri. Þráinn Hafsteinsson, yfirþjálfari ÍR, hefur sett spurningarmerki við hvers vegna niðursveifla virðist vera svo víða á meðan vel gangi í Breiðholtinu.

„Það tekur auðvitað fleiri ár en eitt en kannski getum við strítt ÍR eftir nokkur ár,“ segir Þórey Edda spurð hvort hægt sé að keppa við ÍR-inga. Hún segir FH það lið sem líklegast sé til að veita þeim keppni í bikarnum. Eins og staðan er í dag sé einfaldlega stórt skref fyrir Ármann að senda lið til keppni á ný og byggja upp sitt starf. kolbeinntumi@frettabladid.is



**ÞJÁLFARINN** Þórey Edda hefur starfað hjá Frjálsíþróttasambandinu undanfarin ár. Nú ætlar hún að efla stangastökksþjálfunina hjá Ármenningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**4,51** Íslandsmet Þóreyjar Eddu frá því Fayetteville vorið 2003 stendur enn.



**ERFIÐIR TÍMAR** De la Hoya er í vandræðum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Farinn í meðferð

**BOX** Oscar de la Hoya mun ekki vera viðstaddur bardaga Floyds Mayweather Jr. og Canelos Alavarez um helgina. Gulldrengurinn er farinn í meðferð.

Bardaginn er á vegum fyrirtækis De la Hoya, Golden Boy Promotions.

De la Hoya hefur áður viðurkennt að hafa átt í vandræðum bæði með áfengi og kókaín.

Hann tók ekki sérstaklega fram af hverju hann væri farinn í meðferð að þessu sinni.

„Ég óska honum alls hins besta. Vonandi kemst hann í gegnum þetta eins og meistari,“ sagði Mayweather um heimsmeistarann fyrrverandi. De la Hoya var lengi vel einn besti og vinsælasti hnefaleikamaður heims.

Bardaginn stóri verður í beinni á Stöð 2 Sport um helgina. - hbg



# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl 20.05
### Masterchef USA



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.

## Í KVÖLD



### Ástríður
**STÖÐ 2 KL. 19.20** Ætlar Davíð í alvöru að láta verða af því að flytja til Danmerkur? Skilur hann ástina eftir eða munu þau á endanum ná saman?

IMDb 8,0



### The Office
**SKJÁR EINN KL. 20.45** Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennarinn. Undir áhrifum gefur Robert þá skipun að loka skuli einu útibúi Dunder Mifflin.

TV.COM 9,0 IMDb 8,7



### Hulli
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.35** Hulli er teiknuð útgáfa höfundar þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið. Dónalegar myndasögur hans, sem hafa notið velgengni, eru hættar að seljast. Skrautlegur vinahópur hjálpar Hulla í hamingjuleitinni en ekkert virðist ganga upp hjá honum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

## FM 957 kl. 16
### FM95BLÖ



FM95BLÖ er í umsjón Auðuns Blöndal alla virka daga kl. 16-18 á FM957. Með Auðda í þættinum eru nokkrir góðir vinir hans. Björn Bragi er á mánudögum, Sveppi á þriðjudögum og Hjöbbi Ká á fimmtudögum. Það vill enginn missa af þessum þætti, það er bara þannig.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In the Middle** *(22:22)*
**08.30 Ellen** *(42:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(53:175)*
**10.15 Touch** *(1:12)*
**11.05 Human Target** *(13:13)*
**11.50 Hell's Kitchen** *(2:15)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The New Normal** *(2:22)*
**13.25 African Cats**
**14.50 The Glee Project** *(7:11)*
**16.00 Tasmanía**
**16.25 Ellen** *(43:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Ástríður** *(12:12)* Ætlar Davíð í alvöru að láta verða af því að flytja til Danmerkur? Skilur hann ástina eftir eða munu þau á endanum ná saman?
**19.40 The Big Bang Theory** *(17:24)*
**20.05 Masterchef USA** *(10:20)*
**20.50 NCIS: Los Angeles** *(5:24)* Þriðja þáttaröð um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**21.35 Person of Interest**
**22.20 Breaking Bad** *(5:8)*
**23.05 Rizzoli & Isles** *(14:15)*
**23.50 Broadchurch** *(5:8)*
**00.40 Crossing Lines** *(9:10)*
**01.25 Crossing Lines** *(10:10)*
**02.15 Teeth**
**03.45 Mad Money**
**05.25 The Big Bang Theory** *(17:24)*
**05.50 Fréttir**

## SPORT
*besta sætið*

**16.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**
**17.20 Breiðablik - Þór/KA**
**19.00 HM íslenska hestsins** Seinni þáttur af tveimur um Heimsmeistaramót íslenska hestsins sem fram fór í Berlín í ágúst sl. Telma Tómasson gerir upp mótið ásamt sérfræðingum.
**19.45 Stjarnan - Þór** Bein útsending frá leik í Stjörnunnar og Þórs í Pepsi-deild karla.
**22.00 Pepsi-mörkin**
**23.15 Stjarnan - Þór**
**01.05 Pepsi-mörkin**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**18.15 Crystal Palace - Tottenham**
**19.55 Premier League World**
**20.25 PL Classic Matches: Newcastle - Tottenham**
**20.55 Ensku mörkin**
**21.50 Football League Show 2013**
**22.20 Man. City - Newcastle**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**17.20 The Lying Game**
**18.05 Suburgatory**
**18.30 Game tíví**
**19.00 The Choice** *(1:6)* Skemmtiþáttur þar sem frægir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina. Kynnir þáttarins er Cat Deeley.
**19.45 Bunheads** *(1:18)* Bandarísk þáttaröð um dansara í Las Vegas sem giftist aðdáanda sínum og flyst með honum til strandbæjarins Paradís í Kaliforníu.
**20.30 The X-Factor US** *(1:26)* Þriðja þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla formatþætti. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á dómnefndinni frá því í fyrra. Þau L.A. Reid og Britney Spears verða ekki með í ár en dómnefndin verður þó áfram undir öruggri stjórn guðföðurins í þessum geira, Simons Cowell.
**21.15 Shameless**
**22.15 Banshee**
**23.15 Mildred Pierce**
**00.35 Arrow**
**01.15 The Choice**
**02.05 Bunheads**
**02.50 The X-Factor US**
**03.35 Shameless**
**04.30 Banshee**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Áfram Diego, áfram! **07.48** Elías **08.00** Svampur Sveinsson **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Skoppa og Skrítla **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Áfram Diego, áfram! **11.48** Elías **12.00** Svampur Sveinsson **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Skoppa og Skrítla **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Áfram Diego, áfram! **15.48** Elías **16.00** Svampur Sveinsson **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Skoppa og Skrítla **19.00** Hetjur Valhallar

## GULL

**17.55** Strákarnir **18.25** Friends **18.45** Seinfeld **19.10** The Big Bang Theory **19.35** Modern Family **20.00** Fóstbræður **20.25** Mið-Ísland **20.55** Steindinn okkar **21.20** The Drew Carey Show **21.45** Curb Your Enthusiasm **22.20** Fóstbræður **22.50** Mið-Ísland **23.20** The Drew Carey Show **23.45** Steindinn okkar **00.10** Curb Your Enthusiasm **00.45** Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

## BÍÓ

**10.50 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**12.30 The Three Musketeers**
**14.20 The Five-Year Engagement**
**16.25 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**18.05 The Three Musketeers**
**19.55 The Five-Year Engagement**
**22.00 Wanderlust**
**23.35 Blue Valentine**
**01.25 Any Given Sunday**
**03.50 Wanderlust**

## RÚV

**15.45 Kiljan**
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Franklín og vinir hans** *(15:52)*
**17.43 Hrúturinn Hreinn** *(11:20)*
**17.50 Dýraspítalinn** *(6:9)*
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** *(2:16) (Melissa & Joey)* Bandarísk gamanþáttaröð.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.55 Gunnar á völlum** Í þáttunum fara þeir Gunnar Sigurðarson og Fannar Sveinsson um víðan völl.
**21.05 Fagur fiskur** *(2:8)* Matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson og Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og stílisti, sýna það og sanna að það er leikur einn að elda gómsætt sjávarfang.
**21.35 Hulli** *(3:8)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(24:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.05 Hálfbróðirinn** *(2:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana. Sagan gerist í Ósló og segir frá konum þriggja kynslóða.
**23.50 Kynlífsráðuneytið** *(7:15) (Sex ministeriet)* Dönsk þáttaröð.
**00.20 Kastljós**
**01.40 Fréttir**
**01.50 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Everybody Loves Raymond**
**08.00 Cheers** *(2.26)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Once Upon A Time** *(17.22)* Frá framleiðendum Lost koma þessir vönduðu og skemmtilegu þættir sem gerast bæði í ævintýralandi og nútímanum.
**16.40 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(5.20)* Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur.
**17.10 America's Next Top Model** *(1.13)* Bandarísk raunveruleikaþáttaröð.
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 America's Funniest Home Videos**
**19.05 Everybody Loves Raymond**
**19.25 Cheers**
**19.55 Solsidan** *(5:10)* Endursýningar á þessum frábæru sænsku gamanþáttum.
**20.20 Men at Work** *(9:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir.
**20.45 The Office** *(23:24)*
**21.10 Happy Endings**
**21.35 Parks & Recreation**
**22.00 Flashpoint**
**22.50 Dexter**
**23.40 Law & Order: UK**
**00.30 Excused**
**00.55 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny**
**01.20 Flashpoint**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **11.40** Solheim Cup 2013 **17.40** PGA Tour - Highlights **18.35** Inside the PGA Tour **19.00** BMW Championship 2013 **22.00** BMW Championship 2013 **01.00** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# Helgi syngur Hauk

ásamt

## THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA

frá Berlin



★★★

**Eldborg í Hörpu 11.október**




## *Miðasalan er hafin!*

**Sérstakir gestir:**

*Sigríður Thorlacius*

*Björgvin Halldórsson*

*Bogomil font*

**Þú getur nálgast þinn miða á:**

**harpa.is og midi.is**

★★★

BÍÓMYNDIN



**„Það er 2 Guns og hún var mjög spennandi. Ég missti af frumsýningunni því ég var í London en ég fæ alltaf boðsmiða frá Baltasar því hann leigði einu sinni litla íbúð sem ég átti.“**

Margrét Pálmadóttir, kórstjóri Vox feminae.

# Jóhannes Haukur og Rúnar Freyr í bakaríið

Leikararnir geðþekku stýra nýjum morgunþætti er hefur göngu sína á Bylgjunni á laugardag.

Leikararnir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Rúnar Freyr Gíslason stýra útvarpsþættinum Bakaríið sem hefur göngu sína á Bylgjunni á laugardag. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir félagar reyna fyrir sér í útvarpi.

Í þættinum munu þeir fjalla um stjórnmál og málefni líðandi stundar af jákvæðni og einlægni. „Simmi og Jói voru með þetta „slott“ í mörg ár, en nú vinna þeir við að steikja hamborgara og því þurfti einhver að leysa þá af. Ef ég ætti að líkja þættinum við eitthvað þá væri það latte; uppistaðan er sterkur espressó en svo er drykkurinn einnig froðukenndur,“ útskýrir Jóhannes Haukur.

Spurður út í nafn þáttarins segir hann góða vinkonu sína úr Hafnarfirði hafa átt uppástunguna. „Okkur þótti nafnið jákvætt og skemmtilegt. Og svo fer maður gjarnan í bakaríið um helgar.“

Leikurunum er vel til vina og kynntust þeir fyrst þegar Rúnar Freyr leikstýrði Jóhannesi í söngleiknum Hárinu. „Við lékum svo par í verkinu Patrekur 1,5 og þar kysstumst við alls 53 sinnum. Þegar menn hafa verið svo innilegir þá verða þeir góðir vinir.“

Bakaríið verður á dagskrá á hverjum laugardegi á milli klukkan 9 og 12 og þó það verði til þess að Jóhannes missi af morgunsjónvarpinu með börnum sínum segir hann starfið nokkuð barnvænt. „Ég missi af Dóru og Klossa, en í raun er starfið mjög barnvænt því ég get verið með börnin á starfsdögum og sótt þau í leikskólann,“ segir hann að lokum. - sm



**Í BAKARÍIÐ** Jóhannes Haukur Jóhannesson og Rúnar Freyr Gíslason stýra nýjum útvarpsþætti á Bylgjunni er nefnist Bakaríið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stafrænn í Finnlandi

Hljómsveitin Stafrænn Hákon kemur fram á þrennum tónleikum í Finnlandi í september.

Hljómsveitin Stafrænn Hákon er stödd í Finnlandi þar sem hún spilar á þrennum tónleikum.

Fyrst verður spilað í bænum Hämeenlinna og þaðan haldið til Helsinki. Ferðin endar á lítilli tónlistarhátíð í Pori, sem nefnist Kiarama Festival og var upphaflega meginástæða ferðarinnar.

Stafrænn gaf út plötuna Prammi snemma á þessu ári og er nú að vinna að næstu afurð sinni sem ætti að líta dagsins ljós á næsta ári. Fram undan er stíf dagskrá á Airwaves-hátíðinni, þar sem Stafrænn flytur gamalt efni í bland við nýtt.



**TIL FINNLANDS** Ólafur Jósephsson og félagar spila á þrennum tónleikum í Finnlandi.



**DÓMNEFNDIN OG STJÓRNANDINN** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir reiknar með að Ísland Got Talent verði skemmtilegur þáttur.


STÓRBÆTTU LÍF ÞITT
með breyttu mataræði!




Sannkölluð fróðleiksnáma fyrir alla þá sem vilja bæta líf sitt með aukinni vitund um mataræði og sjúkdóma og taka upp hollari lífshætti.

DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD


# Hæfileikafólks leitað um allt land í haust

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir Íslendinga fulla af hæfileikum og hlakkar til að dæma í keppninni Ísland Got Talent sem byrjar á Stöð 2 í desember.

Hæfileikakeppnin Ísland Got Talent hefur göngu sína á Stöð 2 í desember. Þessi vinsæla keppni er hugarfóstur Simons Cowell og hefur náð útbreiðslu víða um heim. Nú kemur hún til Íslands í fyrsta sinn.

Það er sprelligosinn Auðunn Blöndal sem stýrir þáttunum en dómarasætin fjögur verða skipuð ólíku fólki úr öllum áttum. Tónlistarmennirnir Jón Jónsson og Þórunn Antonía Magnúsdóttir eru fulltrúar yngri kynslóðarinnar í dómnefndinni en söngvaskáldið Bubbi Morthens og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, þeirrar eldri.

„Ég held að þetta verði skemmtilegt,“ segir Þorgerður, sem starfar nú sem forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins. „Þetta er góður hópur og þótt fyrirmyndin sé erlend held ég að íslenskt ívaf verði mjög einkennandi.“

Þorgerður segir Íslendinga mjög hæfileikaríka og er sannfærð um að þættirnir muni sýna breiddina og dýptina í íslensku samfélagi. „Þótt misjafnar skoðanir séu á svona þáttum er það svo gaman að sjá hvernig fólk stígur fram og leyfir öðrum að njóta þess sem það hefur upp á að bjóða.“

Á næstunni munu fulltrúar þáttarins fara hringinn í kringum landið í leit að hæfileikafólki og munu þeir byrja á Selfossi 30. september. Eins og í erlendu þáttunum verða atriðin af ýmsum toga. Söngur, dans, uppistand, áhættuatriði og „hvað sem virkar“, eins og segir auglýsingu fyrir þáttinn. Þá er til mikils að vinna, en 10 milljónir verða veittar fyrir siguratriðið, og mega bæði einstaklingar og hópar taka þátt. Þátttakendur yngri en 18 ára munu þó þurfa að framvísa undirskrift forráðamanns.

Freyr Einarsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segir að reynt hafi verið að hafa dómarahópinn sem fjölbreyttastan. „Bubbi er auðvitað klassískur og svo er það sérstaklega mikill heiður að fá Þorgerði Katrínu með okkur í þetta,“ segir Freyr. haukur@frettabladid.is

# Smíðar Flying V fyrir Rokkjötna

Gunnar Örn Sigurðsson er að smíða gítar sem verður seldur á uppboði.

„Það er heiður að fá að taka þátt í þessu og gaman að láta gott af sér leiða,“ segir Gunnar Örn Sigurðsson.

Hann er að smíða svokallaðan Flying V-gítar sem verður boðinn upp á tónlistarhátíðinni Rokkjötnar í Kaplakrika 5. október. Allur ágóði rennur til Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna.

Aðspurður segir Gunnar Örn að gítarinn taki mið af þeim sem Addi í Sólstöfum notar á tónleikum. „Ég ætla að reyna að hafa þetta í svipuðum dúr. Hendrix spilaði á svona held ég á einhverjum tímapunkti. Fleiri voru með þetta á sínum tíma eins og Albert King blúsari.“

Gunnar Örn þarf að ljúka við gítarinn um næstu mánaðamót.

➜ Skálmöld gaf Rokkjötnum Fender-gítar í fyrra og rann ágóðinn, um hálf milljón króna, til samtakanna Blátt áfram.

„Ég er um það bil hálfnaður og þarf aldeilis að halda rétt á spöðunum til að geta klárað hann í tæka tíð,“ segir hann og viðurkennir að gítarinn sé ekki auðveldur í smíðum. „Þetta er gítar sem er gerður úr mahóní. Hálsinn er límdur í vasa, ólíkt Fender-gíturum, og hann þarf að halla út frá endanum á búknum um tvær gráður, þannig að þetta krefst nákvæmni.“ - fb



**SMÍÐAR GÍTAR** Gunnar Örn Sigurðsson er að smíða svokallaðan Flying V-gítar sem verður boðinn upp á Rokkjötnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

# HELGAR SPRENGJA



HELGAR-SPRENGJA
AÐEINS
Í FJÓRA DAGA
12.–15. SEPT



**COSMO** Tungusófi.
Stærð 224 x 146 H: 86 cm.
Svart Bonded leður á slitflötum.

**COSMO**
Tungusófi
**25% afsl.**
**149.990**
FULLTVERÐ: 199.990



**JENNY** borðstofustóll.
Ljóst slitsterkt áklæði.
Svart lakkaðar viðarlappir.

**JENNY**
Borðstofustóll
**30% afsl.**
**9.790**
FULLTVERÐ: 13.990

**ILANA**
Borðstofustóll
**30% afsl.**
**10.990**
FULLTVERÐ: 15.990



**ILANA** borðstofustóll.
Tveir litir. Svart PU-leður með svart lökkuðum viðarfótum.
Kremlitað PU-leður með svart lökkuðum eða ljósum viðarfótum.

**SYLAN**
Eldhúsborð
**30% afsl.**
**27.990**
FULLTVERÐ: 39.990

**BABYLON**
Náttborð hvítt
**50% afsl.**
**19.990**
FULLTVERÐ: 39.990



**SYLAN** eldhúsborð.
Svart hert gler í borðplötu.
Stærð: 160 x 90 x H: 75 cm.



**BABYLON** Náttborð.
B52 D 40 H 57 cm

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Upptekinn kraftakarl

**Hafþór Júlíus Björnsson**, sterkasti maður Íslands og þriðji sterkasti maður heims, er nú staddur í rússnesku borginni Vladivostok þar sem hann tekur þátt í aflraunamótinu Strongman Championship. Hafþór hefur einnig verið upptekinn við tökur á nýrri þáttaröð Game of Thrones í Króatíu en tökum þar lauk á sunnudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þarf hann að fara aftur út í október og leika í fleiri atriðum.
- hg



### Eva Sólan giftist

**Eva Sólan** héraðsdómslögmaður, sem starfaði lengi vel sem sjónvarpsþula hjá RÚV, gekk að eiga unnusta sinn og barnsföður, Jón Stefán Jónsson tölvunarfræðing, þann 09.09. síðastliðinn. Athöfnin var látlaus og falleg í viðurvist nánustu ættingja. Eva og Jón eignuðust tvíburastúlkurnar Bríeti Helgu og Yrsu Röfn 5. mars síðastliðinn með tveggja mínútna millibili, klukkan 09.07 og 09.09.
- eá



### Mest lesið Vísir

1 Senuþjófurinn Adolf Ingi
2 Gylfi Ægisson kærir vegna gleðigöngu
3 „Þessir menn hefðu klárlega ekki átt að fá fjölmiðlamiða“
4 Lögreglumennirnir svitnuðu í lófunum og titruðu í hnjánum
5 Margrét Gnarr keppir á heimsmeistarmótinu næstu helgi





